

## **Tilhögun námskeiðs**

### **1. Þjóðhagsreikningar**

Athafnasvið þjóðhagsreikninga

Markmið þjóðhagsreikninga

Mismunandi uppgjörsaðferðir

Dæmi

Vandamál og atriði sem ekki er tekið tillit til

Verðvísitölur

Viðskiptakjör

### **2. Einkaneysla og Fjárfesting**

#### **a) Neysla**

Markmið neyslu: kenningar um neyslu

Mat á einkaneyslu

Þróun neyslu á Íslandi

#### **b) Fjárfesting**

Markmið fjárfestingar: Kenningar um fjárfestingu

Mat á fjárfestingu

Þróun fjárfestingar á Íslandi

### **3. Hið opinbera**

Markmið hins opinbera: kenningar um hið opinbera

Fjármögnun hins opinbera

Tekjur og gjöld hins opinbera

Þáttaka hins opinbera í almennum atvinnurekstri

Áhrif hins opinbera á aðra þætti hagkerfisins

Afkoma hins opinbera

### **4. Utanríkisviðskipti**

Markmið utanríkisviðskipta: kenningar um utanríkisviðskipti

Hvernig eru utanríkisviðskipti mæld

Þróun utanríkisviðskipta hér á landi

Alþjóðleg þróun: EB, EES, GATT, EMS, osfrv

**5. Þróun atvinnuveganna**

Þróun:

Landbúnaðar

Sjávarútvegs

Iðnaðar

Orkufreks iðnaðar

Auðlindir

Efnahagslegt samspil atvinnuvega

Starfsskilyrði

**6. Vinnumarkaður**

Framboð og eftirspurn vinnuafls

Aðilar vinnumarkaðs

Skipulag vinnumarkaðs

**7. Fjármagnsmarkaður**

Hlutverk fjármagnsmarkaðar

Aðilar fjármagnsmarkaðar

Seðlabankinn og hlutverk hans

**8. Verðbólga**

Helstu verðbólgukenningar

Aðgerðir gegn verðbólgu

Verðbólguþróun á Íslandi

**9. Ríkisfjármál**

Lánsþörf ríkisins

Ríkishallinn og áhrif hans

Þróun ríkisfjármála á Íslandi

**10. Gengismál**

Skilgreining nafn- og raungengis og samkeppnisstöðu

Hagkvæmasta fyrirkomulag gengismála

Fyrirkomulag gengisskráningar á Íslandi

Gengisþróun á Íslandi

### **11. Hagvöxtur og hagsveiflur**

Skilgreining hagvaxtar

Skilgreiningar hagsveiflna

Hagvaxtarþróun á Íslandi

Skýringar á hagsveiflum

### **12. Hagstjórn**

Markmið og leiðir

Hefðbundnar kenningar um hagstjórn

Gagnrýni á þessar kenningar

Íslensk hagstjórn: afrek og yfirsjónir

## **1. Þjóðhagsreikningar**

### **Athafnasvið þjóðhagsreikninga**

Miðar við þá efnahagsstarfsemi sem á sér stað á markaðinum og aðeins það sem hægt er að mæla með vissu. Hér er því aðeins um að ræða gæði sem eru mæld í peningum.

### **Tilgangur þjóðhagsreikninga**

Setja fram á tölulegan og kerfisbundinn hátt yfirlit yfir efnahagsstarfssemina og einstaka þætti hennar.

### **Sögulegt yfirlit þjóðhagsreikninga**

Fransuar questney er upphafsmaður þeirrar hugmyndar að reyna að færa bókhald yfir þjóðarhaginn. Helstu frumkvöðlar voru: R. Frisch (norðmaður), S. Kuznets, J.M. Keynes, R. Stone (sá sem að vann upp þjóðhagsreikninga). SNA, þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðþjóðanna. Skipuleg þjóðhagsreikningagerð hófst hér á landi 1953 af Framkvæmdabanka Íslands. Árið 1962 tekur Efnahagsstofnunin við þessari starfsemi og árið 1972 tók Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunnar við. Árið 1974 var hagrannsóknadeildinni breytt í Þjóðhagsstofnun.

### **Ráðstöfunaruppgjör**

Öll hefðbundin framsetning þjóðhagfræðinnar byggir á þessu uppgjöri. Samkv. þessu uppgjöri skiptist þjóðarframleiðsla í eftirfarandi þætti:

$Y = C + G + I + (X - Z)$ . Mikilvægt er að muna það að formúla þessi gefur ekki til kynna uppruna teknanna heldur aðeins ráðstöfun. (N.B. þjóðarútgjöld eru  $C+G+I$ )

Lagðir eru saman eftir farandi liðir:

#### **Einkaneysla**

Raunveruleg og reiknuð útgjöld heimilanna v/kaupa á varanlegum og óvaranlegum vöru og þjónustu. Íbúðakaup er það eina sem telst til fjárfestinga. Heimilum eru reiknuð árleg afnot (leiguígildi) af íbúðum sem er talið með í einkaneyslunni.

#### **Verg fjármunamyndun**

Eignfærð útgjöld fyrirtækja og opinberra aðila, svo og smíði íbúðarhúsnæðis. Í íslenskum þjóðhagsreikningum eru birgðarbreytingarnar teknar fyrir sér, en í umræðunni eru þær teknar með sem fjármunamyndun

#### **Birgðabreyting**

Söfnun birgða hefur svipuð einkenni og fjármunamyndun en eru þó teknar fram sérstaklega í þjóðhagsreikningum.

#### **Kaup ríkisins**

Útgjöld opinberra aðila til kaupa á vöru og þjónustu til eigin nota á rekstrartímabilinu. Almannatryggingakerfið og aðrar millifærslur eru ekki teknar með. Neysla hins opinbera. Millifærslur ríkisins eru ekki teknar með

#### **Nettó útflutningur**

= Heildarútflutningur - heildarinnflutningur. Tala þessi getur verið annaðhvort jákvæð eða neikvæð

### **Framleiðsluuppgjör**

Sýnir í hvaða atvinnugreinum framleiðslan myndast og hvernig afrakstri er skipt milli vinnuafis og fjármagns. Framleiðsluuppgjörið felst í því að leggja saman framleiðsluverðmæti allrar atvinnustarfsemi væði fyrirtækja, opaberra aðila og annarra. Ekki er þó unnt að taka framleiðslu allra aðila og uppgjörið því unnið upp úr úrtaki af fyrirtækjum. Til þess að tvítelja ekki verðmæti sömu gæðanna eru heildarverðmæti aðfanga dregið frá framleiðsluvirðinu.

Heildarframleiðsluviði

- Aðföng

= Vinnsluvirði/virðisauki (markaðsvirði) VLF

- Óbeinir skattar

+ niðurgreiðslur

= Vergar þáttatekjur (tekjuvirði)

- Laun + launatengd gjöld (ráðstöfun þáttatekna)

- Afskriftir

= Rekstrarafgangur

### **Virðisaukaaðferðin (Resource cost-income approach)**

$VLF = Lh(\text{Laun og launatengd gjöld}) + Hh(\text{Rekstrarafgangur}) + D(\text{Afskriftir}) + Ti(\text{Óbeinir skattar}) - S(\text{Framleiðslustyrkir})$

Lagðir eru saman öll útgjöld vegna framleiðslu á lokavörum. Ekki eru þó allir liðir beinar greiðslur til framleiðandans s.s.:

#### Óbeinir skattar á rekstur

T.d. söluskattur o.fl.

#### Afskriftir

Vélar og mannvirki eru notuð til framleiðslu og afskriftir eru kostnaður við framleiðsluna.

Ef að afskriftir eru ekki teknar með inn í reikninginn er hér um að ræða **Nettó landsframleiðslu**. VLF tekur ekki með í reikninginn að tól og tæki eyðast með tímanum. Það gerir Nettó LF, sem segir til um raunverulega aukningu í fjármagni þjóðfélagsins.

### Tekjuskiptingaruppgjör

Hagkerfinu er skipt í fjóra megingeira til þess að finna heildartekjur hvers geira og hvernig þeim er ráðstafað:

#### Heimili (Hámarka nyt)

Fyrirtæki (Önnur en peningastofnanir) (Hámarka hagnað)

Hið opinbera (Þröng skilgreining, aðeins ríki og sveitarfélög)

Peningastofnanir (Hámarka hagnað)

#### Útgjöld heimila

Einkaneysla + Eignaútgjöld (vaxtagj) + tilfærsluútgjöld + sparnaður = Heildarútgj.

#### Tekjur heimila

Lauatekjur + Eignatekjur + tilfærslutekjur = heildartekjur

#### Ráðstöfunartekjur, heimila Uppruni

Launatekjur + rekstrartekjur + eignartekjur (nettó) + tilfærslurtekjur (nettó)

#### Ráðstöfunartekjur heimila, ráðstöfun

Einkaneysla + sparnaður

#### Ráðstöfunartekjur þjóðarinnar, tekjur

Laun og launatengd gjöld + rekstrarafgangur (= Innl. þáttatek) + laun og launat. gjöld frá útlöndum nettó + Eignatekjur frá útlöndum nettó + ób. skattar - framl.styrkir (= ÞT (markaðsvirði)) + Tilf. frá útlöndum nettó = Ráðstöfunartekjur þjóðarinnar.

#### Ráðstöfunartekjur þjóðarinnar, útgjöld

Einkaneysla + samneysla + sparnaður

VLF

- þáttatekjur frá útlöndum (nettó)

=VÞF

-afskriftir

= HÞF (Hrein þjóðarframleiðsla)

- ób. skattar

+ framleiðslustyrkir

=Hreinar þáttatekjur

-Hagnaður fyrirtækja sem eru ekki til arðgreiðslu

+Tilfærslur frá hinu opinbera

+Tilfærslur frá öðrum greinum

+Vaxtatekjur frá öðrum greinum (nettó)

=Heildartekjur heimilanna

-beinir skattar á heimilin

=Ráðstöfunartekjur heimilanna

HÞF - ób skattar + framleiðslustyrkir = Hreinar þáttatekjur

Þegar allir geirar markaðsins eru teknir saman eiga allar tilfærslur eftir að nettast út nema þáttatekjur frá útlöndum.

NI (þjóðartekjur) = (wd + wa) + (Od + Oa) + Ti - ST

NDI (Ráðst. tekjur) = NI + TRa = C \* G \* S

VÞF = NI + D

### Staðvirðing þjóðhagsreikninga

Til þess að þjóðhagsreikningar séu sambærilegir milli ára verður að staðvirða þá, þ.e. færa þá alla á sama verðlag. Við viljum greina raunverulega magnaukningu framleiðslu. Þetta er gert með því að nota vísitölur. Ýmis vandamál koma upp við staðvirðingu, t.d. gæðamat.

### Gallar við þjóðhagsreikninga

#### Gæðabreytingar

Ekki er tekið tillit til þess að gæði vöru og þjónustu eykst með tímanum í vísitölureikningum.

#### Opinber rekstur

Opinber rekstur er mældur á kostnaðarverði, en ekki markaðsverði. Því skapast spurning hvort t.d. aukinn herrekstur sé í raun velferðaraukning.

#### Greiðslugrunnur

Þjóðhagsreikningar eru metnir út frá greiðslugrunni en það skapar ákveðna skekkju í reikningunum. Það er þó stefnt að því að koma þeim yfir í rekstrargrunn við fyrsta tækifæri.

#### Ytri áhrif

Sum framleiðsla er þess eðlis að hún bitnar óbeint á öðrum, dæmi: Mengun. Þessi ytri áhrif koma ekki fram í þjóðhagsreikningum.

**Vísitölur**

Fræðilegur tilgangur vísitalna er að mæla velferðatap sem skapast vegna verðhækkana. Tvær gerðir af vísitölu,:

**Laspeyres vísitölur**

Vísitölur sem eru vegnar með vog grunnárs:

$$PI = \frac{\sum P_i T * Q_{i0}}{\sum P_{i0} * Q_{i0}} * 100$$

Gallinn við vísitölu þessa er að vörur sem hafa hækkað í verði fá of mikið vægi.

Þetta verður til þess að velferðartap þjóðfélagsins verður ofmetið.

**Paasche vísitölur**

$$P_p = \frac{\sum P_i T * Q_i T}{\sum P_{i0} * Q_i T}$$

**Implicit vísitölur**

Útgjöldum á raunvirði deilt með útgjöldum á nafnvirði

**Viðskiptakjaraáhrif - viðskiptakjör**

Með viðskiptakjaraáhrifum eru mæld áhrif breytinga kaupmáttar útflutnings gagnvart innflutningi. Viðskiptakjörin sýna hlutfallið á milli vísitalna útflutnings og

innflutningsverðs, þ.e.:  $PX/PM$   $PX$  er verðlag útflutnings og  $PY$  verðlag

innflutnings. Viðskiptakjaraáhrif eru áhrif viðskiptakjara á þjóðarframleiðslu, þ.e.

$g = (X/P_m - X/P_x)$   $X$  = verðmæti útflutnings. Viðskiptakjaraáhrif eru jafnan mæld sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á föstu verðlagi ársins á undan.

**Vergar þjóðartekjur**

Séríslenskt fyrirbrigði.  $VPF$  (á föstu verði) +  $g$  (viðskiptakjaraáhrif). Báðir þættirnir verða að vera reiknaðir út frá sama grunnári.

**Þjóðhagsreikningar (Sigurður Snævarr)**

Niðurstöður þjóðhagsreikninga eru einatt notaðar sem kvarði á hagsæld þjóðar. Athafnastíð þjóðhagsreikninga takmarkast að mestu við þá efnahagsstarfsemi sem á sér stað á markaði. Þetta skapar skekkju:

**Heimilisstörf**

Heimilisstörf falla utan reikninga, þar sem einungis launuð vinna er talin til framleiðslu. Þegar sérhæfing eykst og vinna færast af heimilum til fyrirtækja verður það til þess að hagvöxtur verður ofmetinn.

**Auðlindir**

Auðlindir sem ekki eru verðlagðar eru ekki taldar með í reikningunum. Verður það til þess að ofnýting auðlinda reiknast sem hagvöxtur

Sameinuðu þjóðirnar hafa hannað nýtt þjóðhagsreikningakerfi sem stefnt er að taka í notkun í nánustu framtíð. Þjóðhagsreikningum mun fylgja fylgireikningar sem eiga að gera heildarstæða grein fyrir samspili vistkerfis og hagkerfis. Í þessum fylgireikningi verður gerð sérstaklega grein fyrir notkun náttúruauðæfa, afskriftir metnar, endurnýjun og viðhald. Áhrifum efnahagsstarfsemi á umhverfið má skipta í tvo hluta: vinnslu náttúruauðlinda og mengun. Í vistrænum reikningum væri hreint umhverfi metið sem fjármagn.

### ***"Höfuðstóll í hættu" (Þorvaldur Gylfason)***

#### **Ofveiði**

Veiði sem heldur stofninum undir hagkvæmustu stærð eða minnkar hann fyrir neðan það mark.

Ofveiði hefur einkennt íslenskan sjávarútveg alla tíð. Hún eykur skammtíma-hagnað en skerðir þjóðartekjurnar þegar til lengri tíma litið. Þjóðfélagslega séð er því óskynsamlegt að ganga of nærri náttúruauðlindum, þrátt fyrir freistandi skammtíma-hagnað.

Í þjóðhagsreikningum kemur ekki fram munur á þeim tekjum sem fiskveiðiþjóð aflar með hagkvæmri veiði og því sem hún aflar með ofveiði. Sama er að segja um aðrar endurnýjanlegar auðlindir s.s. skógarhögg. Aðsteðjandi hætta ofnýtingar kemur ekki fram í þjóðhagsreikningum. Ofnýting getur oft túlkast sem hagvöxtur og við það verða þjóðhagsreikningar "ýktir".

Ástæðan fyrir þessari skekkju er sú að þegar þjóðhagsreikningar voru teknir upp, höfðu fáir áhyggjur af dvínandi auðlindum. Árið 1989 var unnið að því að breyta þjóðhagsreikningakerfinu á vegum Sameinuðu þjóðanna þannig að tekið yrði tillit til eyðingu náttúruauðlinda.

## 2. Einkaneysla og fjárfesting

### Einkaneysla

Útgjöld heimilanna til kaupa á hvers konar neysluvöru jafnt óvaranlegri sem varanlegri. Einu útgjöld heimilanna til kaupa á vörum og þjónustu sem ekki teljast til einkaneyslu eru útgjöld til smíði og kaupa á nýju íbúðarhúsnæði en slík útgjöld teljast til fjármunamyndunnar. Rökin fyrir því að taka algengar varanlegar neysluvörur til neyslu er sú að fjárfestingstraumurinn ætti að jafngilda afskriftum.

### Einkaneysla á Íslandi

Hlutfallslegt vægi einstakra neysluflokka hefur breyst verulega frá árinu 1957, en þá komi fyrst tölur um einkaneysluútgjöld eftir vöru- og þjónustuflokkum. Á þessum tíma hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna rúmlega fimmfaldast. Hlutfallsleg kaup á mat og drykk hafa aukist á samdráttarskeiðum en minnkað á uppgangstímum. Þar sem að varanlegar neysluvörur eru teknar með í einkaneyslu eru sveiflur í neyslu líkast til ofmetnar þar sem neysla varanlegra neysluvara nær yfir nokkur tímabil. Þeir útgjaldaliðir sem helst hafa vaxið eru útgjöld Íslendinga erlendis og kaup á flutningatækjum.

### Neysluföll

Fyrir daga Keynes var áhersla neyslufalla lögð á vexti og áhrif þeirra á sparnað og neyslu. Áherslur þessar eru endurvaktar í nýklassískum kenningum. Kenning Keynes var hinsvegar sú að einkaneyslu mætti skýra út frá ráðstöfunartekjum einstaklinga. Samhengi einkaneyslu og ráðstöfunartekna virðist vera meðal stöðugri sambanda í hagfræði (sjá mynd 2-3). Eiginleikar þess eru m.a. að hlutfall neyslu lækkar með hækkandi tekjum og öfugt, þ.e. sparnaður vex með hækkandi tekjum.

Helstu kenningar

### Hröðunarkenningin (Accelerator Theory)

Samuelsson gaf sér að hlutfall fjárfestingar og fastafjármuna sé fast til lengri tíma. Þannig kallar aukin framleiðsla á aukið fjármagn og þannig aukna fjárfestingu.

### Ævitekjukenningin (life cycle hypothesis)

Ævitekjum einstaklinga er skipt upp í tvennt: Eignartekjur og ævitekjur. Sagt er að hægt sé að nálgast allar eigntekjur með þjóðarauðnum að því skildi að fjármagnsmarkaður sé skilvirkur. Ef fjármagnsmarkaður er skilvirkur á verðmæti hans að vera núvirði væntanlegra framtíðartekna. Í líkani þessu er gert ráð fyrir að neysla einstakling sé þokkalega stöðug yfir ævina.

### Framtíðartekjukenningin (permanent income hypothesis)

Gengur út á það að á hverju ári reikni einstaklingur sér arð af sínum núvirtu ævitekjum.

### Þróun einkaneyslu og sparnaðar

Hrein eign heimila hefur vaxið á síðustu áratugum m.a. v/hækkunar á fasteigna og verðbréfa. Einkaneyslan fylgir ráðstöfunartekjum að miklu leiti en samt eru sveiflur í neyslu mildari en sveiflur í ráðstöfunartekjum. Ástæðan er talin liggja í ævitekju- og framtíðartekjukenningunum.

### **Fjárfesting**

Tilgangur fjárfestingar er að auka neyslumöguleika í framtíðinni. Fjárfesting er aðeins hagkvæm að hún auki framtíðarneyslu meira en sem nemur kostnaði af óþolinmæði mannskepnunnar. Fjárfesting nær til útgjalda atvinnugreinanna og hins opinbera til kaupa eða framleiðslu á framleiðslufjármunum. Framleiðsla á fjármunum til eigin nota telst einnig fjárfesting. Bygging íbúðarhúsnæðis telst til fjárfestingar.

Náttúruauðlindir og önnur verðmæti sem ekki eru framleidd teljast ekki til fjárfestingar vegna þeirra erfiðleika sem fylgja verðmætamati. Af þessari skilgreiningu leiðir að menntun og mannauðir telst ekki til fjárfestingar heldur er öll menntun færð sem rekstrarútgjöld. Þetta á einnig við um útgjöld til rannsókna og þróunar.

### **Samband fjárfestingar og þjóðarauðs**

Þjóðarauður í upphafi tímabils  
+ verg fjármunamyndun  
- afskriftir  
= þjóðarauður í lok tímabils

### **Þróun fjárfestingar**

Fjárfestingarstefna á Íslandi hefur löngum verið umdeild. árið 1972 var stofnuð Framkvæmdarstofnun ríkisins sem átti opinberlega að stjórna fjárfestingu hér á landi. Á síðari árum hefur hinsvegar verið einblínt á arðsemi og raunvexti. Þegar litið er til baka má rekja óstjórn í fjármálum síðustu áratuga til skipulags fjármagnsmarkaðar: neikvæðra raunvaxta og lánsfjárskömmun. Athyglisvert er að (mynd 2.2.2) fjárfesting hefur lækkað úr tæpum fjórðungi af VLF niður í 18% á c.a. einum áratug. Ástæður fyrir þessu eru einkum: háir raunvextir og bann við innflutningi fiskiskipa.

### **Skipting fjárfestingar**

Einkafjárfesting

Atvinnuvegafjárfestingu (fastafjármuni og birgðabreytingar)

Fjárfesting heimilanna, þ.e. íbúðarhúsnæði

Fjárfestingu hins opinbera

Rafveitur & rafvirkjanir

Vatnsveitur, hitaveitur

Samgöngumannvirki

Byggingar hins opinbera.

***Kenningar um fjárfestingar*****Kjörstaða fjármunaeignar**

Ákvarðanir um fjárfestingar aðila í hagkerfinu miðast við að hámarka marmiðsfall yfir tíma, einstaklingar miða við velferð sína og fyrirtæki væntan hagnað.

$$NV_t = \sum R_{t+i} / (1+r)^i = P_{I_t} \quad (\text{þ.e. núvirði fjárfestingar m hagnað } R_{1...n})$$

Nýklassískar kenningar ganga út frá markaðslausnum og fjárfestingakenning í þeim anda leggur áherslu á hámarksáhrif eigin fjár eða hagnaðar ( $R_t = p_t Y_t - w_t L_t - c_t K_t$ ) Hróðunarkenningin segir að æskilegir fastafjármunir séu ákveðið hlutfall af væntri framleiðslu.

**Stock Adjustment Hypothesis**

Gerir ráð fyrir að ákveðnum hluta af mismuni milli æskilegs og raunverulegs fjármagns sé eytt á gefinni rímaeiningu.

**Samneysla**

Útgjöld opinberra aðila til kaupa á vöru og þjónustu til eigin nota á rekstrartímabilinu. Hér er meðal annars um að ræða opinbera stjórnsýslu, löggæslu, menntamál og fleira. Samneysla hefur aukist jafnt og þétt eða um 4.4.% að meðaltali á ári 1980-1992.

**Þjóðhagssparnaður**

Þjóðhagssparnaður má rita sem samtölu fjárfestinga, birgðabreytinga og viðskiptajafnaðar, eða:  $S = I + B + X - M$  ( $= Y - C - G$ ). Þjóðhagssparnaður hefur lækkað á undanförunum áratug, en það er einkum vegna minnkandi fjárfestinga í t.d. virkjunum, hafta á smíði fiskiskipa og loks hækkandi raunvaxta.

***Útgjöld þjóðarinnar (Sigurður Snævarr)***

Til þjóðarútgjalda telst eingöngu endanleg ráðstöfun vöru eða þjónustu innanlands. Aðföng fyrirtækja og öll fjármagnsviðskipti eru þannig undanskilin. Þjóðarútgjöld greinast í einkaneyslu, samneyslu, fjármunamyndun og birgðabreytingar. Ráðstöfunaruppgjör er aðalmeðferð þjóðhagsreikninga og sú sem er alla jafnan notuð í hagfræði. Ráðstöfunaruppgjör nær aftur til ársins 1945. Landsframleiðsla árána 45-56 var áætluð af tekjuhlið þjóðhagsreikninga og byggð á skattframtölum.

### 3. Hið opinbera

#### Hið opinbera

Sú starfsemi þar sem tekna er aflað með skatti en ekki sölu vörur og þjónustu, s.s. Hið opinbera er ríkissjóður, almannatryggingar ekki ríkisbanka o.fl.

Umfang hins opinbera hefur vaxið gríðarlega á síðustu áratugum. Mikil umræða hefur skapast um réttlæti þessa aukna umfangs. Eftirfarandi atriði auðkenna hið opinbera

#### Lögleg valdbeiting

Lögnám,

#### Þjónusta

Þjónusta ríkisins er oft án endurgjalds

#### Ákvörðunartaka

Fer fram óbeint með kosningum og samningum milli stjórnmalaflokka

#### Hvers vegna höfum við hið opinbera?

Ef við værum með fullkominn markað sæji hann um að tryggja hagkvæmstu nýtingu á framleiðsluþáttum. Á raunverulegum markaði er þó mikið um **markaðsbresti, t.d.:**

#### Framboð samgæða

Í sumum tilvikum getur eðli vöru verið þannig að ekki sé hægt að útiloka fólk frá neyslu slíkra gæða. Einkenni slíkrar vöru eru þannig að um leið og varan er veitt einum netenda kostar ekkert að veita öðrum hana. Dæmi um samgæði eru sjónvarpsútsendingar, dómstólar, löggæsla og landvarnir.

#### Ytri áhrif

Framleiðsla eða neysla eins getur valdið ávinning og kostnaði hjá öðrum.

Markaðurinn getur ekki verðlagt þessi ytri áhrif. Því getur verið nauðsynleg að opinber aðili grípi inn í með lögum og reglugerðum.

#### Ófullkominn markaður

Oft getur verið hagkvæmt að framleiða vöru, en hún er þó ekki framleidd, oft vegna upplýsingavandans. Hið opinbera gæti þá hafið framleiðslu til þess að styrkja markaðinn. Dæmi: Námslán. Gallinn við þetta er að hið opinbera hefur sjaldnast meiri upplýsingar en markaðurinn.

#### Ónóg samkeppni

Þegar ónóg samkeppni ríkir á markaði geta stjórnvöld beitt leiðum til þess að auka samkeppni eða skerða einokunaraðstöðu

#### Hagsveiflur

Hagsveiflur geta orðið til þess að framleiðsluþættir verið ónýttir í kreppu. Þarna getur verið vettvangur fyrir hið opinbera að jafna hagsveiflurnar og auka jafnvægi í þjóðfélaginu með því að auka eftirspurn.

#### Markmið hins opinbera

Sjá fyrir samgæðum

**Sjá fyrir verðleikavörum (merit goods)**

Oft vill hið opinbera hvetja til neyslu vissra gæða (t.d. menningar og menntunar) en letja neyslu á öðrum (s.s. fíkniefnum). Val hins opinbera á þessum gæðum getur verið ólíkt vali einstaklinganna án þess að hagræn rök komið til. Gæðastýringu sem þessari má réttlæta með vísan til skammsýni neytenda eða skorts á upplýsingum.

**Tekjudreifing**

Eitt fyrirferðamesta verkefni hins opinbera í dag er að stuðla að réttlátri tekjudreifingu milli manna. Þetta er gert einkum með beinum sköttum og tilfærslu. "Ódýr" heilbrigðisþjónusta og menntun er hluti af tekjudreifingunni.

**Efnahagslegur stöðugleiki**

Draga úr atvinnuleysi og verðbólgu. Stuðla að hagvexti o.frv.

**Reglurrammi**

Setja regluramma sem stuðlar að því að markaðurinn sé sem fullkomnastur.

**Fjármögnun hins opinbera**

Helstu fjármögnunarkostir eru

**Álagning skatta****Sala spariskýrteina****Sala ríkisvixla****Erlend lántaka****Breyting á yfirdrætti í Seðlabanka (peningaprentun)****Önnur innlend lántaka**

Áhrif af þessum fjármögnunarleiðum er mjög mismunandi. Út frá þeim er hægt að rita tekjuband ríkisins:  $G + rB = T + \Delta B + \Delta M$  ( $r$  = vextir,  $B$  = lán,  $M$  = peningamagn)

**Afmörkun hins opinbera**

Í skýrslu "Hallanefndar" voru settar fram þrenns konar skilgreininar á starfsemi hins opinbera og sýna rekstrarmiðurstöður verulega ólíka mynd afkomu eftir flokkum.

**A-hluti**

Ríkissjóður, Sveitarfélög og almannatryggingar

**B-hluti**

Ýmsir sjóðir og lánastofnanir

**C-hluti**

Opinber fyrirtæki

**Skipting hins opinbera**

Í þjóðhagsreikningum er starfsemi hins opinbera (A-hluta) skipt niður í ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar. Starfsemi ríkissjóðs er langmikilvægust frá hagfræðilegu sjónarmiði.

### Sveitarfélög

Sveitarfélög starfa í umboði ríkisins. Ríkisvaldið framselur ákveðinn hluta af verkefnum sínum til sveitarfélaga og frá stjórnfræðilegu sjónarmiði gilda sömu rök um hlutverk og eðli þeirra og ríkisins. Helstu verkefni sveitarfélaga samkv. lögum eru: Félagsmál (framfærslumál, dagvistun), atvinnumál, menntamál húsnæðismál, skipulags- og byggingarmál, almannavarnir, hreinlætismál, heilsugæsla, menningarmál, íþróttir og útivera, landbúnaðarmál og bygging/viðhald mannvirkja.

#### Tekjustofnar sveitarfélaga:

Fasteignaskattur, greiðslur úr jöfnunarsjóði, útsvar og aðstöðugjöld

### Almannatryggingar

Staðall Sameinuðu þjóðanna kveður á um að færa beri sérstaka reikninga fyrir almannatryggingar, því í mörgum löndum eru réttindi til almannatrygginga háð iðgjöldum manna.

### Umfang hins opinbera: Tekjur og gjöld

#### Tekjur

##### Eignatekjur

##### Óbeinir skattar

Beinir skattar rýra ráðstöfunartekjur en óbeinir skattar rýra kaupmátt ráðstöfunartekna. Megineinkenni tekjuöflunar íslenska ríkisins er hversu stórs hluta skatta er aflað með álagningu óbeinna skatta. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu m.a. mikil skattlagning innflutnings, en þessi skattlagning lagðist óbeint á sjávarútveginn. Skattur á innflutning er auðveldari í framkvæmd en beinir skattar og þar með ódýrari.

##### Beinir skattar

Skattar sem leggjast á tekjur eða eignir einstaklinga/lögaðila. (Tekjuskattur, eignaskattur og lögb. félagsleg gjöld)

##### Aðrar tekjur (einkum sektir)

#### Útgjöld

##### Samneysla (51.1%)

Sá hluti opinberra útgjalda sem varið er til eigin rekstrar. Stærsti liðurinn eru útgjöld til heilbrigðismála (35%) síðan koma menntamál (20%) og samgöngumál (8-9%).

##### Framleiðslustyrkir (6.8%)

Helmingur fyrirtækjastyrkja ganga til landbúnaðar og fjórðungur til orkumála (t.d. verðjöfnunargjald og niðurgreiðslur)

**Tekjutilfærslur(14.2%)**

Hér er fyrst og framt um að ræða greiðslur í gegnum almannatryggingar, en þessi liður hefur aukist verulega á síðari árum. Lífeyrissjóðirnir eru ekki hluti af almannatryggingum. Gæta ber að því að barnabætur eru ekki taldar til tilfærslna heldur til skattaafsláttar.

**Vaxtagjöld (9%)**

Á Íslandi eru vaxtagjöld gerð upp á raunvöxtum en ekki nafnvöxtum. Þetta verður til þess að vaxtagjöld eru færð lægri hér en í öðrum löndum.

**Verg fjármunamyndun (11%)**

Fjármunamyndun er gjaldfærð í reikningum hins opinbera, enda er ekki gerður upp efnahagsreikningur fyrir opinbera starfsemi. Fjárfesting opinberra fyrirtækja er ekki talin hér til opinberra fjárfestinga.

**Fjármagnstilfærslur, hreinar (11%)**

Mótakandinn er talinn ráðstafa fjármagninu til fjárfestingar. Tilgangur tilfærslna og framleiðslustyrkja er að hafa áhrif á verðmætaráðstöfun og/eða tekjuskiptingu. Stærstur hluti fjármagnstilfærslna gengur til Lánasjóðs íslenskra námsmanna (20%).

**Tekjur hins opinbera**

Tekjur hins opinbera byggja að langstærstum hluta með skattlagningu (95-97% af tekjum). Afgangurinn eru sektir og eignartekjur. Skattar eru einnig settir fram í hlutfalli við VLF (markaðsvirði). Tekjuskattur einstaklinga er stighækkandi og lækkar því skattahlutfall lækkar á samdráttarskeiðum og hækkar á uppgangstímum. Stighækkandi skattar stuðla þannig að stöðugleika. Skatttekjur ríkissjóðs hafa aukist mun meira en skatttekjur sveitarfélagana og sýna einnig meiri sveiflur.

**Útgjöld hins opinbera**

Á 40 árum (45-85) vaxa útgjöld hins opinbera um 4.1% á mann, að jafnaði, en á sama tíma vex verg landsframleiðsla um 2.9% á mann til jafnaðar.

**Afkoma hins opinbera**

Tekjur  
- Rekstrargjöld  
= Rekstrarjöfnuður  
- Fastafjárútgjöld  
= Tekjuafgangur / 'Halli

**Efnahagsstefna og ríkisfjármál**

Umsvif hins opinbera á fjármagnsmarkaði eru gífurlega mikil. Íslenska ríkið er eigandi eða meðeigandi að stórum hluta banka- og lánakerfisins og veitir þar að auki viðamiklar ábyrgðir vegna lána einkafyrirtækja. Áhrif halla ríkissjóðs á aðra þætti hagkerfisins ræðst ekki síst af því hvernig fjármögnun hans er háttáð. Innlend lántaka utan bankakerfisins dregur að öðru jöfnu úr eftirspurn einkaaðila. Erlend lántaka eykur erlend lántaka og lántaka hjá Seðlabanka peningamagn í umferð. Greiðslur til útlendinga afborganir og vextir af lánnum draga úr innlendri þenslu. Til þess að meta þessi áhrif hefur Þorvaldur Gylfason sett upp svokallaðan þensluhalla.

### **Samanburður milli landa**

Íslendingar bera engin útgjöld vegna landvarna (en t.d. norðurlönd bera 2.7% af VLF) Lægri tekjutilfærslur hér á landi skýrist einkum af því að Atvinnuleysi hefur lengst af verið lítið

Stór hluti lífeyriskerfis okkar er utan hins opinbera

Aldursdreifing er önnur hér því íslenska þjóðin er tiltölulega ung

Lífeyrisaldur er hærri hér en víðast annarstaðar

Barnabætur eru hluti af skattkerfinu en ekki taldar til útgjalda

### **Einkenni íslensks efnahagslífs (Guðm. Magnússon)**

#### **Fáar náttúruauðlindir til útflutnings**

Sjávarútvegurinn hefur verið einskonar gangráður efnahagslífsins. Mikilvægi hans hefur orðið til þess að afkoma sjávarútvegsins hefur ráðið gengisskráningunni að miklu leiti. Þessi tilhögun hefur bitnað á öðrum útflutnings- og samkeppnisgreinum. Hægt væri að leiðrétta þetta misræmi með t.d. beinu auðlindaskatti.

#### **Heimsmarkaðsverð, smæð efnahagsins**

Vegna lítillar framleiðslu eru íslenskir útflytjendur verðþegar á flestum mörkuðum. Oftast hafa þeir fast magn til þess að selja og verður gengisfelling ekki til aukinnar framleiðslu (m.a. v/takmarkanna). Gengisfellingum er því ekki ætlað að auka gjaldeyristekjur heldur:

Jafna metin milli innlendar og erlendar verðbólgu

Tryggja atvinnu og viðunandi afkomu sjávarútvegs með tekjutilfærslum innanlands.

#### **Hagsveiflur**

Sex sveiflur af hverjum átta eiga upptök sín erlendis. Innlendu sveiflurnar eru vegna aflabrests og eru að öllu jöfnu mun alvarlegri. Sveiflur hér á landi hafa reynst stöðugri með tímanum, m.a. v/ takmarkana á fiskveiðum og auknu viðskipta- og fjármagnsfrelsis.

**Stjórn fiskveiða**

Takmarkanir á fiskveiðum þýða að verðbreytingar á erlendum mörkuðum hafa engin áhrif á aflamagn. Eins og greint var frá áður verður þetta til þess að erfitt getur reynst að auka gjaldeyrstekjur með gengisfellingu.

**Sveiflujöfnun í sjávarútvegi**

Tilraunir til þess að jafna sveiflur í sjávarútvegi hafa verið frekar máttvana (að frátöldum gengisbreytingum). Reynt hefur verið að jafna verðsveiflur með verðjöfnunarsjóði auk gengisaðgerða.

**Hlunnindagjald á veiðiheimildum og gengisskráning**

Því er haldið fram að dulbúinn auðlindaskattur sé lagður á sjávarútveginn með of háu raungengi krónunnar. Margir telja þó að betra sé að innheimta slíkan skatt beint, þar sem lág gengisskráning bitni á öðrum útflutningsgreinum.

Auðlindaskattur af fiskmiðum hefur tvíþætt hlutverk: 1) að skerða umframard einkaaðila af fiskveiðum til að koma í veg fyrir offjárfestingu í fiskiskipum. 2) Hann er einnig hentugur til þess að fjármagna umsvif hins opinbera þar sem honum fylgir lítið óhagræði í notkun framleiðsluþátta.

## 4. Utanríkisviðskipti

### *Utanríkisviðskipti (Sigurður Snævarr)*

#### Milliríkjaverslun

Flestir hagfræðingar eru sammála um þann ábata sem skapast af erlendum viðskiptum. Þjóðir skipta með sér verkum á þann veg að þjóðir framleiða þær vörur sem þær hafa hlutfallslega mestan ávinning af en flytja inn aðrar. Almennt mætti ætla að neikvæð fylgni sé milli stærðar þjóðar og hversu opin hagkerfi hennar er (þótt vissulega séu til undantekningar) Ástæða fyrir því er einkum sú að lítil lönd eiga minna af náttúruauðlindum og verða því að sérhæfa sig meira en stærri þjóðir, sem eru sjálfum sé nóg.

#### Erlend viðskipti Íslendinga

Eitt helsta einkenni utanríkisverslunar Íslendinga er hversu stór hluti vöruútflutnings er sjávarvörur, eða um 2/3 hlutar. Þótt innflutningur rekstrarvara til sjávarútvegs sé umtalsverður er stór hluti ábatans byggður á beinni hagnýtingu náttúruauðlindarinnar. Þessi einhæfni í útflutningi hefur leitt til meiri sveiflna í hagkerfinu en ella.

Íslendingar hafa ætíð verið mjög háðir utanríkisviðskiptum, þar sem ýmsar brýnar nauðsynjavörur hefur þurft að flytja inn. Grundvöllur atvinnuvegabyltingarinnar á Íslandi í upphafi aldarinnar fólst í því að framleiðsluþættir voru færðir úr framleiðslu landbúnaðar (sjálfsþurftarbúskapur), í sjávarútveg (útflutningsatvinnuvegur).

#### Evrópubandalagið

Hugsjónin um pólitíska einingu Evrópu er gömul og má rekja til 14 aldar. Evrópuhugsjónin er í eðli sínu pólitísk og efnahagsvinna ekki markmið í sjálfu sér. Efnahagsbandalagið er sáttmáli milli Evrópuþjóða sem felur í sér:

##### **Tollabandalag**

Engir tollar eru lagðir á viðskipti milli aðildarlanda, en sameiginlegir tollar eru gagnvart löndum utan bandalagsins.

##### **Einn markaður**

Takmarkanir eru afnumdar á inn- og útflutningi milli landanna og stefnt að einum markaði með fjálsa samkeppni.

##### **Sameiginleg stefna**

Aðildarríkin hafa sameiginlega stefnu í málefnum helstu atvinnugreina.

##### **Flutningshindranir afnumdar**

Hindranir á flutningi fjármagns, þjónustu og mannafla milli aðildarríkjanna skulu afnumdar.

Aðildaríki Evrópubandalagsins framselja hluta ákvörðunarvalds síns í hendur sameiginlegra stofnanna bandalagsins. Framsal er algjört hvað tolla varðar en að stórum hluta í, Flutningum vinnuafis og fjármagns, landbúnaðarstefnu, fiskveiðistefnu og gengisstefnu.

**EFTA**

Samtök sem stofnuð voru árið 1959 sem andsvar við EB að frumkvæði breta. EFTA er ekki ætlað neitt pólitískt hlutverk og stofnanir þess geta ekki tekið neinar ákvarðanir nema aðildarríkin samþykki þær hver í sínu lagi. EFTA eru fríverslunarsamtök, en í því felst að ekki er um að ræða sameiginlega tolla gagnvart löndum utan samtakanna.

**Ísland og viðskiptabandalög**

Með viðreisnarstjórninni árið 1960 var söðlað um viðskiptastefnu. Íslendingar gerðust bráðabirgðaaðilar að GATT árið 1964 og fullgildir aðilar árið 1967. Ísland gengu inn í EFTA árið 1970. Með þessum samningum tókst íslendingum að fá tolla lækkaða á útflutningsvörum sínum.

**EES**

Samningaviðræður milli EFTA og EB hófust árið 1984 með hinni s.k. Lúxemborgar-yfirlýsingu. Kjarni hennar tekur fyrst og fremst til vöruviðskipta, þ.m.t. staðlar, afnám tæknilegra hindrana, reglur um uppruna vara. EB var að lokast meir og meir og var því komin viss kvöð á EES ríkin að gera samning við EB til þess að EB-markaðurinn myndi ekki lokast þeim.

**Ísland og EES**

Íslendingar fengu framgengt nokkrum mikilvægum sérkröfum í samningum um EES, m.a.:

Heimild til takmörkunar á búseturétti ef af hlutist alvarleg truflun á vinnumarkaði

Bein fjárfesting erlendra manna í íslenskum sjávarútvegi bönnuð

EES samningurinn fól í sér að 76% tolla féllu niður við gildistöku en árið 1997 er stefnan að 90% núverandi tolla á sjávarafurðir verði felldir niður.

**Greiðslujöfnuður**

Greiðslujöfnuður við útlönd lýsir innkomi erlends gjaldeyris á móti ústreymi hans og er þannig eins konar sjóðsreikningur landsins gagnvart útlöndum. Hann má einnig skilgreina sem breytingu á gjaldeyrisforða Seðlabankans. Uppgjör greiðslujafnaðar fylgir reikningskerfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Greiðslujöfnuðurinn samanstendur af fjórum undirjöfnum:

**Vöruskiptajöfnuður**

Mælir mismun á útflutningi vöru (f.o.b.) að frádregnum innflutningi (f.o.b).

Verð f.o.b. vöru miðar við að hún sé komin út í skip í innflutnings- eða útflutningshöfn.

**Þjónustujöfnuður**

Sýnir mismun á útflutningi og innflutningi þjónustu. Nettóþáttatekjur til útlanda (einkum nettó vaxtatekjur) eru taldar til þjónustujafnaðar. Tekjur af varnaliðinu hafa komið sterklega fram á þessum jöfnuði en árið 1992 voru þær 7.7% af heildargjaldeyriskjum.

**Viðskiptajöfnuður**

Samtala vöruskipta- og þjónustujafnaðar. Jöfnuður þessi lýsir tekjum og gjöldum af viðskiptum við umheiminn og er eins konar rekstrarreikningur gagnvart útlöndum. Viðskiptajöfnuður við útlönd er einn helsti mælikvarði á efnahagsstefnu í opnum hagkerfum.

**Fjármagnsjöfnuður**

Sýnir nettóinnkomu erlendra lána, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum

**Erlendar skuldir**

Árið 1908 tók landssjóður sitt fyrsta lán. Í árslok árið 1992 námu erlendar skuldir íslendinga um 228 milljörðum króna (870.000 per einstakling). Erlendar skuldir eru oftast skoðaðar sem hlutfall af landsframleiðslu, en u.þ.b. helmingur árlegrar landsframleiðslu er veðsettur í útlöndum. Í ofangreindum tölum er þó eingöngu tekið tillit til langtímaskulda, en þau segja ekki alla söguna. Við langtímaskuldir bætast skammtímaskuldir (s.s. stutt vörukaupalán). Í árslok var íslenska ríkið skrifað fyrir 57% af erlendum skuldum, lánastofnanir 31% og einkaaðilar 11%. Bróðurpartur erlendra skulda er tengdur ákveðnum fjárfestingum, einkum í orkugeiranum.

**Gengismál****Bretton-Woods**

Árið 1944 var lagður grundvöllur að nýrri tilhögun gengismála í heiminum. Bretton-Woods samkomulagið fól í sér fast gengi milli mynta of stundun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Gengi mynta mátti einungis breyta að fengnu samþykki sjóðsins og þurfti að sýna fram á að um grunngerðarvanda og frambúðargreiðslujafnaðarerfiðleika væri að ræða. Hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er í aðalatriðum tvíþætt:

Sjóðurinn setur aðildarþjóðum sínum reglur um alþjóðleg samskipti og sér til þess að þær reglur séu virtar

Sjóðurinn getur hlaupið undir bagga með lánveitingum til aðildarríkja til að auðvelda leiðréttingu á tímabundnum halla á viðskiptajöfnuði.

Sterkur bandaríkjadollari varð hornsteinn fastgengiskerfisins. Bretton-Woods samstarfið tók að breyta undir lok sj-unda áratugarins, einkum vegna þess að bandaríkjadalur

**Kenningar um utanríkisviðskipti****Kenning Adam Smith um stærðarhagkvæmni**

Ef við bætum einni einingu af aðföngum við framleiðslu eykst framleiðsla meir en þessari einingu nemur. Þetta er stærðarhagkvæmni í framleiðslu sem gerir það að verkum að sérhæfing borgar sig. Frjáls viðskipti gera þessa sérhæfingu mögulega. Hún verður til framleiðslu- og velferðaraukningar.

**Kenning David Richardo um alþjóðaviðskipti**

Skýringar á alþjóðaviðskiptum eru að finna í mismunandi tækniskilyrðum og framleiðsluskilyrðum, ekki stærðarhagkvæmni

**Kenning Mills**

Byggir á því að smekkur manna milli landa sé mismunandi. Mismunandi smekkur getur gert það að verkum að viðskipti verði á milli landa, án þess að nokkur sérhæfing sé til staðar og sömu vörur framleiddar í sama magni.

**Heckscher - Ohlin , Kenningar sem bæta Mill og Richardo**

Jafnvel þótt framleiðsluföllin (Richardo) og smekkur (Mill) sé alveg eins á milli landa þá getur það gerst að við fáum viðskipti ef framleiðsluföllin milli vörutegunda séu ólík. Lykilpunktar Heckshcer og Ohlin eru:

Lönd eru mismunandi rík af framleiðsluþáttum sem og framleiðsluskilyrðin eru ólík.

Framleiðsla er mismunandi frek til aðfanga.

Land sérhæfir sig og flytur út þá vöru sem er tiltölulega frek til þess framleiðsluþátta sem landið er tiltölulega ríkt af.

**Regla Rybzyński**

Vöxtur framleiðsluþátta eykur framleiðslu þeirrar vöru sem er frek til þess framleiðsluþátta en dregur úr framleiðslu hinnar vörunnar, að gefnum hlutfallslegum verðum.

**Regla Stolper og Samuelson**

Viðskipti milli landa valda því að hlutdeild þess framleiðsluþátta í þjóðartekjum sem landið er ríkt af vext, en hlutdeild hins framleiðsluþátta minnkar. Þetta getur t.d. skýrt að í fjármagnsríkum löndum séu verkalýðsfélög á móti frjálsum viðskiptum.

***Íslensk framleiðsla*****Íslenskur landbúnaður**

Hér á Íslandi hefur sú meginregla gilt að fullnægja skuli innlendri eftirspurn áður er farið er í útflutning. Ekki er litið til verðlagningar þegar innlend eftirspurn er metin. Með nýlegum lagabreytingum hefur þetta fyrirkomulag verið fest enn betur í sessi. Ekki lítur út fyrir að GATT samningurinn breyti þessu mikið.

**Styrkir til landbúnaðar**

**Beinir:** Framleiðslustyrkir og útflutningsstyrkir (ekki lengur)

**Óbeinir:** Vernd gegn samkeppni og bann gegn innflutningi

**Framtíð frjálsra viðskipta (Þorvaldur Gylfason)**

Eitt þarfasta framlag hagfræðinga til velsæðar almennings um allan heim frá upphafi er án efa hugmyndin um frjáls alþjóðaviðskipti. Adam Smith orðaði það þannig að ráðdeildarsamur fjölskyldufaðir reyni aldrei að framleiða sjálfur hluti sem hann getur keypt við lægra verði af öðrum, og að það sama eigi við um heilar þjóðir.

Rök fyrir kenningu þessari er reynslan sjálf. Ein orsök heimskreppunnar var sú að tollar voru snarhækkaðir í fátí, fyrst í USA og síðan í Evrópu og átti þátt í að skapa hrún í efnahagslífi þessara þjóða. Þrátt fyrir góð rök hefur löngum verið erfitt að sannfæra stjórnámamenn í USA um ábata frjálsra viðskipta, en þar er mikið um sérstaka verndartolla. Japanir eru sér á báti; þeir hafa sterkar innflutningshömlur en mikinn innflutning og hagvöxt. Þrátt fyrir þennan hagvöxt eru ýmsar vörur í Japan margfalt dýrari en í öðrum löndum.

En hver eru rökinn fyrir vinsældum haftastefnu í Bandaríkjunum?

**Hallarekstur í ríkisbúskap**

..hefur leikið útflutningsiðnað illa. Í stað þess að ráðast beint að vandanum með minni hallarekstri hafa þingmenn reynt að minnka innflutning með viðskiptahöftum.

**Atvinnuleysi setur strik í reikninginn.**

Þegar atvinnuleysi kemur upp koma sterkar kröfur um verndun atvinnuveganna. Innflutningshömlur eru settar og halda óarðbærum atvinnurekstri gangandi. Slíkt er þó oftast mjög dýrkeypt.

Meginástæðan fyrir því að stjórnámamenn eru svo hliðhollir haftastefnu er kraftur hinna valdamiklu þrýstihópa sem hafa áþreifanlega hagsmuna að gæta (eins og t.d. verkalýðsfélaga). Kostnaðurinn vegna haftanna er þó meiri en ábati, en kostnaðurinn dreifist á svo marga að enginn einn hefur ábata af því að berjast gegn þessu. Þessi atriði leiða til þess að maður getur í raun aldrei verið viss um framtíð frjálsra viðskipta.

**Ísland og Evrópubandalagið (Þorvaldur Gylfason)**

Margt bendir til þess að Austurríkismenn, Finnar, Norðmenn og Svíar muni líta á EES samninginn sem bráðabirgðalausn og gangi í sambandið hverjir í sínu lagi á næstu árum. Þessar þjóðir sækjast allar eftir ávaxtanna af aukni frjálsræði í viðskiptum innan Evrópu, en aukið viðskiptafrelsi tryggir meiri samkeppni, meiri hagkvæmni og betri lífskjör. Aðildarríki þurfa þó að afsala sér sjálfsforræði á ýmsum sviðum.

**Umræðan í Noregi og Svíþjóð.**

Svíar eru búnir að sækja um aðild. Pólverjar Tékkar og Ungverjar ætla að sækja um aðild fyrir næstu aldamót.

Við Íslendingar erum að dragast aftur úr öðrum EFTA þjóðum og megum engan tíma missa. Við höfum farið illa að ráði okkar í efnahagsmálum síðastliðin 20 ár. Verðbólgan hefur raskað rekstrarumhverfi atvinnuveganna og valdið mikilli óhagkvæmni í efnahagslífinu. Við höfum einnig firtt okkur illum afleiðingum verðbólgunnar að nokkru leyti með því að ganga á fiskstofnana umhverfis landið og safna erlendum skuldum.

### **Markmið**

Verðbólgan hefur hjaðnað. Þó á eftir að ráðast í þannig uppskurð í landbúnaðarmálum, sjávarútvegsmálum og ríkisfjármálum, sem er nauðsynlegur til að tryggja varanlegan árangur í baráttunni við verðbólgu. Við erum ekki enn reiðubúin að gerast aðilar að EMS og taka upp ótvíræða og trúverðuga gengisstefnu. Það er því mikilvæg að reynsla komi á litla verðbólgu.

### **Fiskveiðistjórnun**

Fiskveiðistefna okkar samrýmist ekki aðild okkar að EB með góðu móti.. Auðvitað kæmi það þó aldrei til greina að veita fiskiskipum EB-þjóða ókeypis aðgang að fiskimiðunum. Langlíklegasta niðurstaðan væri að selja leyfi til veiða hér við bæði til Íslendinga og útlendinga. Útgerð yrði þó að mestu enn í höndum Íslendinga þar sem framleiðni í íslenskum sjávarútvegi (þ.e. afli á hvern mann) er miklu meiri en víðast hvar erlendis. Sala veiðileyfa hefur fleiri kosti en þá sem snerta inngöngu við EB, m.a geta dregið úr verðbólgu og greitt íslendingum arð af auðlind sinni.

### **Upplýsingaskylda stjórnámálanna**

Íslensk stjórnvöld hafa vanrækt upplýsingaskyldu sína gagnvart almenningi í málum EB að mati Þorvaldar og telur hann að það borgi sig að hefja skynsamlega umræðu sem fyrst. Ein líklegasta ástæða fyrir því að stjórnámálmennt hafa verið svo þöglir hefur verið flótti frá átökum við fámenna en harðsnúna hagsmunahópa sem eru andvígir aðild af EB og eiga talsverð ítök í flestum stjórnámálaflokkum.

### **Afstaða sérhagsmunahópa til EB**

#### **Bændur**

Bændur allra Evrópulanda (í EB og ekki) eru yfirleitt andvígir bandalaginu. Ástæðan er sú að aðild að EB útheimtir meiri samkeppni á búvörumarkaði og þar með lægra búvöruverð. Þrátt fyrir þetta má telja að bændum vegni betur innan EB en þeim myndi vegna í skjóli utan bandalagsins, því að ofvernd gegn heilbrigðri samkeppni skaðar bæði almenning og þá sem ætlunin var að vernda.

#### **Útvegsmenn**

Útvegsmenn eru yfirleitt andvígir EB af því þeir telja sig annað hvort: missa veiðiheimildir endurgjaldslaust til EB eða lenda í samkeppni í kaupum á veiðiheimildum. Fyrsta mótbáran er reist á misskilningi. Sú síðari er sömu ættar og andstaða bænda því hún helgast af ótta við erlenda samkeppni. Íslendingar hafa þó lítið að óttast þar sem framleiðni í íslenskum sjávarútvegi er mun meiri en í EB löndunum almennt.

### **Kostir og gallar EB aðildar**

**Veiðileyfi**

Við þurfum að hefja sölu veiðileyfa fyrr eða síðar. Hjá því verður ekki komist, því að öðruvísi er ekki hægt að tryggja fulla hagkvæmni í efnahagslífinu og viðunandi réttlæti í þjóðfélaginu.

**Aukin lífkjör**

Betri lífskjör og lægra verðlag í skjóli aukinnar sérhæfingar og samkeppni er einn höfuðkostur EB aðildar

**Afsal einhlíts sjálfsforræðis**

Einn helsti galli EB aðildar er sá að við þyrftum að afsala okkur einhlítu sjálfsforræði á ýmsum sviðum eins og aðrar bandalagsþjóðir. Það þarf þó ekki endilega að vera ókostur að setja fullveldi þjóðríkis einhverjar skorður. Aðild Íslands að EB myndi örugglega stuðla að aukinni valdreifingu hér heima með því að knýja stjórnvöld til að draga úr viðskiptahömlum, óeðlilegum ríkisafskiptum o.fl

**Möguleg einangrun Íslands**

Ekki er líklegt að Ísland einangraðist frá öðrum Evrópuþjóðum þótt við myndum standa utan Íslands. Við gætum áreiðanlega haldið áfram vinarlegum samskiptum. Hins vegar myndum við ekki eiga jafngreiðan aðgang að marvíslegu menningar- og vísindasamstarfi EB.

**Myndi Ísland fyllast af útlendingum**

Fámenn þjóð er miklu viðkvæmari fyrir fólksflutningum milli landa en aðrar fjölmennari þjóðir. Þó er eflaust mesta hættan falin í því að fólk flýji land. Mikilvægt er því að búa þannig um skilyrði hér á landi þannig að ungt fólk vilji búa hér áfram. Þjóðarbragurinn myndi breytast ef ungt fólk flytti úr landi í leit að betri lífkjörum. Ef við lítum hinsvegar til þeirrar "hættu" að mikið verði hér um innflytjendur þá er ekki líklegt að miklum fjölda fólks sunnar í álfunni þyki Ísland fýsilegt til ábúðar en alur er varinn góður. Hyggilegt gæti verið að semja við EB um sérákvæði varðandi fólksflutninga

**Myndu útlendingar kaupa Ísland**

Ef Íslendingar gengju í EB þyrfti ekki að semja við bandalagið um sérstök öryggisákvæði um fjármagnsflutninga til landsins til þess að tryggja að íslenskar fasteignir og atvinnutæki höfnuðu ekki í höndum útlendinga í of ríkum mæli. Slík ákvæði væru kannski réttmæt í sambandi við sumarbústaði og íbúðarhús út frá mannflutningasjónarmiðunum. Það að útlendingar eigi og reki fyrirtæki á almennum samkeppnismarkaði ætti þó ekki að skipta neinu máli. Það dettur þó engum í hug að selja útlendingum Landsvirkjun eða óafturkræfan kvóta.

## 5. Þróun atvinnuveganna

***Atvinnuvegirnir (Sigurður Snævarr)*****Framlag atvinnugreina til landsframléiðslu**

Megindrættir þróunar á tímabilinu 1983-1991 eru að hlutur þjónustugreina hefur vaxið á kostnað frumframleiðslu. Hlutur landbúnaðar hefur dregist saman um 3% úr 7% í rúm 4%. Starfsemi hins opinbera hefur vaxið úr 13% í nær 16.6%. Hlutur fiskveiða og vinnslu hefur verið háður sveiflum.

### Framleiðni

Breytingu framleiðslu má skipta í tvo þætti: 1) aukin notun framleiðsluþátta og 2) betri nýting þeirra. Síðari þátturinn er kallaður framleiðni, en framleiðni er forsenda batnandi lífskjara. Framleiðni vinnuafls er t.d. skilgreint sem vinnsluvirði/fjöldi\_vinnustunda. Samkvæmt ýmsum könnunum þykir framleiðni í íslenskum fyrirtækjum vera lítil og lítil framleiðsluaukning hafa verið 1973-1983. Helstu ástæður fyrir þessu eru taldar vera slök efnahagsskilyrði (t.d. há verðbólga, miklar sveiflur, smæð markaðsins og hamlandi afskipti stjórnvalda).

### Stærðardreifing fyrirtækja og samkeppni.

70% fyrirtækja á Íslandi eru með 2 starfsmenn eða færri og einungis 5% fyrirtækjanna eru með fleiri en 10 starfsmenn. 5% stærstu fyrirtækjanna greiða þó rúma 2/3 af heildarlaunum í þjóðfélaginu. Þetta er vísbending um mikla samþjöppun og að markaðsmáttur stærstu fyrirtækjanna í mörgum atvinnugreinum sé mikill. Slíkt felur í sér hættu á takmarkaðri samkeppni, einokun eða fákeppni.

Í ríkjum sem eru opin fyrir erlendri samkeppni eru viðskiptastefna og samkeppnisstefna ákaflega samofnar og fæst hafa strangar samkeppnisreglur innanlands. Í stað laga um samkeppnisreglur hefur verðlagning hér á landi lengst af verið háð samþykki opinberra aðila. Fyrstu merki slíkt má finna á áfum fyrri heimsstyrjaldarinnar þegar ráðherra var veitt tímabundin heimild til að ákveða verðlag á innlendri og erlendri nauðsynjavöru. Árið 1934 voru tíða lög um afurðasölu landbúnaðarins sett. Árið 1937 var ráðherra heimilað að ákveða útsöluverð eða álagningu í heild- eða smásölu. Árið 1961 voru ýmsar vörutegundir undanþegnar ákvæðum um hámarksálagningu. Ætla má að þessi ríkisafskipti hafi aukið samþjöppun fyrirtækja og styrkt hagsmunasamtök einstakra greina atvinnulífsins.

Árið 1978 voru sett lög sem stefndu að frjálstri verðlagningu þegar samkeppni var talin nægjanleg. Lög þessi komu ó ekki til framkvæmda fyrr en 1983. Vegna ónógrar samkeppni var t.d. verð á olíu háð verðlagsákvæðum allt til ársins 1991. Árið 1992 voru samþykkt samkeppnislög sem tóku mið af þeim samkeppnisreglum sem giltu á EES. Í lögum þessum var lagt bann við samvinnu milli samkeppnisaðila um verð, gerð tilboða eða markaðsskiptingu og útgáfu leiðbeinandi verðs. Í stað verðlagseftirlits var sett upp samkeppniseftirlit.

### Afkoma og eigið fé

Afkoma íslenskra fyrirtækja sveiflast verulega milli ára og milli einstakra atvinnugreina. Verðbólga, sveiflur í raungengi og mat á raunverulegu virði eigna torvelda mjög samanburð á arðsemi fyrirtækja. Fjárfestingar erlendra aðila hefur fyrst og fremst verið í formi lánsfjár, enda hefur löggjöf um eign erlendra manna í íslenskum fyrirtækjum verið ákaflega þröng. Lög þessi voru þó rýmkuð árið 1991. Þó er enn kveðið á um meirihlutaeign Íslendinga að flugfélögum og eignarhluti erlendra aðila að viðskiptabönkum er takmarkaður við fjórðung. Eignaraðild útlendinga í sjávarútvegi og orkulindum er bönnuð.

### Atvinnustefna

Atvinnustefna er skilgreind sem: stefnumótun stjórnvalda sem miðar að því að stýra aðlögun og þróun atvinnulífsins í tiltekna áttir. Hún beinist fyrst og fremst að einstökum greinum atvinnulífsins, uppbyggingu þeirra og þróun fyrirtækja og framleiðslu innan þeirra. Atvinnustefna er þannig í eðli sínu ríkisafskiptastefna að einhverju leyti. Greina má þrjár meginlínur í atvinnustefnu:

#### Frjálslynda stefnu

þ.e. atvinnustefna gegnir litlu hlutverki m.v. almenna efnahagsstefnu. Besta dæmið um frjálslynda stefnu eru Bandaríkin og e.t.v. Bretland.

#### Samráðsstefnu

Stefnumótunarferli byggt á samstöðu milli hagsmunaaðila og ríkisins. Stundum hefur ríkið forystu um að ná fram slíkri samstöðu. Þó eru það ósjaldan hagsmunaaðilarnir sem eiga frumkvæðið. Dæmi: Norðurlöndin og Austurríki.

#### Ríkisafskiptastefnu

Líkist samráðsstefnu nema hvað ríkið hefur algera forystu um mótun stefnunnar. Ríkið mótar langtímastefnu í atvinnumálum með stuðningi við vaxandi atvinnugreinar, ellegar og oftar stutt við hnignandi atvinnugreinar. Dæmi: Frakkland og Japan.

Ríkisafskipti í atvinnustefnu á Íslandi hafa einkum birst í ríkisreknu fjármálakerfi. Þau hafa einnig komið fram í skömmtnun á innflutningi og nokkrum allviðamiklum fjárfestingaáætlunum. Skömmtnun er andstaða markaðar. Skömmtnun varð mikilvægur þáttur atvinnustefnunnar, t.d. með skömmtnun lánsfjár til fyrirtækja í gegnum ríkisreknar lánastofnanir. Enn eimir af þessu stofnanakerfi þótt frjálsari verðmyndun fjármagns hafi verið komið á í áföngum. Kjarni atvinnustefnu er stýring á fjárfestingu, en mörg dæmi um slíkt eru í íslensku hagsögu: Nýsköpun undir forystu nýbyggingarráðs (1944-47), Fjárhagsráð (47-53), Langtímaáætlun Marshallaðstoðar, Framkvæmdabanninn (1953-66), Stóriðjunefnd á viðreisnarárunum og Framkvæmdastofnun ríkisins. Þróun fjármagnsmarkaðanna síðustu ára kalla þó á breytta atvinnustefnu (dæmi: fiskeldisævintýrið).

### Byggðastefna

Víða um heim hafa stjórnvöld reynt að hafa áhrif á byggðarþróun, þó sérstaklega norðurlönd. Markmiðum var náð með því að beita styrkjum til fyrirtækja og niðurgreiðslum á fjármagns- eða launakostnaði. Atvinnubótasjóður (stofnaður 1962) er í raun ættfaðir byggðarstefnu á Íslandi en megintilgangur hans var að veita lán eða styrki og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins. Árið 66 tók atvinnuöfnunarsjóður við af Atvinnubótasjóði og nokkrum árum síðar voru settar á laggirnar atvinnuálanefndir í öllum kjördæmum.

Á áttunda áratugnum varð byggðarstefnan skýrt afmörkuð. Framkvæmdastofnun ríkisins var sett á laggirnar og henni falinn Byggðasjóður sem tók við Atvinnuöfnunarsjóði og víðtækum áætlunarverkefnum um byggðarmál. Byggðarstefnan var lýst þannig: ...meginstefna að allt landið haldist í byggð og að í hverjum landshluta verði eld lífvænleg skilyrði til vaxtar og þróunar þéttbýliskjarna. Sú byggðarstefna sem rekin var í upphafi 8. áratugsins byggðist nær einvörðungu á fyrirgreiðslu til fjárfestinga í atvinnutækifærum. Slík fyrirgreiðsla byggist á því að hagkvæmustu fyrirtækin séu skattlögð til þess að greiða undir þau óhagkvæmari og hlýtur því í sjálfu sér að vera óhagkvæm.

### Sjávarútvegur

Vinnsluvirði sjávarútvegs hefur legið á bilinu 12-17% f þáttatekjum á síðustu tíu árum. Til samanburðar má nefna að hlutdeild iðnaðar (annars en fiskiðnaðar) hefur leikið á bilinu 15-17% af landsframleiðslu. Mikilvægi sjávarútvegs kemur helst fram í utanríkisviðskiptum en sjávarafurðir eru 3/4 hluti vöruútflutnings og skila 55% af gjaldeyristekjum Íslendinga. Miklar sveiflur eru að jafnaði í sjávarútvegi og hefur það mikil áhrif á íslenska hagkerfið í heild. Þetta má augljóslega sjá með því að bera saman þróun fiskafla og VLF.

Vélvæðing í sjávarútvegi hófst í upphafi aldarinnar. Hlutur sjávarútvegs vex hratt á fyrstu áratugum 20. aldarinnar, nær hámarki árið 1920 (23% vinnuafls) en fer lækkandi eftir það (12% árið 1990). Einkum er það mannaflí í fiskveiðum sem hefur lækkað hlutfallslega mest en hlutur fiskvinnslu hefur verið næsta stöðugur.

Einkenni á þróun framleiðslutækni er að hún er fremur í stökkum en samfelld, en slíkt á einnig við um fiskveiðar. Skip landsmanna voru lengst af árabátar og handfæri eina veiðarfærið. Botnvarpan kemur til sögunnar á síðustu áratugum aldarinnar og er tekin í notkun af Íslendingum í upphafi þessarar aldar. Fiskiskipaflotinn hefur vaxið stórlega. Fjölgun togara á sér einkum stað á fjórum tímabilum: í kjölfar vélvæðingarinnar, á þriðja áratugnum, á nýsköpunarárunum og með tilkomu skuttogara upp úr 1970.

Tilgangur vinnslu sjávarafurða er að varðveita hráefnið frá miðum að markaði en í þessu felst augljós virðisauki. Verðstýring hefur verið mikil og mörg fyrirtæki eru með margar verkunaraðferðir, sem dregur úr áhættu þeirra.

### Frysting

Frysting hefst á Íslandi á 4. áratugnum. Frystihúsaáætlunin í kringum 1970 leiddi til þess að gæði hafa stórukist. Gæði jukust einnig með tilkomu skuttogara því úthald styttist og meðferð um borð batnar. Sjófrysting hefur færst mjög í vöxt en árið 1991 voru 11% útflutningsframleiðslu sjávarafurða sjófrystur fiskur.

**Markaðir**

Um þrenns konar markaði fyrir sjávarafurðir er að ræða í heiminum  
Bein sala til neytenda eða veitingastaða

Sala á ferskum fiski gegnum milliliði á uppboðsrúðum

Sala á stöðluðum afurðum. Sölusamtök; einkonar einokun eða fákeppni

Á bandaríkjamarkaði er einkum að ræða sölu á 3. tegund markaðar, en fremur 1. og 2. á Evrópumarkaði. Gengis-, verð- og aflasveiflur hafa í för með sér samsvarandi sveiflur í sölu Íslendinga á einstaka markaði. Evrópumarkaðurinn verður sífellt mikilvægari. Þróun verðs sjávarafurða hefur verið okkur mjög hagstæð m.v. vegna ofveiði samkeppnisþjóða og aukinni fiskneyslu.

**Sölusamtök**

Frystihús landsins eru skipulögð í tvenn sölusamtök: Sjávarafurðadeild SÍS (1942) og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (SH - 1943). Í kjölfar lágs verðs og aukinna tolla stofnuðu saltfiskverkendur Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda (SÍF - 1932) sem fékk síðar einkaleyfi til útflutnings á saltfiski (afnumið 1992). Síldarútvegsnefnd hefur haft lögverndaða einkasölu á síld síðan 1953. Sölusamtökin eru í eigu framleiðendanna. Meginhlutverk þeirra er að selja framleiðsluna á sem hæstu verði í e.k. umboðssölu. Aðildarfyrirtækjum samtakanna er óheimilt að selja afurðir framhjá sölusamtökum.

**Afkoma**

Rekstrarafkoma hefur verið lykilstærð í íslenski efnahagspólitík. Millifærslur til sjávarútvegs voru allsráðandi á tímabilinu 1947-1960. Í upphafi byggðust þær á verðtryggingum ríkissjóðs á útflutningi og síðar á styrkveitingum til frystihúsa og saltfiskverkenda. Ástæðan fyrir þessum millifærslum var augljóslega rangskráning gengis. Með gengisfellingu árið 1950 var stigið skref í átt til frjálslyndari stefnu og henni fylgdi afnám stórs hluta ábyrgðar ríkis. Þetta frjálslyndisskeið stóð hinsvegar skammt vegna erfiðleika í sjávarútvegi 50-51.

**Sjóðir**

Árið 1955 var stofnaður Framleiðslusjóður, síðar Útflutningssjóður sem er langvítækasta millifærslukerfið sem hér hefur verið. Tekna til greiðslu hallareksturs sjávarútvegsins var aflað með auknum aðflutningsgjöldum og síðar með yfirfærslugjaldi á gjaldeyriskaup (plat-gengisfelling). Viðreisnastjórnin hugðist binda endi á millifærslukerfið og felldi gengið um 57%.

Fiskveiðasjóður Íslands, Aflatryggingasjóður, Tryggingasjóður fiskiskipa, Úreldingarsjóður ofl. höfðu það markmið að færa fé milli fyrirtækja í sjávarvegi og tryggja ýmsar greiðslur sem lagðar voru á sjávarútveg. Tekjustofnar þessara sjóða hafa einkum verið útflutningsgjald. Árið 1986 var sjóðakerfi sjávarútvegsins einfaldað verulega og Greiðslumiðlun sjávarútvegsins stofnuð en hún gerir m.a. skil á tryggingum flotans.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var stofnaður árið 1969. Tilgangur hans var að draga úr áhrifum sveiflna í verði sjávarafurða á hagkerfið. Álitamál er hvernig til tókst, þar sem erfitt reyndist að safna í sjóðinn á uppgangstímum. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins leysti gamla sjóðinn af hólmi voru 1990 en hann byggði á föstum reglum um útreikning á viðmiðunarverði og útgreiðslur til einstakra fyrirtækja takmörkuðust við inneign þeirra í sjóðnum.

### **Verðmyndun**

Fram til 1962 hafði sjávarútvegsráðherra endanlegt vald til úrskurðar um fiskverð. Frá þeim tíma hefur verið samið um það milli kaupenda og seljenda í Verðlagsráði sjávarútvegsins, en það er skiptað 12 mönnum frá fiskkaupendum og -seljendum. Náist ekki samkomulag um verð er málinu vísað til yfirnefndar en þar sitja 2 frá hvorum og oddamaður er forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Samkvæmt lögum ber yfirnefnd að líta til: 1) Rekstrarafkomu veiða og vinnslu, 2) markaðsverðlags sjávarafurða og 3) Tekna sjómanna miðað við aðrar atvinnustéttir. Árið 1991 var sett lög um það að fiskverð skuli vera frjálst en meirihluti Verðlagsráðs gæti þó ákveðið tímabundið lágmarksverð.

### **Opinber afskipti**

Opinber afskipti hafa mótast af því að gengisstefnan hefur þjónað öðrum markmiðum en þeim að móta sjávarútvegnum viðunandi rekstrarskilyrði. Með löngum fastgengistímabilum var sjávarútvegurinn skattlagður umfram aðra. Rekstrarhalla sjávarútvegsins var hinsvegar mætt með lánaþyrpingum og neikvæðir raunvextir hafa jafngilt rekstrarstyrkjum til framleiðenda.

### **Stjórn fiskveiða**

Reglur um lágmarksstærð fisks og möskvastærð voru settar árið 1954 á grundvelli alþjóðasamþykktar. Tímabundinni lokunnar veiðisvæða hefur verið beitt frá 1977. Árið 1987 var lögfest bann við innflutningi fiskiskipa og takmarkanir settar á lánveitingar til smíða innanlands. Skilyrði fyrir kaupum á nýjum fiskiskipum var að úrelða þyrfti annað jafnstórt skip. Heildarkvótum hefur verið beitt frá árinu 1966. Setning heildarkvóta er frumstæð stjórnunaraðferð sem leiðir til of mikils veiðikostnaðar, slakra gæða og lélegrar nýtingar. Á árunum 1978-1983 var svokölluðu skrapdagakerfi beitt við stjórnun þorskveiða en þá var skipum haldið frá þorskveiðum tiltekna daga á ári hverju. Skrapdögum fjölgaði eftir því sem á leið, úr 25 dögum fyrstu árin í 110 daga síðasta árið.

### **Kvótakerfið**

Haustið 1983 gaf Hafró út "svarta skýrslu" sem telja verður áfellingisdóm yfir skrapdagakerfinnu. 20. des. 1983 var kvótakerfi í botnfisksveiðum samþykkt. 8. feb. 1984 var kvóta úthlutað til skipa og var miðað við afla skipa 1981-1983. Kvóti var framseljanlegur a) milli skipa sömu útgerðar eða verstöðvar b) milli verstöðva enda sé um að ræða skipti á mismunandi fisktegundum á jöfnu verðmæti og d) milli verstöðva með sérstöku samþykki sjávarútvegsráðaneytis.

Kvótakerfið hefur haldist óbreytt í grundvallaratriðum. Síðasta endurskoðun laganna var árið 1990 en eftir þá endurskoðun voru meginþrög kerfisins eftirfarandi:

**Gildissvið**

Kvótakerfið tekur til nær allra fisktegunda og skipa sem gerð eru út í atvinnuskyni.

**Aflahlutdeild**

Hverju skipi er úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundar út frá hlutfallslegri kvótaeign

**Smábátar**

Smábátar sem ekki voru háðir kvótum fyrir 1991 fengu kvóta byggðan á afla þeirra á undangengum 3 árum. Bátar undir 6 tonnum var gefið leyfi til veiða með línu og handfæri með dagtakmörkunum (krókaleyfi)

**Flutningur aflamarks milli ára**

Flytja má 20% af aflamarki botnfisktegunda og úthafsækju milli fiskveiðiaára

**Framsal aflamarks milli skipa**

Útgerð má færa aflamark milli skipa. Aflamark fylgir skipum.

**Framsal aflamarks milli byggðaraga**

Sveitarstjórn hefur forkaupsrétt á skipi og aflamarki þess ef selja á skip milli sveitarfélaga.

**Leiga eða sala**

Framsal aflahlutdeildar getur verið með tímabundinni leigu eða með frambúðarsölu. Úthlutun veiðiheimilda myndar hinsvegar ekki eignarétt eða óafturkallanlegt forræði.

**Veiðileyfi og eftirlit**

Leyfi til fiskveiða eru seld vægu verði sem miðast við verðmæti veiðiheimildar. Tekjur af gjaldinu renna til aflaefirlits.

**Útflutningur óunnins afla**

15-20% álag reiknast á helstu botnfisktegundir ef þær eru fluttar óunnar út.

Reynslan á kvótakerfinu hefur verið sú að raunverulegur afli hefur verið 26.6% meiri en tillögur hafró og 13% meiri en úthlutaður kvóti. Stór galli við kvótakerfið er sá að miklar líkur eru á því að smáfiski sé hent en þegar um sóknarmark er að ræða.

Rök fyrir hagkvæmni kvótakerfisins eru:

**Séreignarréttur**

Hvert skip hefur rétt á tiltekinni hlutdeild í leyfðum heildarafla. Slíkt skapar í raun séreignarrétt yfir viðkomandi hluta fiskstofnsins og hvetur til lágmörkunar veiðikostnaðar og hásmörkunar aflaverðmætis. Þó ríkir ákveðinn vandi vegna óvissu sem ríkir um framtíðarskipulag fiskveiðistjórnunar.

**Framseljanlegir kvótar**

Allar líkur eru á því að hagkvæmustu rekstrareiningarnar muni kaupa kvóta hinna sem ekki gera út með jafnmikilli hagkvæmni. Áætlað er að um 17% af úthlutuðum kvóta skipti árlega um hendur.

**Auðlindagjald**

Mikið hefur verið deilt um þann hátt að úthluta veiðiheimildum endurgjaldslaust til útgerðarmanna. Þetta er þó einkum talið réttlætismál frekar er hagkvæmismál. Bjarni Bragi Jónsson setti fram röksemdir um að líta mætti á tollvernd iðnaðar og ranga gengisskráningu sem auðlindaskatt. Hann taldi nauðsynlegt að færa auðlindaskattin beint á sjávarútveginn, m.a. til þess að draga úr sókn í fiskistofna og gefa iðnaðinum vaxtarfæri. Þorvaldur Gylfason heldur því fram að hagkvæmara fyrirkomulag sé sala aflakvóta á frjálsum uppboðsmakaði. Ragnar Árason heldur fram kostum aflamarkskerfisins en þó telur hann ýmsar endurbætur vanta.

**Landbúnaður****Landbúnaður**

Framleiðsla búvöru, en úrvinnsla búvöru er færð undir iðnað í atvinnuvegaflokkun. Tengsl milli framleiðslu og vinnslu eru hinsvegar mjög nán hvað varðar stefnu í málefnum landbúnaðar og eignartengsl oft skýr.

Framleiðsla landbúnaðarvara jókst um 93% á fyrri helming aldarinnar. Allt fram til 1960 er skortur á helstu landbúnaðarafurðum og um talsverðan innflutning að ræða. Skömmtun var á mjólk, smjöri og rjóma yfir vetrarmánuðina. Uppúr 1960 var komið jafnvægi á milli framleiðslu og neyslu landbúnaðarafurða. Fjármunamyndun í landbúnaði var um 10% af heildarfjárfestingu landsmanna allt fram undir 1970. Verulegur hluti þessa hefur verið í ræktun og girðingum.

Skýrsla Iðntæknistofnunar um framleiðni á Íslandi (1987) sýnir að framleiðni í íslenskum landbúnaði er mjög lán miðað við önnur lönd og jafnframt hefur framleiðniaukning vinnuafls í greininni verið nánast engin um langt skeið. Íslenskur landbúnaður er þó að mörgu leyti frábrugðin erlendum, t.d. er hér engin kornrækt.

### Verðlagning landbúnaðarafurða

Íslendingar voru miklir stuðningsmenn frjálsrar verslunar fram til kreppunnar, en þá féll verð landbúnaðarafurða mjög. Verðfall þetta hafði gífurleg áhrif á afkomu og kjör bændastéttarinnar. Árið 1943 voru sett lög til þess að bæta hag bændna, þannig að verð sláturfjárafura skyldi ákveðið af fimm manna nefnd. Sama ár var verðjöfnunargjald sett á mjólkurvörur og kveðið á um að öll mjólk skyldi seld gegnum mjólkursamlög á viðkomandi svæði.

### Sexmannanefnd

Frá og með 1947 hefur sex manna nefnd séð um verðlagningu afurða. Verðið var byggt á búreikningum Búreikningastofu landbúnaðarins. Verð búvöru til framleiðenda átti að miðast við að tekjur þeirra sem stunda landbúnað væri í samræmi við tekjur annarra stétta. Nú ákveður sexmannanefndin verð nautgripa- og sauðfjárafurða, eggja, kjúklinga og hrossa.

### Fimmannanefndir

Fimmannanefnd ákveður heildsöluverð nautgripa- og sauðfjárafurða. Í henni sitja fulltrúar afurðastöðva og aðilar vinnumarkaðsins. Önnur fim manna nefnd ákveður smásöluverð á mjólk og ýmsum mjólkurafurðum og einnig verð kindakjöts í heilum skrokkum og verð nokkurra flokka nautakjöts. Frá og með 1985 hefur smásöluverð annarra landbúnaðarafurða verið frjálst.

### Niðurgreiðslur

Niðurgreiðslur hefjast 1943 með dýrtíðarlögum, en samkvæmt þeim skyldi greiða niður verð kindakjörs, nýmjólkur, smjörs og kartaflna. Helstu rök fyrir þessu eru: lægri afurðarverð, aukin sala, bætt staða hinna efnaminni, minnkun framfærslukostnaðar og þar með minni launahækkunarir. Hagkvæmara er þó að ná þessum markmiðum fram með annarskonar hætti, s.s beinum millifærslum til neytenda. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur á landbúnaðarafurðum hafa reynst ríkissjóði þungur baggi. Þó hefur dregið hefur úr niðurgreiðslum bæði í hlutfalli við framleiðsluverðmæti og við tekjur ríkissjóðs.

### Framleiðslustjórnun

Aukning varð í landbúnaðarframleiðslu á 8. áratugnum vegna landbúnaðarstefnu vinstri stjórna Ólafs Jóhannessonar. Stjórnin miðaði að því að auka framleiðslu búvara með útflutning í huga. Vandí við þetta var sá að bændum var tryggt fullt verð fyrir framleiðslu sína óháð framboði og eftirspurn. Engin upplýsingaboð komu þannig frá markaðinum til framleiðandans í gegnum verðkerfið. Vegna tímabundinnar röskunar á byggð og félagslegum ástæðum hefur ekki verið farin sú leið að gera búvörumarkaðinn frjálsan. Ýmsar leiðir eru til þess að koma á betra jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar búvara, t.d.:

#### Aukin sala afurða

Tímabundnar útsölur og söluátök kostuð af ríkissjóði

**Framleiðsluminnkun**

T.d. með skattlagningu aðfanga, stjórnun fjárfestinga, verðlagsákvarðana, beinum samningum um framleiðslu eða stighækkandi framleiðsluskatti.

Ýmis tilbrigði af þessum aðferðum hafa verið reynd hér á landi frá því að framleiðslustjórnun var tekin upp árið 1980. Lög um framleiðslustjórn voru sett 1979-80 og fólu í sér innheimtu kjarnfóðurgjalds og ákvörðun búmarks fyrir einstaka bændur. Kjarnfóðurgjaldið miðaði að því að draga úr framleiðslu. Búmarkskerfið var vísir að kvótakerfi, en fól þó í sér eftiráuppgjör og var fremur kvóti á útflutningsbætur en framleiðslu. Framleiðslustjórnun með kvótakerfi var komið á 1985. Kvóti bænda miðaðist við framleiðslu undangenginna ára og var bændum tryggt fullt verð fyrir alla framleiðslu upp að kvóta.

**Búvörusamningurinn**

Vorið 1991 var undirritaður búvörusamningur sem hafði það að meginmarki að: ná jafnvægi milli framleiðslu, sölu búvara og eftirspurnar á innanlandsmarkaði og að draga úr ríkisútgjöldum til landbúnaðar. Til þess að ná þessum markmiðum var ákveðið að framleiðslan skyldi miðast við innanlandsneyslu tveggja næstsíðustu ára að teknu tilliti til eðlilegrar birgðastöðu og öryggismarkmiða. Einnig var stefnt að lækkun og síðar afnámi útflutningsbóta. Breytingar þessar fólu í sér breytingar á framleiðslustjórnun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt.

**Landbúnaðarstefna annarra ríkja**

Landbúnaðarstefna nágrannaríkja er ekki ólík þeirri sem hér ríkir. Veruleg offramleiðsla landbúnaðarafurða er í öllum vestrænum ríkjum. Afurðarverði er haldið uppi og umframbirgðum "dumpað" á heimsmarkaðinn. Í þróunarríkjum er verði landbúnaðarvara hinsvegar haldið niðri til að vernda fátæklingana sem þyrpast til borganna. Lágt heimsmarkaðsverð kemur þróunarríkjunum ekki nema að hluta til góða og þegar til lengdar lætur er það andstætt þeirra hagsmunum.

**Landbúnaðarstefna EB**

Helstu stefnumál EB í landbúnaðarmálum eru:  
Sameiginlegur markaður fyrir landbúnaðarafturðir

EB framleiðsla nýtur forgangs

Sameiginleg fjármögnun útgjalda

Sameiginleg skipulags- og þróunarstefna.

Offramboð innan ESB er gífurlegt. Hin síðari ár hefur framleiðsla á m.a. mjólkurvörum og sykkurófum verið háð kvótum.

**Innflutningsvernd**

Innflutningur þeirra landbúnaðarvara sem þegar eru framleiddar hér á landi hefur verið mjög umdeildur. Afnáam innflutningsverndar myndi leiða til lækkunar verðlags, kaupmáttur neytenda myndi aukast og jafnframt eftirspurn þeirra. Samkeppni myndi leiða til hagræðingar í íslenskum landbúnaði en hún myndi einnig leiða til verulegrar fækkunar bænda. Meta þarf þannig arðsemi m.t.t. hagræns og félagslegs kostnaðar sem hið aukna atvinnuleysi myndi skapast.

### Landbúnaðarstefna - markmið og leiðir

Eftirfarandi 9 markmið landbúnaðarstefnu má tilfæra:

#### Tekjumarkmið

Að bændum sé tryggðar tekjur og lífskjör í samræmi við aðra

#### Hagkvæmnismarkmið

Að auka hagkvæmni í landbúnaði

#### Stöðugleikamarkmiðið

Að jafna afurðaverð til framleiðenda

#### Öryggismarkmiðið

Að tryggja nægjanlegt framboð matvara ef til stríðs eða náttúruhamfara kemur.

#### Neytendamarkmið

Að tryggja neytandanum "hæfilegt" verð

#### Byggðamarkmið

Að halda landinu í byggð

#### Umhverfismarkmið

Að standa vörð um náttúruauðlindir og umhverfi

#### Félagslegt markmið

Að virða félagslega uppbyggingu landbúnaðar, s.s. að viðhalda fjölskyldubúrekstri í stað "stórbýlastefnu" eða verksmiðjurekstrar.

Vandinn við mótun stefnu á grunvelli ofantalinna markmiða er ekki síst að innbyrðis mótsögn eru á milli þeirra. Vegna þessara mótsagna hafa markmiðin einatt verið sett fram á mjög óljósann hátt.

## Iðnaður

### Iðnaður

Samheiti margra atvinnugreina. Hagstofan skilgreinir iðnað sem atvinnustarfsemi í verksmiðjum, verkstæðum og heimilum sem er fólgin í "mekanískri" eða "kemískri" umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi. Iðnaður hér á landi er flokka í eftirfarandi hópa: 1) Úrvinnslu landbúnaðarafurða, 2) Samkeppnisiðnaður, 3) viðgerða- og þjónustuiðnaður og 4) orkufrekur iðnaður.

Iðnaður verður vart til sem sjálfstæður atvinnuvegur fyrir en upp úr aldamótum. Fyrstu greinar iðnaðar byggðust á úrvinnslu innlendra hráefna. Þróun iðnaðar á Íslandi er nátengd þróun tolla- og gjaldeyrismála. Á þriðja áratugnum voru stigin fyrstu skrefin í átt til verndartolla með 20% verndartolli á flestar innfluttar vörur. Viðhorf frjálsrar millirikjaverslunar breyttist mjög í kreppunni, en þá var sú stefna mörkuð að auka fjölbreytni atvinnulífsins með viðameiri ríkisafskiptum en áður tíðkuðust. Í mörgum tilfellum verndartolla má efast um gjaldeyrissparnað þegar haft er í huga hversu mikill innflutningur hráefnis og véla var.

## EFTA

Þróun frá haftastefnu og tollvernd til frjálsar samkeppni átti sér stað í nokkrum áföngum. Viðreisnarstjórnin steig stórt skref í þessa átt með aðgerðum 1960 sem miðuðu að afnámi hafta í áföngum. Árið 1965 er 65-70% vöruinnflutnings orðin frjáls og 90% árið 1970. Gengi var lækkað, tollalög samræmd, tollar lækkaðir og almennur söluskattur var lagður á. Erfiðleikar í efnahagslífinu var helsti hvati til þess að Ísland gerðist aðili að Fríverslunarbandalagi Evrópu (EFTA) í mars árið 1970. Aðildinni átti ekki síst að fylgja ávinningur fyrir iðnþróun. Helstu atriði sammingsins voru:

Tollfrjáls aðgangur fyrir iðnvöru í EFTA strax við upphaf aðildar

Lækkun innlendra verndartolla var komið á í áföngum.

Tollar af hráefnum til iðnaðar voru lækkaðir um 50% strax við inngöngu.

Forsvarsmenn iðnaðarins voru fylgjandi inngöngu í EFTA á þeirri forsendu að stafsskilyrði iðnaðar yrðu bætt, þó einkum með því að lækka tolla af hráefnum til iðnaðar og samræma skatta iðnfyrirtækja við þá skatta sem giltu í samkeppnislöndum. Í ýmsum veigamiklum þáttum hefur þó ekki verið staðið við loforðin.

Árið 1973 gengu Bretland og Danmörk í EB og við það minnkaði EFTA-markaður mjög. Bretar og Danar voru mikilvægar viðskiptaþjóðir. Þetta knúði því mjög á um samninga við EB og tókust þeir sumarið 1982. Ákvæði sammingsins voru helst um iðnaðarvöru, þ.e. að 1) tollar á íslenska iðnaðarvöru í EB skyldu felldir niður í 5 áföngum og 2) innfluttar iðnaðarvöru frá EB skyldu njóta söm tollfríðinda og samið var um við EFTA.

## Innri markaður EB - áhrif á Ísland

Samkvæmt Þjóðhagsstofnun eru áhrif innri markaðar EB og EES á íslenskan markað þessi:

### Versnandi samkeppnisstaða

Íslensk iðnfyrirtæki geta að jafnaði gert ráð fyrir versnandi samkeppnisstöðu vegna verðlækkunar á innfluttum iðnaðarvöru frá EB

### Hagkvæmni á fjármagnsmarkaði

Afnám hafta á fjármagnsmarkaði kemur íslenskum iðnfyrirtækjum til góða og gefur möguleika á ódýrri fjármálaþjónustu

**Sérhæfing íslensks iðnaðar**

Lítill hluti iðnfyrirtækja starfar í þeim 40 greinum sem taldar eru næmastar fyrir myndun innri markaðar í Evrópu.

**Iðnaður tengur landbúnaði**

Miklar breytingar geta orðið á þeim iðnfyrirtækjum sem vinna úr landbúnaðarvörum með tilkomu aukins viðskiptafrelsis.

**Fiskútflutningur**

Lækkun tolla kæmi íslenskum lagmetisiðnaði mjög til góða þar sem tollagreiðslur til EB af útfluttum lagmetisafurðum koma niður á samkeppnisstöðu Íslands.

**Framleiðni**

Iðnaður hefur haldið hlut sínum í mannafla að jafnaði, en þó hefur hlutur hans lækkað á síðustu árum vegna aukningar í þjónustugreinum. Iðnframleiðsla hefur vaxið nokkuð í takt við framleiðslu í öðrum greinum. Meðalframleiðniaukning er 1,7% á ári sem er svipað og í Bandaríkjunum og Bretlandi og heldur meira en í Noregi.

**Gengið og iðnaðurinn**

Raungengi sem nær að koma rekstri meðalfyrirtækis í sjávarútvegi við núllið er mun hærra en iðnaðurinn getur með góðu móti borið. Þetta hefur haft afgerandi þýðingu fyrir starfsskilyrði iðnaðar. Sjávarútvegurinn hefur í gegn um tíðina nýtt skattaávilnanir í formi lægra aðstaðugjalds og tryggingagjalds. Iðnaðurinn hefur ekki haft kost á slíku.

**Atvinnuþróun, hvert stefnir (Þorvaldur Gylfason)****Sjávarútvegur**

Hlutur sjávarútvegs í þjóðarbúskap okkar hlýtur að dragast saman á næstu árum. Þar eð fiskstofnarnir við landið eru fullnýttir nú getum við ekki vænst meiri tekna af fiskveiðum í framtíðinni en við njótum nú. Eini möguleikinn til framsóknar í sjávarútvegi (fyrir utan hagræðingu) er innlend verðmætaaukning eða betri markaðir fyrir fiskinn (hærra verð).

**Iðnaður verslun og þjónusta**

Við höfum ekki gætt þess að búa okkur undir nauðsynlega uppbyggingu iðnaðar, verzlunar og þjónustu. Við höfum t.d. miðað gengisskráningu krónunnar við þarfir og óskir sjávarútvegsins í allt og rísum mæli á kostnað annarra atvinnugreina, sem hefðu geta blómstrað við hagstæðara gengi. Sjávarútvegurinn fær ókeypis hráefni úr sjó. Slíkt búa hinir atvinnuvegirnir ekki við. Stjórnvöld hafa ekki treyst sér að laga gengisskráningu krónunnar að þörfum atvinnulífsins í heild fyrst og fremst vegna þess að þá myndi skapast óeðlilegur hagnaður í sjávarútvegi. Sala veiðileyfa eða veiðigjald er lykillinn að skynsamlegri frambúðarlausn á þessum vanda.

**Rannsóknir og vísindi**

Ekki er nóg að leggja rækt við upprennandi atvinnuvegi og treysta innviði þeirra. Við þurfum einnig að styrkja undirstöður atvinnulífsins með tiltækum ráðum. Æðri menntun, rannsóknir og vísindi eru sérstaklega mikilvæg. Verðmæti útflutnings sem hvílir á íslensku hugviti hefur aukist verulega undangengin ár.

## 6. Vinnumarkaður

### Saga

Verkalýðsfélög eru afsprengi iðnbyltingarinnar. Iðnaðarmenn stofnuðu fyrstu félögin hér á landi: prentarar árið 1887 og skósmiðir ári síðar. Fyrstu verkalýðsfélögin sem eitthvað máttu sín voru sjómannafélögin en árið 1894 var Verkamannafélag Akureyrar stofnað og sama ár sjómannafélagið Báran í Reykjavík. Einn megintilgangur félaga verka- og iðnaðarmanna var að efla stéttarvitung og -stolt. Barátta Bárúmma stóð einna helst um það að fá meira greitt í peningum en áður höfðu laun einkum verið greidd í friðu.

**Dagsbrún** var stofnuð árið 1906 og hafði hún mun ákveðnari verkalýðsstefnu en fyrirrennar hennar. Settir voru upp lágmarkstaxtar og reynt að verja að menn utan félags byðu vinnu sína á lægra kaupum. Forgangsréttur félaga til vinnu var mikilvægt baráttumál og fékkst það í gegn gagnvart Landsversluninni í fyrri stræði. Dagsbrún fór í verkfall árið 1913 og gerði í kjölfarið fyrsta kjarasamning sinn. Frá 1915 var það raunverulega viðurkennt sem samningsaðili.

**Verkamannasamband Íslands** var stofnað 1907 og var fyrstu heildarlaunasamtök launafólks. Það starfaði ekki nema til ársins 1910. **Alþýðusamband Íslands** var stofnað árið 1916 af 6 verkalýðsfélögum í Reykjavík og Hafnarfirði. Samfara stofnun ASÍ var Alþýðuflokkurinn stofnaður en tengsl milli ASÍ og flokksins voru formlega slitin árið 1940. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB)** voru stofnuð 1942. Háskólamenn innan BSRB stofnuðu sérsamtök (**BHM**) árið 1957. Opinberir starfsmenn höfðu ekki samningsrétt heldur var kaup þeirra ákveðið með launalögum og af Kjaradómi frá 1962. BSRB fékk verkfallsrétt árið 1977 og BHMR fékk verkfalls og samningsrétt 1987. **Kennarasamband Íslands (KÍ)** var stofnað 1982 og var innan vébanda BSRB þar til 1986.

Atvinnurekendur stofnuðu einnig til samtaka. Hið fyrsta var stofnað 1894 en Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda var stofnað árið 1916 og var það þýðingarmest samtaka vinnuveitenda til ársins 1934. Vinnuveitendafélag Íslands, nú **Vinnuveitendasamband Íslands**, var stofnað 1934, en að stórum hluta skipa fyrirtæki sér í atvinnugreinafélög, s.s. Félag íslenskra iðnrekenda og eiga sambandsfélögin aðild að VSÍ.

### Eðli vinnumarkaðar - tilurð verkalýðsfélaga

Sú hugmynd að með samtakamætti geti verkafólk knúið fram hærri laun en ella skýrir varla tilurð verkalýðsfélaga. Haldtækari skýring liggur í atvinnuskortskeningunni, þ.e. að verkalýðsfélög verði til vegna ótta verkamanna við að missa vinnuna.

Verkalýðsfélög eru þannig andsvar við fákeppni á vörumarkaði, því með tilkomu stórra framleiðslueininga myndi vinnumarkaðurinn einkennast af miklum fjölda launþega sem keppa harðar hver við annan heldur en eftirspyrjendur.

Vinumarkaður er ólíkur öðrum mörkuðum sérstaklega þar sem margar víddir eru á vinnuframlagi. Viðskiptakostnaður er þannig mun meiri á vinnumarkaði en t.d. á vörumarkaði. Kjarasamningar fylgja ávallt vinnumarkaði hvort sem þar eru verkalýðsfélög eða ekki. Verkalýðsfélögin geta þannig minnkað viðskiptakostnað fyrirtækja sem annars þyrftu að semja við þúsundir starfsmanna í stað þess að semja við eitt verkalýðsfélag. Þannig má líta á að verkalýðsfélög komi til vegna ófullkomleika vinnumarkaðsins.

### **Hugsun hins hagsýna manns**

Laumufarþegavandamálið hefur verið eitt helsta vandamál verkalýðsfélaga. Hegðun hvers og eins hefur ekki mikil áhrif á launamál og því er það best fyrir hvern einstakling að vera fyrir utan verkalýðsfélögin en njóta þó þeirra kjara er það semur um. Með þessu kemur hann sér undan félagsskyldunni og þarf ekki að greiða kostnað af verkföllum né félagsgjald. Forgangsréttur félaga til vinnu er einmitt tilkominn vegna þessa vandamáls. Mancur Olson hefur bent á að þó að það sé skynsamlegt fyrir hinn hagsýna mann að leika laumufarþega til skamms tíma litið sé það óskynsamlegt fyrir hópinn í heild og þar með einstaklinginn sjálfan þegar til lengdar lætur

### **Einokun verkalýðsfélaga**

Á frjálsum markaði ákvarðast laun af samspili framboðs og eftirspurnar. Í hefðbundinni greiningu á verkalýðsfélögum er litið á verkalýðsfélög sem e.k. einkasölu á vinnumarkaði. Fyrirtæki í einokunaraðstöðu hefur einfalt markmið, þ.e. að hámarka hagnað. Þó hafa sum verkalýðsfélög önnur markmið s.s. að fjölga félögum. Ef við gefum okkur að verkalýðsfélag sé í einokunaraðstöðu og hafi það markmið að hámarka hagnað þá myndi það semja um laun þar sem JT skera framboðskúrfuna og halda þannig launum uppi á kostnað atvinnu. Til þess að halda launinum uppi og koma í veg fyrir að aðrir undirbjóði félagsmenn hafa verkalýðsfélög barist hart fyrir forgangsrétti félaga til vinnu og einnig sótt hart að ríkisvaldinu að skipað sé fyrir um skylduaðild að verkalýðsfélögum.

### **Starfsstéttaskipulag eða atvinnugreinaskipulag**

Skipulag raunlauna ræðst einkum af leikreglum vinnumarkaðar og skipulagi verkalýðsfélaga. Hér á Íslandi er hreyfing launafólks skipulögð eftir starfsstéttum, líkt og í Danmörku og Englandi. Gallar starfsstéttaskipulags koma best fram í rekstri stórra fyrirtækja þar sem starfsfólk er í fjöldamörgum félögum og hvert og eitt félag getur lamað starfsemi fyrirtækisins. ASÍ ályktaði árið 1958 að best væri að taka upp atvinnugreinaskipulag til þess að tryggja hagsmuni heildarinnar. Úr athöfnum hefur þó ekki orðið.

### **Miðstýring eða valdadreifing**

Samanburðaransóknir benda til þess að vænlegasta skipulag til aðhalds raunlauna og sveigjanleika þeirra með minnstu atvinnuleysi sé annaðhvort mikil miðstýring eða mikil dreifing á vinnumarkaði. Rökin fyrir þessu eru:

**Miðstýring**

Með miðstýringu er hægt að taka tillit til fleiri þátta efnahagslífsins, s.s. hagsmuna heildarinnar

**Valddreifing**

Markaðsöfl ráða hér og talið er að það muni auka sveigjanleika launa

Millistigið er ekki vænlegt til árangurs og má þá nefna Bretland, Belgíu og Holland í miðjumóði og með mikið atvinnuleysi.

Miðstjórnarvald ASÍ hér á landi er mun minna en á Norðurlöndum. Ástæðan fyrir því er sú að ASÍ verður að leita eftir umboði frá hverju félagi til að semja fyrir þess hönd, auk þess sem samningar eru bornir upp í hverju félagi. Það hefur verið með ýmsum hætti hvort félög hafi verið í samfloti eða samið hvert fyrir sig.

**Stéttarfélög og kjarasamningar**

Hvorki ASÍ né VMSÍ gera kjarasamninga heldur tillögur að kjarasamningum sem síðan eru lagðir fyrir hvert félag. Hending ein ræður hvort þeir eru samþykktir eða ekki. Ástök á vinnumarkaðinum endurspeglar sjaldnast deilu um hlut fjármagns og launa heldur kröfu eins hóps um hækkun miðað við annan. Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna gilda ekki um nokkurn hóp æðstu embættismanna, presta, dómara og kjörinna fulltrúa. Laun forseta, alþingismanna, ráðherra, biskups og dómara eru ákveðin af kjaradómi en laun ýmissa embættismanna eru ákveðin af kjaranefnd.

**Verkföll**

Verkfallsréttur hefur verið kallaður neyðarréttur. Þetta er hæpið ef verið er að fórn meiri hagsmunum fyrir minni. Hér á Íslandi getur fámennur hópur sett stóran hóp í verkfall jafnvel þótt vilji meirihlutans sé ekki fyrir hendi. Ef rikissáttasemjari metur að samningsaðilar getir ekki leyst mál sín sjálfir er honum heimilt að taka sér samningsumleitani. Algengara er þó að deilum sé vísað til sáttasemjara.

**Félagsdómur**

Félagsdómur fjallar um ágreiningsmál er lúta að túlkun kjarasamninga og framkvæmd þeirra, ágreiningum um túlkun og framkvæmd vinnulöggjafarinnar o.fl. Dómar Félagsdóms eru endanlegir og verður þeim ekki skotið til Hæstaréttar.

**Vísitölubinding kaupgjalds**

Eftirspurn eftir vinnuafli er arfleidd eftirspurn frá vöru- og þjónustumarkaði. Ef frjáls samkeppni ríkir á vinnumarkaði ráðast laun af verðmæti jaðarframleiðslu vinnuafldsins. Víxlverkun launa og verðlags er til staðar án vísitölubindingar, þótt vísitölubinding færi þetta ferli í formlegri búning. Við vísitölubundin laun má segja að raunlaun séu föst og framboðslínan í heildarhagkerfinu lóðrétt þar sem verðhækkun leiðir ekki til lægri raunlaunakostnaðar. Ef hagkerfi verður fyrir verðsjokki (eftirspurn eykst) fer aðlögun hagkerfisins alfarið í gegn um herra verðlag (en ekki aukna framleiðslu). Almenn verðtrygging var lögsett 1939. Verðtrygging launa var bönnuð árið 1983 og gefin frjálst árið 1985

**Atvinnuleysi**

Atvinnuleysi hefur verið mjög lítið á Íslandi. Mikilvæg skýring þessa er sú hversu raunlaun hafa lagast fljótt að breyttu eftirspurnarstigi, fyrst og fremst með aðgerðum stjórnvalda, en markmiðið um fulla atvinnu hefur ávallt verið í fyrirrúmi. Atvinnuleysistryggingar voru lögleiddar árið 1956. Helstu hópar sem eru ótryggðir eru sjálfstæðir atvinnurekendur, launafólk utan stéttarféлага og námsfólk. Opinberar tölur um atvinnuleysi eru byggðar á skráum vinnumiðlunarskrifstofa (atvinnuleysisskrá). Erlendis er atvinnuleysi yfirleitt metið með úrtakskönnunum. Hagstofan hefur gert slíkar kannanir frá 1991 og sýna þær kannanir að öllu jöfnu meira atvinnuleysi. Miklar árstíðasveiflur eru jafnan í atvinnuleysinu (mest í janúar og minnst síðsumars).

**Hlutverk vinnumarkaðs**

Koma á jafnvægi kaupmáttar og greiðslugetu þjóðlífsins

Úthluta vinnuafli á atvinnugreinar með samanburði á kaupgetu og framleiðni

**Eftirspurn á vinnumarkaði**

Eftirspurn eftir vinnuafli ræðst af eftirspurn eftir þeim vörum sem vinnuaflið er notað til að framleiða

Laun á vinnumarkaði ráðast af jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar vinnuafis. Í jafnvægi við hagnaðarhámörkun eru vinnulaun jöfn jaðarframlegð vinnuafis. G.r.f. að full samkeppni sé á afurðarmarkaði

**Jafnvægismyndun**

Á vinnumarkaði gildir lögmálið um minnkandi jaðarafköst, þ.e. að öðru óbreyttu minnkar jaðarframleiðni við hvern viðbótarstarfsmann.  $F(k,n)$   $k = \text{fasti}$ ,  $n = \text{fjöldi starfsmanna}$ ,  $F(k,n)' < 0$ ,  $F(k,n)'' > 0$

Full samkeppni ríkir á afurðarmarkaði, þ.e. ytri breyta  $p = \text{verð}$

Vinnumarkaðurinn er fullkominn, þ.e. ytri breyta  $w = \text{vinnulaun}$

Hagnaðarvallið er þá  $\pi = py - wn - rk$

**Tekjuáhrif launahækkunar**

Þegar laun hækka og vinnuframboð minnkar í kjölfarið. Ástæðan fyrir þessu er sú að heildartekjur verða það háar að launafólk hefur betur efni á frítíma.

**Tilfærsluáhrif launahækkunar**

Þegar laun hækka og vinnuframboð eykst í kjölfarið. Ástæðan fyrir þessu er sú að vinnutími verður verðmætari en frítími. Þessi áhrif eru oftast sterkari en tekjuáhrifin.

## 7. Fjármagnsmarkaður

### *Peningamál (Sigurður Snævarr)*

#### **Saga peninga**

Á landnámsöld komu landnámsmenn með silfur með sér til landsins. Silfur þetta var fyrst og fremst notað í utanlandsverslun, en á 11 öld eyddist silfureign landsmanna smám saman. Fyrir á öldum gegndu vörur hlutverki peninga og verðeiningar voru margar. Á þjóðveldisöld er talið að um þrens konar verðreikning (vaðmál, kýr og silfur) hafi verið að ræða og að verð annars varnings hafi verið miðað við þessar grunneiningar. Íslenskir peningar voru fyrst gefnir út í lok 19 aldar.

#### **Hlutverk peninga**

Hlutverk þeirra er þrjúþætt:

##### **Gjaldmiðill**

Hægt er að skipta á vörum og þjónustu fyrir peninga og eru peningar eina varan sem uppfyllir það hlutverk. Greiðslukort eru greiðslumiðlar, en lúkning slíkra viðskipta fer ætíð fram með peningum.

##### **Geymslumiðill**

Þetta hlutverk er nauðsynlegt til þess að brúa bil milli greiðslna. Sparnaður er t.d. geymdur í peningum.

##### **Verðmælir**

Verð allra vara eru tilgreind í peningaeiningum.

#### **Skilyrði peninga**

Vara sem gegna á hlutverki peninga verður að vera auðflytjanleg óförgengileg, einsleit, auðþekkjanleg og auðvelt að skipta í smærri einingar. Mikilvægur kostur slíkrar vöru er að erfitt sé að falska hana. Hvaða vara er valin til að gegna hlutverki peninga er aukaatriði, að því gefnu að hún uppfylli ofangreind skilyrði, en aðalatriðið er að hún sé almennt viðurkennd sem gjaldmiðill.

#### **Upphaf seðla**

Upphafið er rakið til Ítalíu en gullsmiðum var falið að geyma eðalmálma og gáfu smiðirnir út kvittanir fyrir viðtöku málmsins. Þessar kvittanir voru síðan notaðar til viðskipta og þróuðust síðan í hreina bankastarfsemi þegar seðlarnir urði viðurkenndir sem peningar og ekki þurfti lengur að vera fyrir hendi jafnmikið silfur eða gull á bak við seðlana.

#### **Bankakerfi mótast**

Verslun hér á landi var einkum í formi vöruskipta og reikningsviðskipta við hina erlendu kaupmenn. Reikningar voru jafnaðir einusinni á ári. Jákvæð inneign viðskiptamanna við kaupmenn fékkst ekki greidd út í hönd og því má segja að kaupmenn hafi haft umsýslu með öllum peningalegum sparnaði einkaaðila.

Peningavæðing landsins verður fyrst á Austurlandi og fyrsti sparisjóðurinn, Sparisjóður Múlasýslna var stofnaður á Seyðisfirði árið 1868 en starfaði þó aðeins í tvö ár. Sparisjóður Reykjavíkur var stofnaður árið 1872 og var sameinaður Landsbanka Íslands árið 1887. Landsbankinn var stofnaður árið 1885 og lagði landssjóðurinn stofnfé sem var sérprentað með fiat seðlum. Landsbankinn var mjög tregur til að lána til sjávarútvegs vegna mikillar áhættu. Um aldamót eru lánveitingar bankans komnar í hámark og reyndist bankinn ekki nægjanlega öflugur fyrir þá uppgangstíma sem fór í hönd. Eftirspurn eftir peningum jókst gríðarlega og fékk Landsbankinn ekki leyfi til þess að anna eftirspurn með peningaútgáfu.

Lög um **Íslandsbanka** voru sett árið 1901 og var hann að mestum hluta í eigu erlendra aðila. Bankanum var veitt leyfi til seðlaútgáfu gegn því að bankinn greiddi landssjóði 10% af árlegum arði sínum að frádregnum 4% af hlutafé. Með bankanum fékkst mikið erlent fjármagn inn í landið. Bankinn létti talsvert undir lánsfjárförf Íslendinga og lánaði m.a. í sjávarútveginn og reyndust þau lán vera mjög hagstæð. Fyrsta áratuginn var afkoma bankans viðunandi. Árið 1913 nálgadist seðlaútgáfa Íslandsbanka hámark og fékk hann ekki heimild til aukningar fyrr en fyrri heimsstyrjöldin skall á. Árið 1916 fékk bankinn frjálssar hendur til seðlaútgáfu og var leystur gullinnlausnarskyldunni. Hinni miklu verðbólgu á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar má að nokkru skýra með mikilli seðlaútgáfu Íslandsbanka. Fjárhagur bankans var allgóður eftir stríð en síðan tók að halla undan. Bankakreppu Íslandsbanka lyktaði með því að seðlaútgáfuréttur Íslandsbanka var afnuminn og fluttur til landsbankans. Íslandsbanki fór síðar á hausinn. Hlutafé var afskrifað og nýr banki stofnaður: Útvegsbanki Íslands.

### Fjárfestingalánasjóðir

Veðdeild Landsbankans var stofnuð árið 1990 og veitti veðlán til íbúðakaupa. Byggingasjóður ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins voru sett á laggirnar árið 1952 til að auka lánveitingar til íbúðakaupa. Fiskveiðasjóður var stofnaður árið 1905 til lána í sjávarútveg. Í dag þjóna tveir fjárfestingalánasjóðir landbúnaðinum: Stofnlánadeild landbúnaðarins (tekjur koma af gjaldi sem lagt er á sölu landbúnaðarafurða) og Framleiðslusjóður landbúnaðar sem veitir styrki eða lán til framleiðniaukningar og hagræðingar. Iðnlánasjóður var stofnaður 1935 og lánaði til vélakaupa í iðnaði. Iðnþróunarsjóður var stofnaður 1969 með stofnframlagi Norðurlandanna og var ætlað að stuðla að iðnþróun vegna inngöngu Íslands í EFTA. Framkvæmdasjóður er arftaki Framkvæmdabankans (þar á undan, Marshall-aðstoðinni) og var hlutverk hans að miðla fjármagni til annarra sjóða og hafa milligöngu um erlend fjármagn. Framkvæmdasjóður var lagður niður árið 1992 enda allir peningar búnir.

### Lífeyrissjóðir

Rætur má rekja til eftirlauna embættismanna en árið 1921 var Lífeyrissjóður embættismanna stofnaður. Í lögum um almannatryggingar frá 1936 var kveðið á um stofnun lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn og skyldi hann hefja starfsemi að fullu 12 árum eftir lögfestingu. Þetta ákvæði laganna kom aldrei til framkvæmda. Þess í stað stofnuðu einstök fyrirtæki og stéttarfélög lífeyrissjóði. Í kjarasamningum ASÍ og vinnuveitenda árið 1969 og 1970 var samið um stofnun lífeyrissjóða fyrir verkafólk og fjölgaði lífeyrissjóðum verulega. Einnig varð aukning þegar lög um skylduaðild launþega að sjóðum voru settar 1974. Eignir sjóðanna hafa vaxið gífurlega hratt á undangengum aldarfjörðungi og hafa þeir um langt skeið verið meginuppspretta nýs sparnaðar. Ríkissjóður hefur í ríkum mæli sýrt fjárráðstöfun sjóðanna með lagasetningu.

### Seðlabanki Íslands

Árið 1957 er stigið skref í átt til sérstaks seðlabanka með skiptingu Landsbankans í tvær aðaldeildir: Seðlabanka Íslands og Viðskiptabanka. Seðlabankadeildin var klofin frá Landsbankanum árið 1961 er Seðlabanki Íslands var stofnaður en það var liður í efnahagsaðgerðum Viðreisnarstjórnarinnar. Hlutverk seðlabankans eru:

#### Seðlaútgáfa

Að annast seðlaútgáfu og vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðsla sé sem hagkvæmust

#### Gjaldeyrisvarasjóður

Að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð sem tryggi fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við

#### Umsýsla erlends gjaldeyris

Að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum

#### Ráðgjafi ríkistjórnarinnar

Að vera ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyris- og peningamál

#### Viðskiptabanki ríkissjóðs

##### Aðalbanki innlánastofnana og eftirlitsstofnun

Að vera banki innlánastofnanna, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum.

Í fyrsta lið kunna markmið þó að stangast á þar sem peningamagni ber að stjórna bæði með tilliti til verðlagsþróunar og einnig nýtingu framleiðslutækjanna.

Seðlabanki er banki ríkissjóðs og hafði ríkissjóður yfirdrátt heimild við bankann. Sú heimild hefur verið afnumin og verður ríkissjóður nú að afla lánsfjár af almenna markaðinum.

### Peningamagnskeningin

$$M * v = P * y$$

M=peningamagn, v = veltuhraði, P = verð, y=landsframleiðsla (P\*I=VLF)

Veltuhraði peninga segir okkur hversu miklum verðmætum og viðskiptum hver króna í umferð getur haldið uppi. Jafna þessi er skilgreiningarjafna með 2 óþekktum stærðum og er því ómögulegt að draga nokkrar ályktanir um áhrif aukins peningamagns á verðlag eða framleiðslumagns.

Ef við gerum ráð fyrir því að  $V$  sé fasti sem a.m.k. breytist ekki vegna breytinga á  $P$ ,  $M$  eða  $y$  gefst færi á að draga ályktun um áhrif peningamagns á verðmæti þjóðarframleiðslu. Ef við gerum að auki ráð fyrir að  $y$  sé tiltölulega stöðugt og ennfremur að aukning peningamagns hafi ekki áhrif á  $y$  þá höfum við eina jöfnun í einni óþekktri stærð:  $P$ . Niðurstaðan verður sú að aukning peningamagns leiði til samsvarandi hækkunar á verðlagi.

### **Peningamagnskenning Keynes**

Byggir á því að veruleg staðkvæmd sé á milli verðbréfa og peninga, ekki síður en milli vara og peninga. Peningaeftirspurn er túlkuð sem fall af tveimur stærðum:  $P \cdot y$  og  $i$  (nafnvextir). Aðalmunur á kenningu Keynes og peningamagnskenningu Friedmans liggur einkum í teygni peningaeftirspurnar gagnvart vöxum og tekjum. Fyrri kenning gerir ráð fyrir verulegri teygni vaxta en sú síðari fyrir lítilli teygni. Keynes taldi að aukning peningamagns leiði til skammtíma framleiðsluaukningar.

### ***Peningamarkaður og vextir (Guðm. Magnússon)***

Miklar breytingar hafa orðið á peningamörkum og umhverfi banka á síðustu árum. Margar nýjungar hafa litið dagsins ljós og frelsi hefur aukist á flestum sviðum. Þar má t.d. nefna frjálsum fjármagnssamskipti við útlönd með tilkomu EES og umskiptin frá vaxtastýringu til vaxtafrelsis. Samkeppnisaðstaða bankanna banaði til muna eftir að einokun ríkissins af verðtryggðum lánnum var afnumin. Því fer þó fjarri að íslenskur peningamarkaður sé kominn í það horf sem tíðkast nú í nálægum löndum:

**Markaðsaðgerðum er lítið beitt af Seðlabanka við stjórn peningamála**

**Bindiskylda er hér meiri en í nágrannalöndum**

**Bankarnir hafa verið verndaðir fyrir erlendri samkeppni á heimamarkaði**

**Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um að beita svonefndum BIS-reglum um eigið fé banka**

**Ríkisvaldinn hefur veruleg áhrif á markaðskjör, bæði sem eftirspurnaraðili lánsfjár og með löggjafarvaldi sínu.**

**Þóknun bankanna fyrir gjaldeyrisviðskipti er ákveðin af Seðlabankanum en ekki þeim sjálfum.**

Peningamagn í umferð ræst af mörgum þáttum, þó mest vegna kaupa og sölu gjaldeyris og viðskipta ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn hefur lögum samkvæmt ýmsum stjórnækjum á að skipa sem hann getur beitt til að hafa áhrif á peningamarkaðinn. Tilgangur Seðlabankans með afskiptum af peningamarkaðinum er að ná ákveðnum þjóðfélagslegu markmiðum, s.s. stöðugu verðlægi, tilteknu raungengi ISK eða t.d. fjármögnun ríkishalla.

Helstu stjórnækki Seðlabankans við stýringu peningamagns eru:

### **Bindiskylda**

Almennt er álitð að breytingar á bindiskyldu henti illa í hagstjórnarskyni til skamms tíma. Upphaflega var bindiskylda ætlað að tryggja hag innistæðueigenda í viðskiptabönkum. Bönkum var þannig gert að geyma hluta innistæðna á reikningum við seðlabanka sem tryggingafé. Tilgangi bindiskyldu var breytt árið 1964 þannig að hann væri að afla fjár frá bankakerfinu til að standa undir lánveitingu Seðlabankans. Bindiskylda hefur einkum verið beitt í löndum með lítt virka peningamarkaði þar sem áhrif beinna markaðsaðgerða hafa verið takmörkuð.

Hamslar gegn skyndilegri þenslu við aukningu peningamagns og stemmir stigu við verðbólgu

Auðveldar myndun gjaldeyrisvarasjóðs

Dregur úr þensluáhrifum ríkishallans

Hefur áhrif á afkomu banka, vaxtamun og eignasamsetningu þeirra

### **Lausafjárvöð og greiðsluhæfi**

Mikilsverð breyting varð á bindiskyldunni árið 1987 þegar tekin var upp lausafjárskylda og bindiskyldan samhliða lækkuð um 5 %, Lausafjárskyldan felst í að innlánsstofnunum er skylt að varðveita ákveðin hluta ráðstöfunarfjár í lausu fé. Bankarnir geta uppfyllt lausafjárvöðina með kaupum á ríkisvixlum en með því færast fjármögnun ríkissjóðshallans að nokkru frá Seðlabankanum til viðskiptabankanna. Þó er spurning hvort að ástæða sé fyrir því að lögbinda slíkar kvaðir. Lausafjárvöðin er þó ekki eina tækið sem tryggir bankanna gegn áföllum heldur: 1) greiða þeir fé í tapsjóð til að mæta útlánatöpum og 2) gerð krafa um 5% eigið fé banka (8% væntanlega í framtíðinni) samkvæmt BIS reglum (útlán flokkuð eftir áhættu). Helstu forsendur og einkenni lausafjarkvaðar eru:

Greiðsluhæfi þarf að vera til þess að mæta úttektum sparifjareigenda

Greiðsluhæfi og lausafjárskylda er lögbundið

Bankar ávaxta lausaféð sjálfir en ekki hjá Seðlabanka eins og bindiskylda

Bankar hafa aðgang að lánnum í seðlabanka og geta selt honum kröfur. Þessi vitneskja lækkar kostnað

**Markaðsaðgerðir**

Í frjálsum markaðskerfi ákveðir Seðlabanki einungis sína eigin vexti. Vextir Seðlabanka hafa þó óbein áhrif á markaðsvextina, svo og kaup og sala bankans á verðbréfa og gjaldeyrismarkaðinum. Með meira frelsi í fjármagnshreyfingu má búast við að seðlabankinn verði að huga betur en áður að stjórn á peningamarkaði með kaupum og sölu verðbréfa.

**Lánafyrirgreiðsla Seðlabanka**

Seðlabankinn veitir "lán í neyð" til viðskiptabankanna þannig að þeir geti mætt sveiflum í úttektum sparifjáreigenda. Þessi möguleiki gerir bönkunum kleift að liggja með minna fé en ella í lausu og minnkar áhættu í viðskiptum. Vextir seðlabankans geta þó haft mikil áhrif á útlán viðskiptabankanna þar sem hækkandi vextir Seðlabankans leiða til minnkandi útlána.

**Önnur stjórnþæki Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar**

Liðin er sú tíð að Seðlabanki ákveði innláns- og útlánsvexti lánastofnanna. Seðlabankinn getur þó beitt áhrifum sínum með samningum eða tilmælum til viðskiptabankanna og þannig haft áhrif á peningamarkaðinn.

**Á seðlabanki að lúta vilja ríkisstjórnar**

Það þykir mjög umdeilt hvort seðlabankar eigi að vera háðir stjórnvöldum eða ekki. Í bandaríkjunum er seðlabankinn að mestu óháður forseta og þingi, þar sem seðlabankastjóri er ráðinn til 7 ára í senn. Stjórnvöld hafa ekki vald til þess að reka seðlabankastjórnann ef upp koma stefnuárekstrar. Hér á Íslandi, svo og hinum Norðurlöndum, er seðlabankinn háður stjórnvöldum. Seðlabanki Íslands hefur m.a. tvö markmið sem stangast á:

**Halda efnahagslegum stöðugleika****Framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar**

Seðlabankinn verður því að fylgja stefnu ríkisstjórnarinnar þrátt fyrir að hún stuðli ekki alltaf að efnahagslegum stöðugleika. Samkvæmt þessu ætti því að vera betra að haga óháðan Seðlabanka ef stjórnámálmennt eru líklegir til að klúðra málunum. Ef stjórnvöld fylgja hinsvegar skynsamlegri efnahagsstefnu þá getur það hentað betur að seðlabankinn hafi ekki leyfi til þess að skerast úr leik.

Seðlabankinn hefur sætt gagnrýni ýmissa stjórnámálanna. Seðlabankinn hefur þó staðið sig miklu betur en ríkisstjórnin í baráttunni við verðbólgu og hefur verið kjölfesta gengis-, vaxta- og verðtryggingamála. Gagnrýni hefur m.a. verið vegna seinleika við stofnun verðbréfamarkaðs. Gallinn við þessa gagnrýni er sá sökin er stjórnámálanna sjálfra, en þeir hafa löggjafarvald til þess að setja á stofn verðbréfamarkað.

**Rekstrarumhverfi banka (Þórarinn G. Pétursson)**

Starfsumhverfi innlendra banka og skipulag hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum og hefur rekstur þeirra ekki aðlagast þeim nægilega vel. Bönkunum hefur iðulega reynst erfitt að veita útlánnum til þeirrar starfsemi sem mestan arð gefur. Ástæður eru oft nefndar 1) smæð markaðsins, 2) afskipti ríkis og 3) léleg stjórnun. Ein helsta ástæðan er þó skortur á verðsamkeppni (vextir, þjónustugjöld o.fl) á innlendum bankamarkaði. Þótt vaxtaákvarðanir séu nú fjálsar hefur varla eiginleg samkeppni skapast. Þegar verðsamkeppni hefur verið bönnuð hafa bankarnir einfaldlega farið út á önnur mið í samkeppninni og keppt t.d. um viðskiptavinum með því að bjóða betri þjónustu o.fl.

Nauðsynlegt er að breyta þeim markaðsaðstæðum sem ríkt hafa í innlendum bankarekstri ef auka á hagkvæmni þessa reksturs. Auka þarf frelsi á innlendum bankamarkaði, þ.e. afnema þær hindranir sem eru á fjármagnsviðskiptum milli Íslands og annarra ríkja. Slaka þarf á höftum er varða starfsvettvang bankafyrirtækja, eignarhald, hvaða þjónustu þeir megi veita og á hvaða hátt þeir megi veita hana. Í annan stað er mikilvægt að hið opinbera dragi sig úr innlendum bankarekstri til að auka hagkvæmni og áhættudreifingu á markaðinum.

Afnám hafta kallar á það að Seðlabankinn stuðli að stöðugleika á fjármagnsmarkaðinum (lán í neyð og innlánstryggingar) og tryggi að bankar notfæri sér ekki það öryggisnet sem Seðlabankinn tryggir þeim til þess að auka markaðshlutdeild sína og hagnað. Þetta gerir hann með virku eftirliti og kröfum um varkárni í rekstri bankanna.

## 8. Verðbólga

### Verðlag

Verðlag er verð á öllum vörutegundum. Verðlag er einungis til sem hlutfallsstærð en ekki algild stærð. Við getum þannig ekki mætt verðlag nema sem vísitölu. Önnur skilgreining á verðlagi er að það mæli verð á peningum.

### Laspereys vísitölur

Slíkar vísitölur nota vægi vara á grunntímabili til að veða saman verð. Galli þessa er sá að þær ofmeta vægi þeirra vara sem hækkað hafa í verði og eftirspurn hefur minnkað á. Þannig ofmetur vísitalan þá tekjubreytingu sem nauðsynleg er til að velferð haldist óbreytt.

### Pasche vísitölur

Gangársvegnar vísitölur byggjast á vægi vara í gangtímabili og eru notaðar til að veða saman verð. Galli þessarar vísitölu er að þeim vörum sem lækkað hafa í verði er gefið of mikið vægi, þar sem reikna má með að meira hafi verið keypt af eim en á grunntímabilinu. Það þýðir að vísitalan vanmetur þá tekjubreytingu sem nauðsynleg er til þess að velferð haldist óbreytt.

### Íslenskar vísitölur

#### Vísitala framfærslukostnaðar

Mælir verð á neyslurvörum. Samsetning körfunnar er fundin með neyslukönnun. Tilgangur hennar er að finna hver útgjöld meðalfjölskyldu eru og hvert vægi einstakra vörutegunda er.

#### Vísitala vöru og þjónustu

Vísitala þessi er undirliður úr vísitölu framfærslukostnaðar. Þessi vísitala er sú sama og vísitala framfærslukostnaðar að frádregnum húsnæðisliðum, fjölskyldubætur beinir skattar o.fl. Vísitala vöru og þjónustu er þannig betri mælikvarði á verðbólgu til lengri tíma lítið en framfærsluvísitalan.

#### Vísitala byggingakostnaðar

Mælir kostnað við að byggja tiltekið fjölbýlishús í Reykjavík. Hún er ekki reist á könnun heldur reiknuð stærðum. Þar sem byggingavísitalan er reiknuð vísitala koma hækkanir strax fram, s.s. launahækkanir og áhrif gengisbreytinga. Vísitala þessi hefur verið reiknuð mánaðarlega frá 1987.

#### Lánskjaravísitala

Fyrstu verðtryggðu fjárskuldbindingar voru miðaðar við byggingarvísitölu. Þegar almenn verðtrygging fjárskuldbindinga var heimiluð árið 1979 var sett upp sérstök vísitala, lánskjaravísitala. Lánskjaravísitalan er samsett vísitala, upphaflega 2/3 framfærsluvísitölu og 1/3 byggingarvísitölu. Hin upphaflega samsetning var ekki langt frá hlutfalli neyslu og fjárfestinga í þjóðarútgjöldum. Grunni vísitölnnar var breytt árið 1989 þannig að launavísitala hefur nú jafnt vægi og hinar fyrri. Launavísitala er ekki verðvísitala í sjálfu sér enda koma laun óbeint inn í vísitölu vöru og þjónustu.

### Neyslukannanir

Hagstofan hóf að safna upplýsingum um verð á matvörum og algengum vörutegundum árið 1915. Í fyrstu var teið einfalt meðaltal en árið 1922 var verð varanna vegið saman eftir mikilvægi. Opinber og reglulegur útreikningur á vísitölu framfærslukostnaðar hófst árið 1922 og náði allt aftur til ársins 1914.

### Verðtryggingar

Árið 1939 var tekin upp almenn verðtrygging launa og mikilvægi vísitalna jókst til muna. Almenn verðtrygging fjárskuldbindinga var heimiluð 1979.

### Þróun verðbólgu

#### 1914-1919

Stríðum fylgir ævinlega mikið þenslu- og verðbólgu skeið. Fyrri heimstyrjöldin batt enda á tímabil stöðugs verðlags og hagvaxtar. Hér á landi var meðalverðbólga 27% ár ári (hæst 64% árið 1917). Ástæður fyrir verðbólgunni má einna helst rekja til verðhækkana innflutningsvara og aukinnar seðlaprentunnar Íslandsbanka.

#### 1920-1932

12 ára samfellt verðhjöðnunartímabil. Vísitala vöru og þjónusta lækkaði um 8% á ári. Verðhjöðnun þessa má rekja aðallega rekja til þess að verðlag innfluttra afurða fór lækandi.

#### 1933-1939

Tímabil stöðugs verðlags hér á landi sem erlendis. Árleg meðalhækkun vísitölu vöru og þjónustu var 2%.

#### 1940-1944

Árleg meðalhækkun var 24% á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Gengið var fellt og tekin var upp verðtrygging launa. Peningaþensla var mikil á þessu skeiði vegna mikillar gjaldeyrissöfnunar bankanna sem mátti rekja að miklu leiti til innflutningstakmarkanna. Með setningu dýrtíðarlaganna árið 1941 fékk ríkisstjórnin heimild til að greiða niður verð einstakra vara og að hlutast meira til um verðlagningu annarra vara en áður þekktist.

#### 1946-1949

Verðlag væru hækkaði um 6-8% árin 46-47 vegna mikillar eftirspurnar á öllum sviðu ma. samfara fjárfestingum nýsköpunarsjóðsins. Gripið var til efnahagsaðgerða og verðbólga hjaðnaði mjög 48-49. Þessar aðgerðir fóli í sér verulega fölsun verðlags. Kjarni þeirra var niðurfærsla, lækkun álagningar og lækkun verðbóta. Mikilvægast var þó að innflutningshöft voru stórlega hert og tekin upp mjög ströng skömmtun á neysluvarningi.

#### 1950-1952

Kóreustríðið hafði í för með sér mikla verðbólgu um heim allan, einkum vega spákaupmennsku. Gengisfellin 1950 jók einnig verðbólgu íslensku krónunnar.

**1953-1959**

Verðbólga rýrnaði og samdráttur varð í þjóðarbúskapnum. Vísitala vöru og þjónustu lækkaði 1% árið 1953-1953 vegna þríhliða kjarasamnings milli ASÍ, vinnuveitenda og ríkisvaldsins. Atvinnuleysi náði að festa rætur á samdráttarskeiðinu. Hagvöxtur árið 1953-55 eyddi atvinnuleysinu en veikti kraft verkalýðshreyfingarinnar. Verðbólgan jókst í kjölfar næstu kjarasamninga.

**1960-1971**

Meðalhækkun vísitölu V/Þ var 13% á ári öll ár viðreisnarstjórnarinnar. Fyrri hluti tímabilsins einkenndist af róttækum efnahagsaðgerðum og hagvexti. Síðari hlutinn einkenndist af síldveiðibresti og versnandi viðskiptakjörum. Verðtrygging launa var afnumin.

**1972-1975**

Verðbólga komst upp í 50%. Sveiflan upp úr kreppunni var hröð og peningamyndun mikil.

**1976-1977**

Verðbólga hjaðnaði tímabundið árið 76-77 vegna harðra aðgerða í launa og verðlagsmálum sem höfðu í för með sér kjararýrnun. Vorið 1977 er árleg verðbólga komin í 25%. Sumarið 1977 var full vísitölubinding launa sett á. Áhrif þess gætti í mörg ár á eftir.

**1978-1983**

Verðbólga var föst í 45-60% fari. Ólíuverð hækkaði haustið 1979 og launa- og verðlagsskrúfa einkenndi tímabilið enda voru gengisfellingar með jöfnu millibili. Óstöðugar samsteypustjórnin ríktu sem varla gátu horft til lengri tíma en 3ja mánaða. Í maí 1983 var gengisfelling, vísitölubinding launa afnumin og stefna um stöðugt gengi tekin upp. Aðgerðirnar skiluðu árangri því verðbólgan fór niður í 30%

**1984-1989**

Skerðing kaupmáttar vegna afnáms verðtryggingar var mikil en eftirspurn eftir vinnuafli hélst. Verðbólga lækkaði í 18-20% 1986-87 en varð 26% árið 1988.

**1990-**

Kjarasamningar 1992, minnkandi þensla í þjóðarbúinu með vaxandi atvinnuleysi færðu ört lækkandi verðbólgu. Verðbólgan komst niður á svipað stig og í helstu nágrannalöndum.

**Þróun verðbólgu erlendis.**

Frá lokum seinni heimstyrjaldar hefur verðbólgan verið mun hærri hér á landi en í öðrum öndum. Helstu ástæður eru: Gengisfellingar með jöfnu millibili til að jafna muninn á verðbólgu hér á landi og erlendis, verðþróun sjávarafurða og almenn innflutningshöft.

**Ástæður verðbólgu**

Verðbólga einkennist af umframeftirspurn er of mikið fé eltir of fáar vörur.

### Framboðs og eftirspurnarkenningar

Nútímalega 'tgáfa af kenningu Keynes er áhersla lögð á að verð og laun séu í eðli sínu tregbreytileg (t.d. vegna langtímasamninga) og ennfremur að verðlag geti orðið fyrir e.k. sjokki. Gert er ráð fyrir að aðlögun framboðs og eftirspurnar sé hægfara. Keynes lagði áherslu á eftirspurnarhliðina einkum vegna þess að hann gerði ráð fyrir að framboð væri tiltölulega fastákveðið. Ef gengið er út frá að upphaflega ríki jafnvægi þannig að framleiðslugetan sé fullnýt hefur aukin eftirspurn í för með sér þrýsting á verðlag.

### Phillipskúrfan

Phillips kom fram með tilgátu árið 1958 sem felur í sér að um neikvætt samband sé að ræða milli atvinnuleysis og launabólgu. Hann gerði einnig ráð fyrir því að kúrfan væri hvelfd þannig að að eftir því sem atvinnuleysi minnkar, þeim kostnaðarmeira verður að það í verðbólgu. Hann sagði að atvinnuleysi væri þannig mælikvarði fyrir umframframboð á vinnuafli. Friedman og Phelps bentu á að fræðilegur grunnur Phillipskúrfunnar væri rangur. Þeir bentu á að til skamms tíma gæti verið um neikvætt samband milli atvinnuleysis og launabólgu en það samband myndi breytast með verðbólguvæntingum. Stjórnvöld geta þannig tímabundið valið á milli verðbólgu og atvinnuleysis en einungis meðan verðbólguvæntingar eru lægri en verðbólga.

### Kostnaðarverðbólga

Þegar um óbreytta framleiðslu er að ræða, aðeins á miklu hærra verði. Mismunur eftirspurnar- og kostnaðarverðbólgu liggur þannig í því að í fyrri getur framleiðsla farið vaxandi en í þeirri síðari minnkar framleiðsla. Ílensk reynsla sýnir að ríkisvaldið hefur jafnan með aðgerðum sínum, ekki síst gengisbreytingum og peningamyndun, aukið eftirspurn og komið þannig í veg fyrir að kostnaðarauki valdi atvinnubresti.

### Misgengiskenningar

Safnheiti yfir sundurleitan hóp ýmissa tilgátna um verðbólgu. Kjarninn í kenningum er að framleiðni framförum og utanaðkomandi verðbreytingum, t.d. útflutningsverðbreytingum sé yfirleitt misskipt milli greina. Hagkerfinu má þannig skipta í innlandsgeira og verndaðan geira en gert er ráð fyrir að launahækkningar dreifist mjög jafnt yfir hagkerfið með tilstuðlan verkalýðsfélaga. Einnig er gert ráð fyrir að framleiðni og breytingar hennar séu mestar í hinum verndaða geira. Verðbólga í hagkerfinu er jöfn verðbólgu í umheiminum að viðbættum mismuni á framleiðni í geirunum tveimur. Kjarni íslenskrar verðbólgu liggur í því að stjórnvöld hafi verið um of metnaðarfull í hagstjórnarmarkmiðum sínum, en hafi jafnframt haft til þess ófullnægjandi hagstjórnartæki.

### Afleiðingar verðbólgu

Ef verðbólga er vænt fyrir þá hefur hún engir áhrif, ef alir aðilar geta verið sig fullkomlega gagnvart henni og allt verðlag, gengi, laun, vextir o.fl hækkar sem nemur verðbólgunni og allt hlutfallslegt verð er óbreytt. Slíkum áhrifum má líkja við gjaldmiðilsbreytinguna 1981. Víðtæk verðtryggingin jafn launa sem fjármagns, eins og var um skeið hér á landi er leið til þess að draga úr kostnaði verðbólgu. Hagfræðinga hefur engi greint á hvort hærri vaxtarhraði peningamagns hafi áhrif á raunstærðir og þá í hvaða átt þau áhrif gangi. Óvænt verðbólga hefur áhrif á hlutfallslegt verð og þar með áhrif á raunstærðir. Afleiðingar rýra kaupmátt þeirra sem búa við fastar tekjur og minnka auð þeirra sem eiga peninga á föstum (óverðtryggðum) vöxtum. Vöxtum var hér á landi stjórnað af yfirvöldum og tóku þau lítt mið af verðbólgu en það orsakaði tilfærslur fjármagns frá lánveitendum til lántaka. Önnur mikilvæg áhrif óvæntrar verðbólgu er sú óvissa sem skapast og torveldar öllum aðilum hagkerfisins að skipuleggja rekstur sinn

### **Verðbólga er skattur (Þorvaldur Gylfason)**

Verðbólga er skattur vegna þess að hún rýrir verðgildi peninga og flytur því raunveruleg verðmæti frá almenningi sem geymir peninga óverðtryggð í bönkum og annarsstaðar, til ríkisins sem prentar peninga.

Þegar ríkið leggur í framkvæmdir og tekur lán hjá Seðlabankanum (prentar peninga) eignast ríkið húsið án þess að þurfa fórna nokkru á móti. Verðmætin koma úr vasa almennings í formi aukinna peninga í umferð og lægri kaupmáttar. Ríkið hefur fjármagnað starfsemi sína á þennan hátt í tórum stíl um árabíl og er það ein helsta ástæðan fyrir mikilli verðbólgu í gegnum tíðina.

Verðbólgu-skattur er að ýmsu leyti óhagfelldari en aðrir skattar. Þetta stafar m.a. af því að ýmis verðmæti önnur en peningar rýrna af völdum verðbólgu, t.d. óverðtryggðar launagreiðslur, lífeyrisbætur, skattgreiðslur og skuldir. Þessi verðmætaryrnun getur raskað rekstri fyrirtækja, fjárfestingu, sparnaði, tekju- og eignaskiptingu og erlendum viðskiptum. Tregða yfirvalda til að afla skattekna með venjulegum hætti þarf ekki endilega að létta skattbyrði fólks þótt það sé eflaust ætlunin. Nú hefur sala ríkisskuldabréfa orðið ein helsta fjármögnunarleið ríkisins og er það af hinu góða.

Verðbólgu-skatturinn skilaði 1976-85 ríkinu svipaðri upphæð og bæði tekju- og eignarskattur. Það er því engin furða að stjórnvöld hafi verið rög að draga úr verðbólgunni vegna væntanlegs tekjumissis. Við allt ofangreint bætist að óverðtryggðar innlendar skuldir ríkisins rýrna í verðbólgu.

### **Verðbólga, vextir og efnahagslíf (Þorvaldur Gylfason)**

Keynes gerði ekki skýran greinarmun á nafnvöxtum og raunvöxtum í kenningum sínum. Robert Mundell bætti úr skák með því að gera greinarmun á þessu tvennu og taka þannig fullt tillit til verðbólgu.

**Fisher, Irving**

Hafði tekið eftir því að á verðbólgutímum hækkuðu vextir yfirleitt ekki til jafns við verðbólguna, heldur minna, svo að raunvextir lækkuðu.

**Feldstein og Eckstein**

Komust að þeirri niðurstöðu að raunvextir lækkuðu um skeið þegar verðbólga færðist í aukana. Hins vegar fengu þeir ekki séð að verðbólga hefði áhrif á raunvexti til lengdar.

**Mundell**

Skýring Mundells á þessu öfuga sambandi verðbólgu og raunvaxta (þ.e. lækkandi raunvöxtum samfara vaxandi verðbólgu) var fölginn í áhrifum peningaeignar á neyslu og sparnað (**Pigou-áhrifin**). Verðgildi peningaeignar rýrnar í verðbólgu og neysla minnkar af þeim sökum en sparnaður eykst að sama skapi meðan neytendur freista þess að endurheimta fyrri kaupmátt peningaeignar. Aukið framboð sparifjár veldur síðan lækkun raunvaxta og fjárfesting eykst. Þannig hækka nafnvextirnir minna en verðbólgunni nemur.

**Phillips**

Nýsjálenzki hagfræðingurinn Phillips hafði komist að raun um öfugt samband á milli verðbólgu og atvinnuleysis. Phillips kunnir ekki skýringu á þessu fyrirbæri, heldur setti brezki hagfræðingurinn Lipsey fram kenningu að samband Phillipskúrfunar væri misvægi framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði.

Efasemdir vöknudu þó um kenningar Lipsey á síðasta áratug þegar verðbólga og atvinnuleysi fóru vaxandi samtímis í flestum iðnríkjum. Flestir telja nú að enn sé jafnan um öfugt samband að tefla í bráð en markaðurinn leiti jafnvægis þegar til lengri tíma er litið.

**Áhrif vaxta og verðbólgu á neyslu og sparnað****Áhrif vaxta á sparnað**

Áhrif vaxta eru tvennskonar og gagnverkandi

**Tilfærsluáhrifin**

Vaxtahækkun hvetur til meiri sparnaðar og minni neyslu þar eð sparifé vex örar en áður. Fjármunir eru þannig færðir frá neyslu til sparnaðar

**Tekjuáhrifin**

Þeir sem hafa hug á að safna ákveðinni upphæð þurfa að leggja minna til hliðar, þegar vextir hækka, til að ná settu marki.

Erfitt er að greina milli áhrifanna. Þó hafa tölfræðirannsóknir flestar bent til þess að tilfærsluáhrifin séu sterkari, þ.e. að

**Áhrif verðbólgu**

Áhrif verðbólgu á neyslu og sparnað eru tvennskonar

**Tilfærsluáhrifin**

Aukin verðbólga örvar neyslu á kostnað sparnaðar, þ.e. neytendur kaupa strax til þess að komast hjá verðhækkun í framtíðinni.

**Tekjuáhrifin**

Aukin verðbólga hefur áhrif á tekjur og gjöld neytenda. Skuldunautar hagnast af aukinni verðbólgu en hagur lánardrottna versnar að sama skapi. Auki verðbólga hvetur þá sem skulda til að auka neyslu en hina sem lána að draga úr neyslu að gefnum tekjum

Raungildi peningaeignar rýrnar í verðbólgu. Af þeim sökum dregur úr neyslu og neytendur freista þess að endurheimta fyrri kaupmátt peningaeignar með auknum sparnaði. Erlendar tölfræðirannsóknir benda til þessa sambands. Þó verður að gera greinarmun á verðlagi og verðbólgu. Hækkun verðlags dregur úr neyslu en vaxandi verðbólga örvar neyslu eða flýtir fyrir henni.

**Eftirspurn eftir reiðufé**

Verðbólga hvetur einstaklinga til að hafa minna fé milli handanna. Einstaklingar og fyrirtæki hafa t.d. mikinn hvata til þess að fjárfesta í skuldabréfum eða eyða fénu strax. Því gildir öfugt samband milli verðbólgu og eftirspurnar eftir peningum.

**Óvissa**

Verðbólga eykur svartsýni og óvissu meðal fólks og fyrirtækja um framvindu efnahagsmála, einkum þegar verðbólgan er mikil og breytileg frá ári til árs. Áhrif óvissu eru tvennskonar: auka neyslu hjá sumum en auka sparnað hjá öðrum. Því er ekki nauðsynlegt að taka tillit til óvissuþáttarins sérstaklega þegar áhrif verðbólgu á neyslu og sparnaðar eru metin tölfræðilega

**Niðurstaða tölfræðirannsókna**

Niðurstaða hefur ekki verið einhlít en þó jafnan sú að aukning verðbólgu örvi eyðslu og dragi úr sparnaði að öðru jöfnu.

**Raunvextir og nafnvextir**

Neysla og fjárfesting eykst þegar raunverulegar þjóðartekjur hækka en dragast saman þegar raunvextir hækka. (Raunvextir = nafnvextir - verðbólga). Eftirspurn eftir peningum eykst þegar raunverulegar þjóðartekjur hækka, en minnkar, þegar nafnvextir hækka

Þegar verðbólga eykst lækka raunvextir í fyrstu sem henni nemur. Við það aukast bæði neysla og fjárfesting svo að atvinna eykst sé ekki full atvinna fyrir og þjóðartekjur hækka. Þessi tekjuauki hefur þau áhrif að eftirspurn eftir peningum eykst þannig að nafnvextir hækka (og þá raunvextir að sama skapi). Jafnvægi kemst þó að nýju í lægri raunvaxtastöðu en áður, þ.e. nafnvextir draga úr peningaeftirspurn.

**Verðbólga og verðlag**

Ef við gerum ráð fyrir því að eftirspurn eftir Reiðufé standi ekki aðeins í öfugu sambandi við nafnvexti heldur einnig við verðbólgu styrkir það tilgátuna um áhrif verðbólgu á raunvexti, atvinnu og þjóðartekjur. Eftirspurn eftir peningum eykst minna þegar verðbólga eykst því að nú dregur vöxtur verðbólgunnar sjálfur úr þeirri aukningu peningaeftirspurnar sem siglir í kjölfar tekjuaukans. Þess vegna þarf minni hækkun nafnvaxta en í fyrra dæminu til að koma aftur á jafnvægi. Aukin verðbólga veldur þannig meiri lækkun raunvaxta en ella og þar með meiri aukningar neyslu, fjárfestingar og þjóðartekna.

Gerum nú ráð fyrir verðlagsáhrifum: Raunverulegt verðmæti peninga- og skuldabréfaeignar rýrnar í verðbólgu. Af þeim sökum dregur úr neyslu en sparnaður eykst. Aukning sparifjár veldur því að raunvaxtalækkunin verður meira en ella hefði orðið en tekjuaukningin minni. Verðbólgan veldur því að raungildi peninga rýrnar svo að eftirspurn eftir peningum verður meiri. Því þarf hækkun nafnvaxta til að brúa bilið => raunvextir lækka minna og atvinna og þjóðartekjur aukast minna en ella.

### Áhrif vaxta og verðbólgu á peningamarkaði

Nafnvextir og/eða verðbólga hefur áhrif á eftirspurn eftir peningum. Ef hvorugra áhrifanna gætir hefur aukin verðbólga engin áhrif á peningamarkaði heldur þau áhrif að nafnvextir hækka sem aukning verðbólgunnar nemur, raunvextir standa í stað og neysla, fjárfesting og þjóðartekjur haggast ekki heldur. Það er því aðeins ef nafnvextir eða verðbólga hafi áhrif á eftirspurn eftir peningum að aukin verðbólga verði til þess að nafnvextir hækka minna en aukning verðbólgunnar nemur.

### Sparnaður og hagvöxtur

Sparnaður stuðlar jafnan að hagvexti. Háar þjóðartekjur og ör hagvöxtur eru jafnan talin meðal helstu markmiða hagstjórnar. Það verður þó að gera greinarmun á þessum markmiðum en þau geta stangast á. Þjóðartekjur hækka þegar neysla eykst og sparnaður minnkar, en hagvöxtur glæðist þegar sparnaður eykst og neysla minnkar.

### Verðbólga og hagvöxtur

Aukinn verðbólga kann að hægja á hagvexti þegar til lengdar lætur þar eð hún er vís til að draga úr sparnaðarhneigð almennings. Þannig er hugsanlegt að áhrif verðbólgu á hagvöxt verði þveröfug við áhrif verðbólgunnar á atvinnuástand og þjóðartekjur þegar að fram í sækir.

Niðurstöður tölfræðiútreikninga: Verðbólga  $\uparrow 1\%$  => hagvöxtur  $\downarrow 0.1\%$

Þó eru skiptar skoðanir á þessu og veltur niðurstaðan á því hvort áhrifin eru sterkari: áhrif verðbólgu á raunvexti og þar með sparnað eða áhrif verðbólgu á kaupmátt peningaeignar og þannig sparnað

## Atvinnuþróun, hvert stefnir (Þorvaldur Gylfason)

### Sjávarútvegur

Hluttur sjávarútvegs í þjóðarbúskap okkar hlýtur að dragast saman á næstu árum. Þar eð fiskstofnarnir við landið eru fullnýttir nú getum við ekki vænst meiri tekna af fiskveiðum í framtíðinni en við njótum nú. Eini möguleikinn til framsóknar í sjávarútvegi (fyrir utan hagræðingu) er innlend verðmætaaukning eða betri markaðir fyrir fiskinn (hærra verð).

### **Iðnaður verslun og þjónusta**

Við höfum ekki gætt þess að búa okkur undir nauðsynlega uppbyggingu iðnaðar, verzlunar og þjónustu. Við höfum t.d. miðað gengisskráningu krónunnar við þarfir og óskir sjávarútvegsins í allt og ríku mæli á kostnað annarra atvinnugreina, sem hefðu geta blómstrað við hagstæðara gengi. Sjávarútvegurinn fær ókeypiss hárfni úr sjó. Slíkt búa hinir atvinnuvegir ekki við. Stjórnvöld hafa ekki treyst sér að laga gengisskráningu krónunnar að þörfum atvinnulífsins í heild fyrst og fremst vegna þess að þá myndi skapast óeðlilegur hagnaður í sjávarútvegi. Sala veiðileyfa eða veiðigjald er lykillinn að skynsamlegri frambúðarlausn á þessum vanda.

### **Rannsóknir og vísindi**

Ekki er nóg að leggja rækt við upprennandi atvinnuvegi og treysta innviði þeirra. Við þurfum einnig að styrkja undirstöður atvinnulífsins með tiltækum ráðum. Æðri menntun, rannsóknir og vísindi eru sérstaklega mikilvæg. Verðmæti útflutnings sem hvílir á íslensku hugviti hefur aukist verulega undangengin ár.

### ***Þannig á að fella gengi (Þorvaldur Gylfason)***

Ríkisstjórn sem stendur frammi fyrir og hátt skráðu gjaldmiðilsgengi sem orðnum hlut svo að útflutnings og samkeppnisatvinnuvegir berjast í bökkum getur:

#### **Fellt gengið**

#### **Beðið þess að almennt verðlag lækki vegna aukins atvinnuleysis**

#### **Styrkt útflutnings- og samkeppnisfyrirtæki af almannafé**

Hvorugur síðar nefndu kostanna er góður. Ef of hátt gengi knýr útflutnings og samkeppnisfyrirtæki til að leggja upp laupana í stórum stíl og atvinnuleysi eykst af þeim sökum getur þurft aðbíða lengi eftir því að innlent verðlag lækki. Raungengislækkun vegna verðhjöðunar innanlands er mjög áhrifalítill aðferð til að styrkja stöðu útflutningsfyrirtækjanna.

### **Gengisfelling**

Oft er eina raunhæfa lausnin gengisfelling. Það er þó mikilvægt að fylgja gengisfellingu eftir með öflugum aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum

### **Reynsla Svía**

Svíar felldu gengi 1982 með prýðilegum árangri. Sænska ríkisstjórnin greip á sama tíma til róttæks niðurskurðar í ríkisfjármálum. Hallinn á fjárlögum minnkaði smámsaman og snérist upp í afgang. Jafnframt lækkaði hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu. Viðskiptahallinn minnkaði úr 2% í 1% af ÞFL. Dæmi þetta sýnir að mögulegt er að fella gengið og efla útflutningsframleiðsluna án þess að þurfa að búa við aukna verðbólgu. Sænska ríkisstjórnin hefði þó getað dregið enn meira úr ríkisútgjöldum en hún gerði.

### ***Gengisstefna, verðbólga og atvinnuleysi á Norðurlöndum***

Bretton Woods hrundi árið 191. Smithsonian samkomulagið náðist í kjölfarið, 1973. Síðan þá hafa ríkisstjórnir Norðurlandanna fjögurra sem eru aðilar að EFTA fylgt þeirri stefnu að halda gengi sjaldmiðla sinna föstu að mestu leyti. Þetta hefur verið til þess að tryggja sæmilegan stöðugleika í utanríkisviðskiptum svo og að halda verðbólgu innan hóflegra marka. Þó hafa norðurlöndin ekki enn viljað fara í ERM heldur áskilið sér og notfært sér rétt til að breyta gengi gjaldmiðla sinna einhliða, oftast til að endurheimta samkeppnisstöðu sína. Þorvaldur Gylfason telur að til þessarar stefnu megi að nokkru rekja talsvert minna atvinnuleysi, meiri verðbólgu og lakari samkeppnisstöðu út á við en sambærileg iðnríki.

## 9. Ríkisfjármál

### Ríkisfjármál (Guðmundur Magnússon)

#### Staða ríkisfjármála í EB og EFTA

Afkoma ríkissjóða í löndum EB er mismunandi þrátt fyrir þá samhæfingu í gengismálum sem náðst hefur. Af því má ráða að staða ríkisfjármála í EFTA löndunum ætti ekki að vera þeim fjötur um fót í auknu gengissamstarfi. Þau atriði sem skipta mestu máli þegar meta skal möguleika einstakra ríkja á að samhæfa gengismál sín erlendu samstarfi eru:

Erlend og innlend skuldastaða hins opinbera

Halli á ríkissjóði

Þróun ríkishallans vegna breytinga í efnahagslífi viðkomandi lands

#### Samband ríkishalla, raunvaxta og verðbólgu

Ef hallarekstri ríkissjóðs er fylgt til margra ára þarf hagvöxtur að vera jafnmikill eða meiri en nemur greiðslum á raunvöxtum af öllum skuldum þjóðarinnar. Ríkishalla má annaðhvort fjármagna með seðlaútgáfu eða verðbréfasölu. Halla má mæta með verðbólgu en því minni sem hagvöxtur er, því meiri þarf verðbólgan að vera. Það er því illgerlegt að draga úr skuldaaukningu og ná niður verðbólgu samtímis nema með hjálp hagvaxtarins.

#### Samhæfing ríkisfjármála

Lítið hefur verið rætt um samhæfingu ríkisfjármála í sambandi við nánara gengissamstarf. Helsta ástæðan fyrir því er sú að menn vildu forðast að drepa gengissamstarfinu á dreif með því að draga þau inn í umræðuna. Ríkisfjármálin skipta þó minna máli í myntsamstarfi en **peningamálin**. Verði sameiginleg mynt tekin upp verður ekki unnt að veita öllum löndum rétt til peningaútgáfu. Talið er að meiri samræming á verðbólgu og peningamálastefnu sé æskilegt til að greiða fyrir myndun Myntbandalags Evrópu. Fjögur atriði munu breytast

##### Myntsláttuhagnaður

Tekjur af myntsláttuhagnaði verða úr sögunni. Myntsláttuhagnaður hefur fengist með því að aukið peningaframboð við fullt atvinnustig kyndir undir verðbólgu og lækkar raungildi peninga. Ríkið fær væðmæti fyrir nýja mynd en allir sem áttu peninga fyrir, greiða skattinn með því að væðmæti peningaeignar þeirra minnkar

##### Samverkun

Samræming peningamála verður til þess að aðgerðir í einu landi hafa áhrif á stefnu peningamála í öðrum löndum

##### Lítill þörf á yfirstjórn peningamála í hverju landi fyrir sig

##### Hagstjórn afmarkast við ríkisrekstur

Ríkisstjórnir auka eða minnka ríkisútgjöld ásamt því að breyta hlutfalli milli skattlagningar og sölu verðbréfa til að fjármagna ríkisreksturinn.

Skuldug ríki þurfa þannig að treysta meira á sölu verðbréfa til að mæta hala í ríkisfjármálum. Staða ríkisfjármála í ríkjunum í væntanlegu myntbandalagi er misjöfn og því líkur á því að það skapi vandamál. Þýskir hagfræðingar hafa haldið fram að ekki borgi sig að setja sérstakar reglur um halla í ríkisfjármálum heldur einfaldlega banna seðlabönkum landanna að fjármagna fjárhagshallan. Þetta þýðir að ríkið er komið í sömu spor og einkaaðilar og verður að afla fjár til að greiða skuldir.

### ***Fjárlagahalli og verðbólga (Þorvaldur Gylfason)***

Stjórnmalamenn hafa oft miklar áhyggjur af hallabúskap. Ríkisstjórnir Evrópu hafa t.d. ekki árátt að reyna að draga úr atvinnuleysi með örvandi aðgerðum í ríkisfjármálum (t.d. skattalækkunum). Þeir sjá oft ekki það að atvinnuleysi rýri hallan af sjálfu sér með því að rýra skatttekjur ríkisins. Ef atvinnuleysi væri minna væru skattgreiðslur fólks og fyrirtækja meiri og hallinn minni eftir því. Varhugavert er að skoða fjárlagahalla eins og hann er sem vísbendingu um það hvort ríkisstjórn sé eyðslusöm eða aðhaldsöm. Nær lagi er að skoða fjárlagahallan eins og hann væri við fulla atvinnu.

### **Nafnvextir í ríkisbókhaldi**

Heft hefur skapast í ríkisbókhaldi um allan heim að færa vaxtagjöld á nafnvöxtum. Þetta er rökrétt þegar lán eru tekin til núverandi neyslu eða fjárfestinga sem ekki hækka í verði í verðbólgu (t.d. fjárfestingar sem ekki er hægt að selja s.s. virkjanir). Þannig er ekki talin ástæða að færa vexti á raunvöxtum hér á landi.

### **Ríkisbúskapurinn í heild**

Þegar áhrif opinberra umsvifa á efnahagslífið eru skoðuð er nauðsynlegt að skoða ríkisbúskapurinn allan, en ekki bara A-hluta fjárlaganna. Hér á landi hefur nær öll umræða snúist um A-hlutann og valdið ruglingi og spillt fyrir skynsamlegri skoðanamyndun og stefnumótun

### **Þensluhallinn**

Aðferð við að finna þensluáhrif stjórnarstefnu í fjármálum: Leggja saman fyrirhugaðar innlendar og erlendar lántökur ríkisins í víum skilningi til að finna heildarlánsfjárförfina og draga síðan frá þeirri upphæð þann hluta ríkisútgjalda sem veldur ekki þenslu í þjóðarbúskapnum. Þannig má finna svokallaðan þensluhalla. Stærstu frádráttarliðir eru vextir og afborganir af erlendum skuldum

## **10. Gengismál**

### ***Gengisstefnan (Guðmundur Magnússon)***

#### **Þörfin fyrir hagstjórn**

Hagkerfi allra landa verða fyrir ýmiss konar truflunum, bæði innlendum og erlendum. Sé stöðugleiki talinn æskilegur er ástæða til að draga úr sveiflum með aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Einnig er ástæða til íhlutunar ef röskun í hagkerfinu torveldar sókn að bættum efnahag í framtíðinni. Það getur einnig réttlætt aðgerðir að hagkerfið verði of lengi að jafna sig eftir áfall ef ekkert er að gert. Þó gildir það með allar hagstjórnaraðgerðir að þær verða máttvana með tímanum séu þær ofnotaðar.

### Markmið og leiðir hagstjórnar smárikis

Töluleg markmið þjóðfélagsins eru t.d. tiltekin landsframleiðsla, ákveðinn hagvöxtur, verðlag eða jöfnuður í utanríkisviðskiptum. Til að ná þessum markmiðum þarf að hafa nægilega öflug stýritæki til ráðstöfunar, s.s. gengi, skatta og peningamagn. Til þess að ná jafnvægislausn þarf eftirfarandi yfirleitt að gilda:

Beita þarf jafnmörgum stýritækjum og markmiðin eru

Samhæfa þarf aðgerðirnar í tíma

Beina ætti hverju stýritæki að því markmiði þar sem það er áhrifamest

Mikilvægt er að aðgerðir séu samhæfar því t.d. séu stjórnvöld ekki samstíga í stjórn peningamála og ríkisfjármála er ekki tryggt að jafnvægi náist í þjóðarbúskapnum og niðurstaðan getur endað í ósköpum. Hugsum okkur að beitt sé gengislækkun til þess að jafna metin í viðskiptum við útlönd. Slíkt veldur peningaþenslu þar sem útflytjendur fá meira fyrir vörur sínar en áður. Til að stemma stigu við verðbólgu þarf að vinna gegn aukningu peningamagns með samdrætti í ríkisútgjöldum eða markaðsaðgerðum í peningamálum.

### Gengisbreytingar við takmarkaða fjármagnsflutning milli landa

Fast nafngengi + þensla í ríkisfjármálum og/eða peningamálum

=> raungengi hækkar

=> innlendir kostnaður útflutningsatvinnuveganna eykst

=> ódýr innflutningur ryður innlendri framleiðslu úr vegi

=> á endanum verður að fella gengið

Trúverðugt fastgengi krefst þess að stjórn peningamála og ríkisfjármála miðist við tiltekið raungengi.

### Gengisbreytingar í opinu þjóðfélagi við frjálsar fjármagnshreyfingar

Stjórn peningamála verður að miðast við að viðhalda fastgenginu og leyfir ekki önnur sjálfstæð markmið.

Aukning peningamagns

=> vaxtalækkun

=> fjárflótti og jafnvel lántökur útlendinga

=> Seðlabankinn seldur erlendan gjaldeyri og dregur þannig aftur úr pen.magni.

Við fullkomið frelsi í fjármagnshreyfingum og staðkvæmd milli mynta eru vextir ákveðnir erlendis og breytast því ekki.

Við fljótandi gengi verður niðurstaðan önnur. Aukning ríkisútgjalda eykur eftirspurn og hækkar vexti m.v. óbreytt peningamagn. Fé streymir inn í landið og raungengi hækkar. Útflutningsatvinnuvegir standa verr að vígi og framleiðsla í vernduðum geirum eykst á þeirra kostnað. Aukning peningamagns er nú virkari leið en við fast gengi þar sem vextir og raungengi lækka.

### Áhrifamáttur stjórnþækja

Áhrifamáttur ýmissa stjórnþækja er minni í opnu þjóðfélagi en lokuðu hvort sem fjármagnshreyfingar eru frjálssar eða ekki:

Dregið er úr virkni fjármálatækja eins og skatthlutfalla og ríkisútgjalda

Sé sett skilyrði um jöfnuð út á við setur það beitingu fjármálatækja skorður og dregur enn frekar úr margföldunaráhrifum þeirra

Meira frelsi er til aðgerða þegar ekki þarf að taka tillit til viðbragða annarra ríkja.

### Gengisstefna og gengisþróun á Íslandi

1914 rofnuðu tengsl íslenska og danska efnahagskerfisins og fram til 1922 var gengi krónunnar fast gagnvart dönsku krónunni. Á stjórnaldarárunum var mikil þensla sem leiddi til raungengishækkunar. Eftir stjórnaldina fór að halla undan fæti og var höftum beitt => gjaldeyrisbrask utan kerfisins. Gengi krónunnar var á floti til 1925 þegar það var fest pundinu til ársins 1939. Þá var hún tengd dollar til 1949 => mikil höft í lok stríðs. Fastgengisstefnu var ávallt haldið til streitu með höftum ef ytri skilyrði þjóðarbúsins breyttust til hins verra, eins og eftir bæði stríðin, í stað þess að endurskoða gengisstefnuna. Fastgengið hrindi 1922, 1939 og 1950 vegna lélegrar hagstjórnar

Íslendingar urðu aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 1947 og þar með Bretton-Woods fastgengiskerfinu. Það hafði þau áhrif að fastgengistímabil voru nokkuð löng. Þegar fram liðu stundir jókst gengisstýring og undanþágum fjölgaði. Bretton-Woods féll árið 1973 og fóru helstu gjaldmiðlar á flot.

### Trúverðug gengisstefna (Guðmundur Magnússon)

Ytri aðstæður munu breytast á næstu árum vegna efnahagssamruna Evrópu. Lífkjör munu batna með niðurrifi tollmúra, afnámi einokunar og fákeppni sem þrífist hefur í skjóli sérreglna og landamæra og útrýmingu óbeinna viðskiptahindrana í formi staðla og ríkisafskipa. Þessar breytingar hljóta þó að fela í sér röskun á höfum margra.

Íslensk stjórnvöld hafa hingað til litlar áhyggjur þurft að hafa af umheiminum við stjórn peningamála. Þetta stafar af takmörkunum sem hafa verið á lántökum og fjárfestingum erlendis og á heimildum erlendra aðila til starfsemi á Íslandi. Íslendingar hafa í raun geta valið um það verðbólguþig og gengisstefnu sem þeim hentaði. Fastgengistímabil hér á landi hafa verið á tímum þjóðarsátta eða í skjóli mikils hagvaxtar. Ef íslendingar ætla að reka sömu gengisstefnu og þjóðir Evrópska myntsamstarfsins krefst það eftirfarandi:

Peningamagn verður að miðast við að fastgengið sé trúverðugt

Seðlabanki verður að beita markaðsaðgerðum í ríkari mæli

Svigrúm til vaxtastjórnunar þrengist með frelsi til fjármagnshreyfinga. Það hverfur þó ekki alveg þar sem gengisáhætta er ávallt til staðar.

Íslenskir bankar verða í framtíðinni að sitja við sama borð og erlendir bankar. Lækka þarf bindiskyldu og reikna þær öðruvísi.

Trúverðugt fastgengi krefst öflug gjaldeyrisvarasjóðs og aðgangs að erlendum lánum til að standast snögggar sveiflur í framboði og eftirspurn.

Samræma verður skattlagningu á ýmsum sviðum við fullkomið frelsi til fjármagnsflutninga.

### **Sjónarmið varðandi fastgengisstefnu fyrir Íslendinga**

#### **Stærð myntsvæðis**

Ísland er of lítið til að mynda sjálfstætt myntsvæði. Hætta er á að gengið sveiflaðist kröftuglega á svo litlum markaði.

#### **EB-EFTA viðskipti**

EB og EFTA eru mikilvægustu viðskiptasvæði Íslendinga. Ísland er því á myntsvæði EB og EFTA.

#### **Meiri agi í hagstjórn**

Fastgengisstefna krefst meiri aga í hagstjórn. Meira aðhald gerir aðgerðir stjórnvalda trúverðugri en ella.

#### **Aflabrestir**

Aflabrestir geta verið erfiðir viðureignar og eru oft óháðir sveiflum annarra landa. Þeir krefjast þannig sérstakra aðgerða hér á landi til að hamla gegn samdrætti í framleiðslu og atvinnubresti.

#### **Verðbólga**

Athuganir benda til þess að ná megi árangri í baráttunni við verðbólgu og draga megi úr sveiflum í kaupmætti með fastgengi. => fastgengi stutt af verðjöfnunarsjóði, hlunnindagjaldi eða sveiflujöfnun með verðbréfum

#### **Launamál**

Við fast gengi yrðu nafnlaun að taka mið framleiðniþróun og viðskiptakjörum.

#### **Peningamálataeki til sveiflujöfnunar**

Við fast gengi þarf að helga peningamálataeki gengismarkmiðum. Jafna má sveiflur með verðjöfnunargjaldi eða breytilegu hlunnindagjaldi.

#### **Gjaldeyrisvarasjóður og trúverðugleiki**

Áður en Ísland fengi inngöngu í EMS þyrfti það að sýna fram á trúverðuga fastgengisstefnu og eiga digran gjaldeyrissjóð til að hafa upp á að hlaupa.

## **Stefnan í gengismálum (Már Guðmundsson)**

Fastgengi og flotgengi er gjarnan stillt upp sem gagnstæðum skautum við val á gengisstefnu. Í raun er þó um að ræða ýmis millistig á milli hreins flots og algjörs fastgengis. Þar má nefna

### **Hreint flot**

### **Stýrt flot**

### **Skriðtengingu**

Gengið breytist hæfum skrefum gagnvart gefinni myntkörfu, yfirleitt samkvæmt fyrirfram gefinni reglu.

### **Sveigjanlega gengisstefnu**

### **Fastgengi**

Val gengisstefnu má skipta í nokkur stig. Fyrst þarf að velja milli þess hvort gengi á að fljóta sjálfstætt með einhverjum hætti eða vera tengt gengi annarra. Ef síðari leiðin er farin þarf að velja þann gjaldmiðil eða þá gjaldmiðla sem miða á við. Síðan þarf að ákveða hvort gengið á að vera breytilegt eftir reglu, breytast við vissar aðstæður eða vera algjörlega fast. Þrenns konar sjónarmið hafa mest áhrif á val gengisstefnu:

## **Bygging hagkerfisins (strúktúr)**

Hér er sérstaklega litið til opunar, eðli og umfangs sveiflna og sveigjanleika launa. Rök má færa fyrir því að lönd eigi fyrst og fremst að varðveita sem best innra jafnvægi á hverjum tíma (jafnvægi á vinnumarkaði eða jafnvægi á markaði fyrir heimavörur). Óhagkvæmt er að raska innra jafnvægi vegna tímabundinna utanaðkomandi truflanna. Oft er þó erfitt að greina á milli tímabundinna og varanlegra breytinga í þessu sambandi. Valið milli fasts og breytilegs gengis myndi þannig m.a. ráðast af eftirfarandi þáttum:

### **Hlufalli utanríkisviðskipta af landsframleiðslu**

Almennt talið er heppilegra að hafa fastgengi => minnka óvissu og lækka viðskiptakostnað.

### **Eðli áfalla og sveiflna í samanburði við áföll og sveiflur á því svæði sem til greina kemur að festa gengið við**

Þetta er eitt mikilvægasta viðmiðið. Ef áföll og sveiflur eru svipaðar í umfangi og tímasetningu í viðmiðunarlandi eru meiri líkur á að heppilegt sé að halda genginu föstu m.t.t. viðkomandi lands/landa. Ef mikill munur er á borgar sig að hafa sveigjanleika í gengi

### **Hreyfanleika framleiðsluþátta á milli viðkomandi lands og myntsvæðis**

Því opnara sem hagkerfið er, því meiri hreyfanleiki framleiðsluþátta þannig að breytingar á nafngengi hafa fyrst og fremst áhrif á verðlag, síður á raungengi. Því opnara sem það er, því meiri ástæða fyrir fastgengi, þar sem áhrifamáttur gengisbreytinga er minni og hreyfanleiki fjármuna getur komið í stað aðlögunar í gegn um gengisbreytingar.

**Sveigjanleika nafnlauna og umfangi verðtryggingar launa**

Það skiptir máli hvort truflanir eiga sér stað í esp. á innlendum vörumarkaði, á innlendum peningamarkaði, á framboðshlið hagkerfisins eða á samsvarandi erlendum mörkuðum. Fastgengi er heppilegra ef truflanir eiga sér stað á innl. pen. markaði. Breytilegt gengi er heppilegra ef truflanir eiga sér stað í esp. á innlendum vörumarkaði og erlendum peningamarkaði. Því sveigjanlegri sem nafnlaun eru, því minni þörf er á gengisbreytingum. Því tengdari sem nafnlaun eru genginu (óformleg vísitölubinding) því minna hagræði er af breytilegu gengi.

Enda vantar....

## 11. Hagvöxtur og hagsveiflur

### *Yfirlit yfir hagþróun (Sigurður Snævarr)*

#### Hagþróun 1901-1940

Opinberar tölur um þjóðhagsreikninga ná ekki lengra aftur en til 1945. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að áætla landsframleiðslu lengra aftur eða allt til ársins 1902. Greinilegt er frá gögnum að hagþróun er mun meira sveiflum undirorpin fyrir en eftir síðari heimstyrjöld. Sveiflurnar voru sérstaklega kröftugar á árunum 1915 -1920.

#### Kreppan erlendis

Hinn vestræni heimur naut áður óþekkts hagvaxtar í næstum heila öld frá 1820 til 1913. A Maddison nefnir það skeið fjálslyndrar markaðsstefnu þar sem viðskipti með vörur og fjármagn voru óheft. Fyrri heimsstyrjöldin batt enda á þetta tímabil. Árin 1922-29 ríkti samfelld góðæri í USA, hlutabréfaverð fór síhækkandi og hlutabréfaeign varð almennari en nokkru sinni fyrr. Fjár til kaupa bréfanna öfluðu margir með bankalánunum. Verð bréfanna fór langt umfram raunvirði og á endanum hrundi allt saman (down jones féll um 75%). Verðfallið kom ekki samdrættinum á stað en magnaði hann svo um munaði. Fjárhagskreppa myndaðist og traust á efnahagslífinu minnkaði. Lánveitingar bandarísku bankanna minnkuðu og hafði það áhrif á ýmis önnur lönd s.s. Þýskaland. Öll efnahagsstarfsemi byggist á tiltrú á framtíðinni. Þessi trú brast í kreppunni og eftirspurn eftir vörum varð minna en framboð þar sem að neytandinn hélt að sér höndum. Áhrifa heimskreppunnar gætti minna á Norðurlöndum en hjá öðrum Evrópulöndum.

#### Kreppan á Íslandi

Á Íslandi dróst landsframleiðsla Íslands um 6.5%. Hér var ekki um viðvarandi samdrátt að ræða því árið 1933 varð 9% hagvöxtur. Hagþróun fyrstu þrjá áratugina byggðist fyrst og fremst á útflutningi og var hagkerfið mjög háð útflutningi. Viðskiptakjörin stóðu í sögulegu hámarki árið 1928. Eftir það hallaði undan fæti, verð lækkaði og tollar voru auknir. Gjaldeyriskjör minnkuðu og viðskiptahöft voru sett upp. Í aðgerðum þessum var sjávarútvegurinn skilinn eftir í gífurlegum vanda, einkum vegna skakks verðlags vegna hafta og rangs gengis. Atvinnuleysi jókst hörðum skrefum, sérstaklega vegna mikilla fólksflutninga til höfuðborgarinnar. Orsakir kreppunnar hér á Íslandi lágu að mati Benjamíns H Eiríkssonar að mestu leyti í hágengisstefnu Alþingis og aðhaldssamri bankapólitík. Sagan sýnir þó að Íslendingar hafi náð sér fyrir úr kreppunni en aðrar þjóðir.

### Efnahagsstefna fram til síðari heimstyrjaldarinnar

Fram að fyrri heimsstyrjöld gegnsýrði frjálslynd efnahagsstefna, laissez-faire, viðhorf iðnríkjanna í efnahagsmálum, ríkisafskipti voru lítil og stöðugt verðlag var aðalverkefni efnahagsstjórnunar. Fyrri heimsstyrjöldin kollvarpaði þessari heimsmynd, þegar afskipti ríkis jukust og almennri efnahagsstefnu kastað fyrir róða. Ísland var aldrei laissez-faire hagerfi. Það að ríkið hafi rekið tiltölulega óvirka stefnu í ríkisfjármálum á 19. öld má fremur rekja til vanþróaðs ríkiskerfis, útbreiddrar fátæktar og aldagamalla búskaparháttar en til meðvitaðrar frjálslyndrar markaðsstefnu. Fyrri heimsstyrjöldin olli breytingum en ríkissjóður tók þá að skipta sér allverulega af verslunarmálum og sá um innflutning á helstu nauðsynjavörum (1/3 af heildarinnflutningi þegar best lét). Hin varanlegu áhrif kreppunnar birtust í viðhorfi til efnahagsmála og stjórnunar þeirra. Á flestum sviðum var horfið frá markaðshyggju. Þótt áætlanir um áætlunarbúskap hafi ekki gengið eftir einkenndust efnahagsmál næstu áratuga af ýmiss konar skömmtunarkerfum og verðstýringu innlendra aðila. Þar ber einna hæst verðstýring í landbúnaði. Önnur arfleifð kreppuáranna er svo velferðarkerfið en almannatryggingar voru settar á laggirnar 1936 og ýmsar úrbætur gerðar í félagsmálum

### Heimsstyrjöldin síðari

Ísland var eitt fárra landa sem var ríkara eftir stríð en fyrir (meðalhagvöxtur 5.6). Heimstyrjaldarári má kalla síðari umbreytingu íslensks efnahagslífs. Hernámi breta fylgdu umsvifamiklar framkvæmdir. Bretar höfðu bæði hernaðarlega og efnahagslegan ávinning af hernáminu en þeir gerðu samning um utanríkisverslun í kjölfar þess.

### Hagvöxtur frá lokum síðari heimstyrjaldar

Megineinkenni tímabilsins frá lokum síðari heimstyrjaldar er mikill hagvöxtur, einkum fram til 1973.(OECD=5.4%) Frá 1973-1992 dregur talsvert úr (OECD=1.4%) hagvexti allstaðar í heiminum nema þá kannski Asíu. Skilin árið 1973 má einkum rekja til eftirfarandi þátta:

#### Olíuverðshækkunin

Líklegt þykir að olíuverðshækkunin árið 1973 hafi komið sem hreint áfall.

#### Fastgengisfyrirkomulagið

Hagkerfi heimsins höfðu ekki náð að aðlagast falli fastgengisfyrirkomulagsins

**Verðbólga**

Verðbólga fór hraðvaxandi víða um heim á árunum upp úr 1970 en það leiddi til áherslubreytinga í markmiðum hagstjórnar. T.d. viku atvinnumarkmið fyrir áherslu á því að kveða verðbólguna niður.t

**Solows - einkenni hagvaxtar**

Framleiðslugeta og vinnuafli vaxa tiltölulega jafnt, þó þannig að framleiðslan vex graðar en vinnuaflið, þ.e. framleiðni vinnuafls fer vaxandi

Vaxtarharði fastafjármagns er stöðugur og nokkru meiri en nemur aukningu vinnuafls, þannig að fjármagn á vinnandi mann fer vaxandi

Fastafjármagn og framleiðsla aukast í svipuðum takti, þannig að fjármagn á framleiðslueiningu er tiltölulega stöðugt

Arðsemi fastafjármagns er tiltölulega stöðug þegar til lengdar lætur og jafnframt er stöðugt hlutfall milli launa og hagnaðar.

**Nýklassískar kenningar (þ.m.t. solow)**

Byggjast á greiningu á fjármagni á hvern vinnandi mann. Ein meginniðurstaða er að jafnstöðuvöxtur á framleiðslu á mann sé óháður sparnaði og fjármunamyndun og ráðist alfarið af tækniframförum. Aukin fjármunamyndun leiðir til nýs jafnvægis við hærri framleiðslustig.

**Kenning Douglass C. Norths**

Forsendur hagþróunar til lengri tíma eru stofnanir og leikreglur samfélagsins sem hvetja til tækniþróunar og hagræðingar. Kapítalisminn hefur þannig í sér hvata til einstaklingsins til að fjárfesta í atvinnulífi og beita nýrri tækni á þann hátt að allra hagar sé. Ágóði einstaklingsins og samfélagsins falla nokkurn veginn saman. Ef eignaréttur er ekki vel skilgreindur leiðir það til þess að athöfn einstaklings leiðir ekki til sama ábata fyrir hann og samfélagið.

**Rök gegn nýklassískum kenningum****Hagsveiflur**

Framleiðslugeta er metin eftir leitniferli og frávik framleiðslunnar frá leitnigildi er notað til að meta hagsveiflur. Helstu kostur er einfaldleiki. Gallar eru að öll frávik eru talin til hagsveiflna og aðeins ein leitni er notuð fyrir allt tímabilið. Leitniferillinn er fundinn með aðfallsgreiningu.

**Hagþróun og efnahagsstefna frá stríðslokum.**

Stríði gjörbreytti lífskjörum og lífsháttum landsmanna. Þó stóðu þau efnahagsvandamál sem settur mark sitt á stefnuna óbreytt. Alvarleg skekkja í verðhlutföllum hafði myndast upp úr 1930 vegna hágengis krónunnar og innflutningshafta en það orsakaði rýrnun gjaldeyrisforðans. Stríðið deyfði vandann en hann blasti berlega við þegar því lauk. Gengi krónunnar var ekki leiðrétt fyrr en 1960 og er álitaeftni hvort þar var nóg að gert.

**Nýsköpun (1944-1946)**

Í lok stríðsins nam gjaldeyrisforði um 45% af þjóðarframleiðslu. Hér var um þvingaðan sparnað vegna innflutningshamla. Við lok stríðsins blasti þörf á uppbyggingu framleiðslutækjanna. 1944 var nýsköpunarstjórnin sett á laggirnar en hún hafði það að meginhlutverki að endurnýja framleiðslutækin. Á þessu tímabili tvöfaldaðist fiskiskiptastóllinn og afkastageta síldarverksmiðja óx um sama margfeldi. Gallinn við þessar aðgerðir ríkisins er sá að hér var um skömmtunaraðgerðir með áætlunarbúskapi. Aðgerðirnar miðuðust aðalega við framboðshliðina en lítið var hirt um að skapa svigrúm fyrir þessar framkvæmdir með eftirspurnarstjórnun. Afleiðingar af öllu þessu var að gjaldeyrisforðinn hvarf eins og döggi fyrir sólu

**Haftatímabil (1947-1950)**

Hagfræðinganefnd, skipuð 1948, mælti með auknum höftum og hækkun aðflutningsgjalda. Aðgerðir fólu í sér lækkun verðbótavísitölu launa, niðurfellingu landbúnaðarverðs og lækkun launa. Ríkissjóður ábyrgðist lágmarksverð á fiski við ákveðið kílóverð, án tillits til raunverulegs söliverðs. Þeir vindar sem blésu um íslenskt efnahagslíf voru frábrugðnir því sem gerðist annarstaðar á vesturlöndum, þar sem víðast hvar var unnið að því leggja niður áætlunarbúskapar.

**Efnahagsráðstafanir (1950)**

Benjamín H. Eiríksson gagnrýndi hagfræðinefndarinnar. Á grundvelli álitsgerðar Benjamíns var ráðist í einhverjar merkustu efnahagsráðstafanir. Þessi nýji tónn var undir sterkum áhrifum frá keynesískri hagfræði:

Fráhvarf frá hafta- og skömmtunarstefnu

Samræmdar aðgerðir í gjaldeyris-, peninga- og fjármálum hins opinbera

Gengi krónunnar var fellt um 43% og stórlega dregið úr innflutningshöftum. Vextir voru hækkaðir, verðbætur á laun takmarkaðar og stóreignarskatti komið á. Að mati Jóhannes Nordals var gengisfellingin ekki nægjanlega mikil til að koma á jafnvægi. Aðgerðirnar útrýmdu ekki vöruskorti og rýr viðskiptakjör yrðu til þess að fresta varð aðgerðunum um 10 ár. Skömmtun og millifærslur tóku aftur við.

**Fjölgenkisstefna (1951-1956)**

Árið 1951 var tekið upp bátagjaldeyriskerfi, en það var nokkurs konar skiptikerfi innflytjenda og útflytjenda. Þetta var nokkur skonar vísir að gjaldeyrisviðskiptum á frjálsum markaði en viðskipti voru þó takmörkuð við sölu/kaup á ákveðnum vörutegundum.

Á 6. áratugnum skipti Marshallaðstoðin sköpum. Hún miðaðist við að endurreisa efnahag Evrópulanda með því að styrkja einkaframtakið. Skilyrði aðstoðarinnar var að þiggjendur afnæmu viðskiptahindranir og gerðu tvíhliða viðskiptasamning við Bandaríkin. Við móttöku fjármuna greiddu íslendingar andvirði inn á mótfjárreikning sem var síðan grundvöllur Framkvæmdabankans.

1952 voru gerðir þjóðarsáttasamningar (ASÍ vinnuveitendur og ríkisvaldið) og lögð var áhersla á atvinnuöryggi.

### Fjölgengisstefna og millifærslusjóðir

1956 var útflutningssjóðir stofnaður og bátagjaldeyriskerfið lagt niður. Verkefni sjóðsins var að sjá um allar millifærslur. Aðflutningsgjöld voru lögð á í breytilegum flokkum og var þeim tekjum varið til að greiða mjög misháar bætur á útfluttar afurðir eftir mati sjóðsstjórnar. Í stað tvöfalds gengis urðu gengin nú 30-40. Fjölgengið var að mestu aflagt árið 1958 og 55% yfirfærslugjald lagt á nær alla gjaldeyrissölu, en þessi breyting jafngildi verulegri gengislækkun (30-40%).

### Niðurfærsla

Alþýðuflokkurinn kom á niðurfærslu 1959, þ.e. stórfelldum niðurgreiðslum og 4% lögbundinni launahækkun. Aðgerðir þessar giltu þó aðeins um skamman tíma. Hagvöxtur er mikill 53-55 og má það m.a. þakka framkvæmdum bandaríkjahers og fjárfestingum Framkvæmdabankans. 56-57 dregur úr hagvexti og halli á viðskiptajöfnuði eykst. Höftin megnuðu greinilega ekki að draga úr viðskiptahalla.

### Viðreisn

Gengisfelling um 57%

Almennur söluskattur 3%

Tekjuskattur felldur niður af "almennum launatekjum"

Vísitölubinding launa bönnuð

Vextir hækkaðir um 4%

Tollar hækkaðir, en viðamikil breyting gerð á tollskrá og horfið frá verndartollum

Teknar upp fjölskyldubætur (síðar: barnabætur).

Yfirfærslugjaldið var lagt niður í þessum aðgerðum og var því raunveruleg gengislækkun aðeins um 37%. Gengisfelling viðreisnar var þó miklu árangursríkari en gengisfellingin árið 1950 og náði hún að rétta af raungengið. Afnám vísitölubindingar hafði í för með sér kjaraskerðingu og mikil verkföll. Viðreisnarstjórnin felldi gengið aftur og áréttaði þá stefnu sína að gengis skyldi vera rétt skráð. Í stað vísitölubindingar var samið um "rauð strik", þannig að ef vísitalan hækkaði um tiltekið hlutfall skyldi sú verðlagsaukning tekin með í launagreiðslur. Í framhaldi af þessu hóf ríkið miklar niðurgreiðslur á vörum framfærsluvísitölu til að koma í veg fyrir verðbólgu

Ríkisstjórnin beitti sér hart fyrir ákveðinni víxlverkun launa og verðlags með samræmdri launastefnu í samráði við aðila vinnumarkaðsins. Árið 1964 var vísitölubindingu komið á á nýjan leik og félagsmálapakki samþykktur (úrþætur í húsamálum, verkamannabústaðir). Í stað þess að gera nauðsynlegar skipulagsbreytingar á peningamarkaðinum einbeitti stjórnin sér að því að reyna að kaupa frið af verkalýðsforingjum.

Kreppa ríkti 1967-69, ein dýpsta frá stríðslokum. Orsakir hennar voru einkum síldveiðibrestur, lækkun útflutningsverðlags (og viðskiptakjara). Einnig varð slæmt veðurfar til þess að heyfengur var aðeins helmingur þess sem hann var 1964. Uppgangur var hraður árið 1970. Í kjarasamningum 68 var samið um takmörkun verðbóta. Miklum fjárhæðum var varið til þess að bæta rekstrarskilyrði en í kjölfarið varð veruleg aukning peningamyndunar. Viðreisn sýndi fram á að hægt var að halda jafnvægi í viðskiptum við útlönd án hafta.

### Hagþróun áttunda áratugarins

Árið 1971 var mynduð vinstri ríkisstjórn sem hafði það sem meginkjarna að koma á miðstýringu atvinnuuppbyggingar. Brestur varð á aðhaldi í peningamálum og ríkisfjármálum enda setti verðbólga sterkan svip á áttunda áratuginn. Viðskiptakjör voru hagstæð 1972-73 en breyttust þó harkalega með olíuverðshækkuninni. Landhelgin var færð út í 200 mílur og var rökstuðningurinn sá að eign þjóðarinnar myndi stuðla að hagkvæmari nýtingu auðlindarinnar. Þó var veitt af mikilli áfergi og aflaverðmæti jókst gífurlega. Uppbygging í sjávarútvegi var hröð og árið 70-72 var samið um kaup á 38 togurum. Fjármunamyndun var gríðarleg á áttunda áratugnum en hana má einkum rekja til neikvæðra raunvaxta og skattalegs hagræðis af skuldum. Verðbólgan fór hraðvaxandi á fyrri hluta áratugarins, einkum vegna aukins frelsis til verðbólgu vegna falls fastgengiskerfisins. Miklir erfiðleikar ríktu á stjórnámálamarkaðinum og ríkisstjórnir sprungu hvað eftir annað.

### Hagþróun níunda áratugarins

Verðbólga er um 30% í upphafi. Efnahagsstjórn einkenndist af gengisfellingum og tekjustefnu. Afli dróst saman og atvinnuleysi jókst. 1983 stefndi í þriggja stafa verðbólgu. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks reyndu að stuðla að fjálslyndari stefnu á mörgum sviðum. Boðað var að fremur skyldi hugað að almennum leikreglum en inngrípum ríkisvalds. Aðgerðir leiddu til verulegar kaupmáttarskerðingar en leiddu þó til minnkun verðbólgu. 1984 var þó samið um launahækkun opinbera starfsmanna sem ekki var mögulegt að standa við og varð því að fella gengi krónunnar.

Þensluskeið ríkti 1984-1987 og einkenndist það af mikilli bjartsýni (einkenndist í fjárfestingum í fiskeldi og í neyslu og fjárreiðum heimilanna) og slakri hagstjórn. Í lok 1987 kárnaði gamanið og árið 1988 var gengi þrívegis fellt. 1988 kom ný ríkisstjórn sem stofnaði atvinnuþryggingasjóð og hlutafjárjóð. Þetta voru björgunarhringir sem ekki juku rekstraraðhald í fyrirtækjum.

Samdráttur og stöðnun einkenna íslenskt efnahagslíf 1988-1003. Þetta má einkum rekja til þorsstofnsins og slaks efnahagsástands í umheiminum. Aukning atvinnuleysis og lækkandi verðbólga einkenndu þetta samdráttarskeið.

Þjóðarsátt var gerð árið 1990 og reynt var að komast að samkomulagi um raunstærðir í stað þess að leyfa verðbólgunni að gegna hlutverki sáttasemjara.

**Samantekt hagvaxtar:****Eftir stríð 1944-1946**

Nýsköpun, skömmtun og framboðsstýring án eftirspurnarstjórnar. Mikil gjaldeyrisrýrnun

**Haftatímabil 1947-1950**

Mikil höft sett á lúxusvarning, ríkisábyrgð á fiskverði og eftirspurnarstjórn.

**Tilraun til frjálsræðis 1950**

Benjamín Eiríksson, fráhvarf frá hafta- og skömmtunarstefnu, samræmdar aðgerðir í gjaldeyris- peninga- og fjármálum hins opinbera. Ytri áföll urðu þó til að fresta markmiðum ráðstafanna.

**Fjölgengisstefna 1951-1956**

Bátagjaldeyriskerfi, Marshall aðstoðin, 20% gjaldeyristekna frá varnarliði

**Fjölgengisstefna og millifærslusjóðir 1955-1959**

Útflutningssjóður greiddi sjávarútveg með aðflutningsgjöldum, 30-40 gengi

**Niðurgreiðslur 1959**

stórfelldar niðurgreiðslur, giltu í skamman tíma

**Viðreisn 1950**

Gengisfelling, söluskattur, afnám vísitölubindingar launa, breytingar á tollskrá, rauð strík í kjarasamningum, síldarrestur => kreppa 1967-69, snöggur uppgangur 1970, jafnvægi í viðskiptum við útlönd án hafta

**Áttundi áratugurinn**

Vinstri miðstýring atvinnustefnu og velferðarkerfis, brestur í peningamálum og verðbólga, útfærsla landhelginnar

**Níundi áratugurinn**

Aðgerðir til frjálsræðis, minnkun verðbólgu, þensla 1984-87, fall þorskstofnsins, samdráttur 1987-1993, þjóðarsátt 1990.

**Rök fyrir efnahagsstjórn**

Markaðskerfið bregst ekki á viðunandi hátt við þeirri áreitni sem það verður stöðugt fyrir. Því hefur verið haldið fram að hagkerfið aðlagist ekki og nái jafnvægi sem er langt frá æskilegri stöðu. Aðrir telja að markaðurinn fari í jafnvægi en að aðlögun sé allt of hæg, og að efnahagsstjórnun flýti fyrir þeirri aðlögun. Hagsýnisvæntingar segja að stefnubundin stjórnun ríkisvaldsins skili engum árangri. Ríkið hefði fremur átt að skapa skýrar en einfaldar leikreglur og marka einfaldar reglur um hagstjórn, t.d. um peningamagn.

**Efnahagsstjórn á Íslandi**

Íslensk efnahagsstjórn hefur einkennst af nokkrum meiri háttar efnahagsaðgerðum, einatt í kjölfar dýfa í hagkerfinu: Gengisfellingar og takmörkun eða afnám á verðtryggingu launa. Allar ríkisstjórnir hafa haft slök "tök" þegar vel hefur árað. Síðan hefur einatt verið gripið til harkalegra aðgerða þegar syrt hefur í álinn: ofvirk í niðursveiflu og óvirk í uppsveiflum.

## **Verðbólga, hagvöxtur og erlendar skuldir (Þorvaldur Gylfa)**

### **Peningahyggjumenn um verðbólgu**

Peningahyggjumenn (e. monetarists) héldu því ákaft fram að stöðugt verðlag væri forsenda hagvaxtar. Þeir hafa haldið því fram að stjórnvöld ættu að beita aðhaldi í peningamálum til að stemma stigu við verðbólgu og skapa skilyrði fyrir öran hagvöxt

### **Innviðahyggjumenn um verðbólgu**

Innviðahyggjumenn (e. structuralists) hafa verið þeirrar skoðunar að tilraunir stjórnvalda til að halda aftur af verðbólgu með aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum í löndum þar sem framboðshlið hagkerfisins er lítt sveigjanleg og útflutningsmarkaðir eru veikburða, leiði til atvinnuleysis, ónýttar framleiðslugetu og lítils hagvaxtar

Margar rannsóknir hafa þó sýnt fram á að lítið samband sé milli hagvaxtar og verðbólgu. Verðbólga í kjölfar innlestrar peningabenslu getur haft þrennt í för með sér:

Aukinn vöxt framleiðslu í bráð vegna örvandi áhrifa lægri raunlauna á atvinnu eða lægri raunvaxta á fjárfestingu og neyslu vegna beinna áhrifa útlánaþenslu á heildarútgjöld

Minni hagvöxt lítið miðlungi langs tíma, þegar versnandi greiðslujöfnuður og aukin verðbólga knýja stjórnvöld til að grípa til aðhaldsaðgerða og þegar lækkun raunvaxta dregur úr sparnaðarhneigð og hagkvæmni til fjárfestingar.

Óbreyttan hagvöxt til lengri tíma lítið, þar sem hann ræðst eingöngu af tækniframförum og fólksfjöldun (Harrod-Domar-Solow-Denison)

þ.e. að beint samband milli verðbólgu breytist með tímanum í öfugt samband og hverfur að lokum, að öðru jöfnu.

Varanlegur samdráttur útflutnings getur einnig haft í för með sér minni framleiðsluaukningu og minni verðbólgu í bráð en síðan í peningabenslu og nýja verðbólguþekkingu þegar stjórnvöld grípa til seðlaprentunar vegna minnkandi skattekna.

Aukin vernd gegn erlendri samkeppni í viðskiptum verður að öllum líkindum til fylgi hægari hagvöxtur, þegar lítið er til lengri tíma, jafnvel þótt aukin verðbólga og aukin hagvöxtur ríki til skamms tíma

Verðbólga raskar verðhlutvöllum og framleiðslu og getur slævt hagvöxt þannig

Samband milli verðbólgu og hagvaxtar má einnig skoða frá verðbólguhlíðinni þ.e.:

Mikil verðbólga leiðir til lítills hagvaxtar vegna lægri raunvaxta, minni sparnaðar og minni ríkisútgjalda auk framleiðsluröskunar

Lítill hagvöxtur leiðir til mikillar verðbólgu vegna minni skatttekna og meðfylgjandi peningþenslu.

Tölfræðilega séð stenst sú kenning að hagvöxtur hafi að öllu jöfnu verði miklu minni á háverðbólguríkjum en lágverðbólguríkjum. Það ber þó ekki að taka þetta samband einum og bókstaflega þar sem nær ómögulegt er að taka tillit til allra þeirra þátta sem leiða til hagvaxtar, s.s. stjórnmálaástands, náttúruaðstæðna, vanþróaðs peningakerfis o.fl.

### ***Er hægt að hagná fram undan (Þorvaldur Gylfason)***

Hagvöxtur á Íslandi hefur verið skrykkjóttur frá fyrstu tíð og má einkum rekja það til völdugra sveiflna í sjávarútvegi og sveiflna í fiskverði á alþjóðamörkuðum.

Árin 1961-80 var hagvöxtur ör á Íslandi miðað við önnur lönd (5% á ári eða 3.7% á mann á ári). Hægt hefur þó mjög á hagvexti síðan 1981. Halli á viðskiptum við útlönd hefur verið mjög svipaður öll þessi ár eða um 4% af þjóðarframleiðslu.

### **Uppspretta hagvaxtar**

Mannaflaaukning, vöxtur fjármagnsstofnsins, nýting náttúrugæða.

Hagvöxtur á Íslandi glæddist nokkuð frá sjötta áratugnum til hins sjöunda þrátt fyrir minni fólksfjöldun og minni aukningu aflaverðmætis í sjávarútvegi. Líklegast er að aukning vinnu giftra kvenna á vinnumarkaði hafi haft mikið að segja. Einnig má rekja hagvöxtinn til afnáms haftakerfis og upphaf frjálslegri markaðsbúskaparhátta.

Þegar litið er á hagvöxt á 6 og 8 áratug aldarinnar má þó rekja mældan hagvöxt einkum til rányrkju á þorsstofninum.

### ***Hagsveiflur gengismál og jöfnunarsjóðir (Tór Einarsson)***

#### **Sögulegt yfirlit**

##### **48-52**

Samdráttur sem átti rætur sínar að rekja til verðfalls á útfluttum afurðum, en þær voru á háu verði á styrjaldarárunum og nokkru lengur. Verð á innflutningi hækkaði árin 47-48 og 51-52 vegna Kóreustyrjaldarinnar. Síldin brágst árið 1948.

##### **57**

Olíuverð hækkaði vegna súez deilunnar og fiskafli var með tregara móti

##### **60-61**

Verðfall á sjávarafurðum. Léttur skellur

**67-68**

Snarpur skellur. Stórkostlegur aflabrestur (síldin hvarf) og verðfall á sjávarafurðum. Í kjölfar sigldi eitt mesta atvinnuleysi frá stríðslokum

**74-75**

Olía snarhækkaði í verði. Kaupgeta þeirra ríkja sem flytja inn olíu skrapp saman en Ísland og helstu viðskiptalönd voru í þeirra hópi. Útflutningsvörur féllu í verði þannig að viðskiptakjörin rýmuðu enn freka.

**79**

Olía hækkar í verði og lægð gengur yfir heimsbúskapinn. Sjávarafli jókst þó 79-80 og dró úr samdrættinum.

**82-83**

Stórækur aflabrestur

**Helstu orsakir hagsveiflna á Íslandi**

Á vörumarkaðinum eru tvær tegundir, innlend vara og innflutt. Þær eiga í samkeppni hvor við aðra

Verð innfluttu vörunnar er gefið (ytri stærð) en verð þeirrar innlendu ræðst af framboði og eftirspurn (þ.m.t. útflutningi) og er eitt og hið sama til allra kaupenda.

Til framleiðslu innlendu vörunnar þarf fjóra þætti: fjármagn, vinnu, orku(olíu) og sjávarfang. Fjármagn og sjávarfang eru gefnir þættir sé litið yfir skamman tíma. Gert er ráð fyrir að orkan sé öll innflutt frá þriðja landi við gefnu verði.

Verðhækkun á erlendri mynt (gengislækkun) beinir kaupum heimila jafnt sem útlendinga að innlendri framleiðslu og bætir viðskiptajöfnuð að öðru jöfnu

Aukin eftirspurn á vörumarkaði (innlend og/eða erlend) beinist bæði að heimamarkaði og innflutningi.

**Framboðsbrestir**

Ef sjávarafli bregst verður minna hægt að framleiða að öðru gefnu. Verð hækkar og magn dregst saman. Hið sama gerist þegar olíuverð hækkar.

**Framboðshnykkir**

Aflahrota og lækkandi olíuverð hliðra framboðslínunni til hægri, lækka verð og auka magn.

**Eftirspurnarrykkur (demand shock)**

Þegar útlendingar draga við sig í vörukaupum flyst eftirspurnarlínan til vinstri, verð fellur og magn minkar. Viðskiptakjör rýrna og raungengi útlendu myntarinnar hækkar.

**Aukin eftirspurn**

Eftirspurnarlína flyst til hægri, verð hækkar, framleiðsla eykst, viðskiptakjör vænkat og raungengi lækkar

**Áhrif gengisstefnu á hagsveifluna:****Breytilegt raungengi**

Laun sveiflast meira en framleiðslan. Launin ná hámarki nokkru síðar en framleiðslan (1/2 ári).

**Fast raungengi**

Verðbólga hallast á sveif með árferðinu, er mest í góðæri en minnst í misæri. Breytingar verðlags og peningaframboðs haldast í hendur. Sveiflur magnast í framleiðslu, atvinnu, peningaframboði og viðskiptajöfnuði.

**Fast raungengi og jöfnunarsjóður**

Jöfnunarsjóðurinn er myndaður með því að hið opinbera dregur úr útgjöldum þegar byrlega blæs og eykur þegar andstreymt er. Sveiflur mildast nokkuð. Verðbólga og breytingar á peningaframboði og raunlaunum eru þolanleg.

**Tregbreytilegt raungengi**

Nokkuð mið er tekið af viðskiptajöfnuði hverju sinni. Sveiflur minnka nokkuð í verðbólgunni og verulega í launum. Helsti ókostur virðist fólgin í óstöðugari framleiðslu en við breytilegt raungengi.

Of sveigjanlegt raungengi er ávísun á rykkjótta gang launa og verðbólgu, en reynsla liðinna áratuga ber vitni um það. Fast raungengi eitt og sér er talið breta litlu. Jöfnunarsjóður myndi eflaust bæta úr skák og einnig mætti beita tregbreytilegu raungengi.

## 12. Hagstjórn

***Hagstjórn í íslensku hagsveiflunni*****Áhrif erlendra hagsveiflu**

Eftirspurn í umheiminum eykst og minnkar á víxl. Þetta eru breytingar umfram svonefnt grunndæmi sem er áætluð þróun þjóðhagsstærða án truflana. Bornar eru saman eftirfarandi leiðir til að jafna sveiflur í neyslu, atvinnu kaupmætti og verðlagi: Breytilegt raungengi sem jafnar viðskipti við önnur lönd

Fast raungengi með jöfnunarsjóði

Tregbreytilegt gengi, þ.e. tiltekin frávik á viðskiptajöfnuði leyft

Fast nafngengi

Tregbreytilegt raungengi með föstum vexti peningamagns, þ.e. áhrifum viðskiptajafnaðar á peningaframboð er eytt að fullu með kaupum og sölu á verðbréfum.

Sem mælikvarða á sveiflur er stuðst við staðalfrávik frá grunndæmi. Niðurstöður eru þær að (a) kemur verst út, þó mun atvinna breytast lítið. Svipaðar sveiflur í atvinnustigi eru í e en örlítið meiri í (b) (c) og (d).

**Aflabrestur**

Tökum sem dæmi 13-15% aflabrest. Kostur e jafnar sveiflur í neyslu og kaupmætti mun betur en kostur er. Nokkru meiri sveiflur verða í kosti (e) sem vænta mátti

**Þjóðarsátt og peningar (Guðmundur Magnússon)****Hlutverk peninga****Greiðslumiðill**

Peningar eru almennt viðurkennt form eða miðill viðskipta

**Verðmælir****Verðmætageymsla****Grunnfé M0**

Samanstendur af **seðlum og mynt í umferð og sjóði og innistæðum innlánastofnana í Seðlabanka.**

**Peningamagn M1**

Samanstendur af **Seðlum og mynt í umferð og veltuinnlánum innlánastofnana og geymslufé.** Þ.e.  $M1 = M0 - \text{sjóður og innistæður í Seðlabanka} + \text{veltuinnlán og geymslufé}$ . Velta á innlánareikningum er gríðarlega mikil sem bendir til notkunar þessarar tegundar innlána sem greiðslumiðils en ekki sem sparnaðarforms.

**Peningamagn og almennt sparifé M2**

Samanstendur af **Peningamagni og almennu sparifé** (öll spariinnlán innlánastofnana sem ekki teljast bundin).

**Peningamagn og sparifé M3**

Samanstendur af M2 og bundnum innlánum (bundnum spariinnlánum innlánastofnana).

**Peningamagn og sparifé ásamt verðbréfaútgáfu M4**

$M4 = M3 + \text{verðbréfaútgáfa innlánastofnana}$ . Til verðbréfaútgáfu teljast bankabréf og bankavíxlar.

Réttur mælikvarði á greiðslugetu þjóðfélagsins er annaðhvort eingöngu M1 eða vegin stærð mismunandi innlána, þar sem innlánin eru vegin eftir notkun þeirra til annars vegar viðskipta og hins vegar sparnaðar

**Divisa aðferð**

Þessi aðferð byggir á því að finna mismun ávöxtunar innlánsforms og markaðsávöxtunar og vega þannig saman ólík form í eina stærð.

**Veltuvog**

Þessi aðferð byggir á því að mismunandi innlánsform eru vegin eftir veltu. Margir telja þetta mun eðlilegri aðferð sökum þess að velta mælir raunverulega notkun fjárins.

### Þróun peningastærða

Athyglisvert er að grunnfé hefur lengst af verið meira en peningamagn en það skýrist af hinni miklu innlánsbindingu innlánastofnana í Seðlabanka sem verið hefur lengst af hér á landi. Annað eftirtektarvert er að í maí 1990 minnkar grunnfé verulega en peningamagn eykst á sama tíma. Þetta skýrist af umtalsverðri lækkun á innlánsbindingu.

### Eftirspurn eftir peningum

Jafna peningaeftirspurnar (M3) lýsir peningaeftirspurn í breiðri skilgreiningu, þ.e. peningaeftirspurn og að hluta spurn eftir sparnaði. Venjulega er peningaeftirspurn fall af tekjum og vöxtum (og verðlagi). Margir hafa bætt ýmsum staðkvæmdarþáttum við eftirspurnina, s.s. verðbréfum, kítarkortum o.fl.

### Tekjuteygni

Ef tekjur breytast um 5% þá breytist peningaeftirspurn um 3.25 prósent. Ef vextir lækka um 5% þá eykst peningaeftirspurn um 1.3%

### Vaxtateygni

Líkanið lýsir hárrí tekjuteygni en tiltölulega lítilli vaxtateygni enda eru peningar fyrst og fremst notaðir til viðskipta en ekki til geymslu.

### Staðkvæmdarteygni

Erfitt er að meta staðkvæmdarteygni gagnvart ýmsum öðrum tegundum eigna á Íslandi vegna þess stutta tíma sem fjármagnsmarkaður hefur verið í mótun. Af þeim stærðum sem prófaðar voru fannst ekki fylgni nema við almenna spariféð. Bankabréf, bundið sparifé, kítarkort og almennt sparifé voru prófuð.

### Framboð peninga

Peningaframboð hefur ráðist af ýmsum skilyrðum í þjóðfélaginu og oftast en ekki hefur það verið afleiðing annarra þátta. Peningaframboði hefur á vissan hátt verið stýrt með innlánsbindingu en barst þó eftir öðrum leiðum út í þjóðfélagið aftur og varð bindingin þannig óvirkt stýritæki. Þetta hefur nú breyst. Það sem helst hefur verið talið ráða peningaframboði hér á landi er greiðslustaða ríkissjóðs (yfirdráttur), útlánaaukning innlánsstofnana og viðskiptahalli.

### Áhrif peningamagns á eftirspurn og verðlag

Aukin sparnaður hefur önnur áhrif á eftirspurn en aukin peningaeign. Það sem gerir greiningu áhrifa peningamagns á verðlag erfiðara fyrir síðustu ár á Íslandi eru: 1) Lækkun innlánsbindingar og aukning lausafjárkvaðar sem veldur flutningi á fjármagni milli skilgreininga, 2) Lækkun á vaxtamun milli veltireikninga og almennra sparissjóðsbóka.

### Þjóðarsátt

Þjóðarsátt gefur von um breytt vinnubrögð aðila vinnumarkaðs og ríkisvald um aga í stað undanlátssemi. Er þá einkum átt við tíðar gengisfellingar, viðvarandi viðskiptahalla og milar lántökur ríkissjóðs. Gengistefnan hefur löngum magnað sveiflur í stað þess að draga úr þeim. Ástæða fyrir háu atvinnustigi hefur einkum verið sveigjanleiki raunlauna og kaupmáttar. Stjórn gengis- og peningamála og ríkisfjármála hefur bein og óbein áhrif á launasamninga. Forsenda árangursríkari hagstjórnar í verðlagsmálum er að launasamningar eyðileggi ekki hagstjórnina og öfugt.

### Markmið hagstjórnar og leiðir

Gefum okkur að markmið þjóðfélagsins sé lítil verðbólga og lítill viðskiptahalli. Til þess að ná fram markmiðum er beitt peningamálum (vöxtum) og ríkisfjármálum. Gengisskráningin er hvoru tveggja. Þannig höfum við 3 markmið og 3 stýritæki. Genginu yrði stýr til að hafa áhrif á verðlag, vöxtunum á gengi og ríkisfjármálum á viðskiptajöfnuð. Tvö mikilvæg atriði ráða úrslitum um árangur hagstjórnarinnar:

#### Viðbrögð vinnumarkaðsins

Oft hefur gengið illa að geta sér rétt til um forsedur viðbragða vinnumarkaðsins. Annars vegar er reiknað með því að aukin eftirspurn eftir vinnuafli (vegna meiri sölu á vöru) ýti undir launakröfur, sérstaklega við hátt atvinnustig. Hinsvegar má búast við að meiri kröfur verði gerðar um launahækkanir ef framfærslukostnaður eykst. Hið fyrra er nefnt **Eftirspurnartog** og hið síðara **kostnaðarþrýsingur**.

#### Væntingar

Hvorki aðilar vinnumarkaðsins né ríkisvaldið vita um viðbrögð annarra þáttakenda í leiknum. Stjórnvöld þurfa því að beita hagstjórnaraðferðum sem hafa þekkt áhrif á væntingar almennings. Hér er einkum átt við trúverðugleika gengisskráningar og almennt samræmi milli markmiða og leiða.

#### Trúverðugt fastgengi

Trúverðugt jafnvægisgengi er það gengi sem er skráð þegar enginn aðili á markaðnum telur sé haf í að breyta ákvörðunum sínum m.t.t. eignarsamsetningu í mismunandi myntum og tímasetningu greiðslna. Til þess að fast gengi sé trúverðugt þurfa peningamál of ríkisfjármál að vera rekin í samræmi við það. Stýrt fastgengi hefur lengstum verið fjarri því að vera trúverðugt nema um skamma hríð. og væntingar ákvarðenda í hagkerfinu um neyslu og fjárfestingar

#### Gengisstefna, fjármagnshreyfingar og vextir

Raunvextir hér eru svipaður og hjá öðrum þjóðum sem búa við talsverðan ríkishalla. Það verður þó ávallt einhver vaxtamunur til staðar milli Íslands og útlanda og þótt svigrúm til vaxtastjórnunar hafi þrengst er það enn fyrir hendi. Þessi vaxtamunur minnkar þó með auknum trúverðugleika fatgengisstefnunar.

### Leiðir til að auka trúverðugleika

Allar eftirfarandi leiðir eiga það sameiginlegt að stjórn peningamála og gengismála eru tekin úr höndum stjórnmalamanna. Engnir hafa tryst sér til að fara fyrstu tvær leiðirnar en að 3-4 er stefnt að í reynt í EB og EFTA:

**Stjórnarskrá**

Sett verið ákvæði í stjórnarskrá sem banni halla á ríkisrekstrinum. Peningamagn breytist til samræmis við hagvöxt og verður seðlabanki þá óþarfur (friedman)

**Frelsi til seðlaútgáfu**

Seðlabani verði lagður niður og útgáfa peninga gefin frjáls (Hayek)

**Sjálfstæði seðlabanka**

Sjálfstæði trggt, markmið hans skýr og stjórnþæki virk

**Sjálfstæði seðlabanka + aukið utanríkissamstarf um gengisskráningu****Ein mynt og einn banki og ein mynt á sama myntsvæði****Veikleikar í stjórn peningamála**

Miklar breytingar hafa átt sér stað með tilkomu vaxtafrelsis og fjármagnsmarkaðar. Margir gallar eru enn á peningamálastjórn, einkum: ósjálfstæði Seðlabanka. Þeir helstu eru:

**Ósamrýmanleg markmið seðlabanka****Aðgangur ríkissjóðs að lánum í seðlabankanum.****Tveir aðilar stjórna vöxtum**

Seðlabankinn og fjármálaráðuneyti hafa afskipti af stjórn peningamála og vaxtastigi með ákvörðun vaxta af SPRÍK.

**Beiting stjórnþækja seðlabankans**

Bankinn hefur áhvir á vaxtamyndun með ýmsum hætti. Hann hefur ekki beitt heimild þeirri sem hann hefur í lögum til útgáfu eigin verðbréfa.

**Hagstjórn og bankar**

Reglur um bindiskyldu og laust fé eru stífari hér en erlendis og veldur hærri vaxtamun en ella.

**Verðtrygging og vaxtastig**

Misræmi er á milli þeirra skilyrða sem útlán annarsvegar og innlán hins vegar þurfa að uppfylla til að leyfilegt sé að verðtryggja þau. Þannig myndast verðtryggingarhalli bankanna þar sem verðtryggðar skuldir eru meiri en eignir. Eðlilegt væri að freli ríkti í verðtryggingarmálum.

**Ódysseifur við mastrið (Guðmundur Magnússon)****Flóttamannaleiðin**

Yfirlýsing ríkissjórnarinnar um gengismál er ekki nægilega einbeitt og traustvekjandi.

**Er gengið rétt skráð**

Í vissum skilningi hefur gengi íslensku krónunnar verið of hátt skráð í áratugi þar sem viðvarandi halli hefur verið á viðskiptum við útlönd. Ríkisstjórnin verður annaðhvort að leiðrétta fyrir þessu í gengisskráningunni eða draga saman seglin í útgjöldum hins opinbera og einkaaðila.

**Trúverðugleiki gengisstefnu**

Margir helstu fræðimenn hafa lagt áherslu á að trúverðugleiki sé mjög mikilvægur í gengimálum og forsenda fyrir stöðugu gengi og verðlagi.

**Gengisskráning og hlunnindagjald**

Tilgangur hlunnindagjalds í sjávarútvegi er að auka hagkvæmni fiskveiða, vernda fiskistofna, jafna aðstöðumun gagnvart öðrum atvinnugreinum, taka gjald fyrir auðlindina og afla ríkissjóði tekna með skatti sem er ákjósanlegri en aðrir skattar.

**Kvótar og völd stjórnmalamanna**

Binda krónuna þannig að erfitt verður að fella gengið án þess að bíða álitshnekki

Fela Seðlabankanum alfarið stjórn peningamála

Banna ríkissjóði að taka rekstrarlán í Seðlabanka eða í útlöndum.

**Aftek og yfirsjónir í hagstjórn á Íslandi (Guðm. Magnússon)****1930-1939**

Vantaði sjálfstæðari stefnu í ríkisfjármálum og gengismálum. Örva hefði mátt útflutningsstarfsemina og flýta fyrir umbótum í atvinnumálum.

**Haftabúskapur**

Haftabúskapur var fylgt miklu lengur hér á landi en í umheiminum. Þetta birnaði bæði á einstaklingsframtakinu og kjörum einstaklinga

**Viðreisnin**

Höft voru afnumin á viðreisnarárunum sem orsakaði mikla framleiðsluaukningu á árunum 1960-1966

**Síldarstofninn**

Á viðreisnarárunum var þó tekið forskot á sæluna og síldarstofninn "drepinn"..

**Stóriðja**

Virkjanir fyrir stóriðju hófust á sjöunda áratugnum. Orkufrekur iðnaður er með hagkvæmstu framleiðslukostnum landsins.

**Ólíuverðshækkanir**

Þegar olíuverðshækkanir skullu á þjóðarþúinu var tækifærið ekki notað til þess að láta þetta koma fram í minni sókn í sjávarútvegi (og minnka ofveiði). Í stað þess var olíukostnaður greiddur niður og vandanum ýtt á undan sér.

**Sóknartakmarkanir**

Takmörkun sóknar í þorsk og aðra stofna kom og seint. Frjálsan markað vantar á veiðiréttindi. Auðlindaskattur hefði e.t.v. verið lausn

**Landbúnaður**

Offramleiðsla, reglur um útflutningsbætur og bann við innflutningi. Allt hefur tafið fyrir samhæfingu framleiðslu og eftirspurnar.

**Byggðarstefna**

Mörgum markmiðum byggðarstefnu hefði verið hægt að ná fram með ódýrari hætti. Það er t.d. hæpin leið að styrkja atvinnu með því að greiða niður fjármagnskostnað.

**Góðæri**

Tækifæri hafa gefist í góðærum til að grynna á erlendum skuldum. Þessi tækifæri hafa sjaldnast verið nýtt

**Fjárlögin**

Fjárlög ríkisins er lélegur mælikvarði á opinber umsvif. Jafnmiklar skuldbindingar standa utan fjárlaga og í þeim.

**Óhagstæð gengisstefna**

Gengið hefur t.d. ekki verið hækkað í góðæri og lækkað í hallæri. Slíkt myndi draga úr þenslu og almenningur myndi njóta kjarabóta með lægra verði í stað kauphækkana í góðærum.

***Nokkur orð um hagstjórn (Þórður Friðjónsson)***

Viðskiptahalli sem orsakast af enahagsstefnu sem hefur öran hagvöxt að leiðarljósi þarf ekki að eiga sér óskynsamlegar skýringar. Þó eru takmörk fyrir því hvað unnt er að gana langt í því efni. Hagvaxtastefna sem krefst meiri fjárfestinga en unnt er að fjármagna af innlendum sparnaði takmarkast af getu efnahagstarfseminnar til að ráðast í ný verkefni án þess að umframeftirspurn myndist => mikilvægt að halda viðskiptahallanum innan viðunandi marka.

**Þróun viðskiptajafnaðar**

Hallinn hefur verið að meðaltali um 3.7% af þjóðarframleiðslu frá stríðslokum. Viðskiptahallinn er yfirleitt áberandi mestur á samdráttarárum þjóðarbúskapsins.

**Fjármögnun viðskiptahalla**

Fjármögnun viðskiptahallans hefur einkum verið með þrennskonar hætti:  
Gjaldeyrisforða Íslendinga í stríðslok

Marshallaðstoðinni

Erlendri skuldasöfnun (vegur þyngst

**Lántakendur erlendra lána**

Skiptast í þrjá flokka: opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila. Hlutdeild opinberra aðila í heildarskuldum er langmest (2/3 af erlendum skuldum). Hið opinbera á einnig stóran hlut í skuldum lánastofnanna.

### Hagstjórn á Íslandi

Hagstjórn hér á landi hefur verið með öðrum hætti en í öðrum löndum. Lítil áhersla hefur að jafnaði verið lögð á almenna eftirspurnarstjórn. Þess í stað hefur verið treyst á launastefnu til að "kæla" efnahagslífið þegar verðbólga eða viðskiptahalli hefur farið fram úr hófi. Stjórnvöld hafa fyrirfram tryggt fulla atvinnu (einstakinga og fyrirtækja) og hafa þáttakendur kjarasamninga kröfur aðila efnahagslífsins orðið meiri en samanlagður afrakstur efnahagsstarfseminnar hefur staðið undir á hverjum tíma. Ráðstöfun verðmæta umfram tekjur hefur verið fjármögnuð með lántökum erlendis.

### Erlend lántaka

Innflutningur fjármagns - skuldasöfnun - getur verið til góðs ef tekst að nýta hann til að auka hagvöxt og útflutningstekjur. Það eru þó takmörk fyrir því hve lengi er unnt að safna erlendum skuldum

### Aðhald í peningamálum (*Þorvaldur Gylfason*)

Segja má að mikil og varanleg verðbólga sé til marks um ónógt aðhald í peningamálum. Meira aðhald í peningamálum getur skapað óþægindi til skamms tíma. Hóflægri peningarentun hefði útheimt betra taumhald á útlánunum. Hærri raunvextir hefðu hækkað framkvæmdakostnað fólks og fyrirtækja. Minna gengisfall hefði rýrt afkomu útflutningsfyrirtækja.

Stefna í gengismálum 61-70 var undanhaldssöm og ríkisstjórnin brá oft á það ráð að fella gengi krónunnar. Gengisfellingunum var þó ekki fylgt eftir með meira aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum til að draga úr þensluáhrifum gengisstefnunnar.

Nú er ástæðulaust að láta undan síga í gengismálum þótt harðni á dalnum og er hyggilegast að halda fast um gengið en draga úr innflutningi með ströngu aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum.

## Prófspurningar

Fjárfesting eftir raunvöxtum en peningaeftirspurn eftir nafnvöxtum. Ályktanir um samband milli verðbólgu og vaxta í bráð og lengd

Áhrif gengisfellingar, skammtíma og langtíma t.d. út frá misvægiskeningunni

Hvaða hliðarráðstafanir þurfa að fylgja gengisfellingu til þess að koma í veg fyrir verðbólgu

Áhrif aflasamdráttar á þjóðarframleiðslu og verðlag, skammtíma og langtíma

Samband milli kauplags, verðlags, verðvænda og heildarframboðs

Áhrif lágmarkslauna á atvinnuleysi

Áhrif tekjuskattslækkunar á þjóðartekjur, verðlag og vexti í bráð og lengd.

Áhrif viðskiptahamla, aukning þjóðarframleiðslu við fulla atvinnu og lækkun verðlags, hvernig?

Getur þjóð haft viðskiptahalla við útlönd ár eftir ár án þess að erlend skuldabyrði verði óbærileg á endanum

Átök um tekjuskiptingu => verðbólgu. Hagvöxtur dregur þó úr.. af hverju

Verðbólgu skattur, hagkvæm fyrir stjórnvöld, óhagkvæm fyrir almenning

Hvað er grunnfé

Vinumarkaður: Öfl sem geta komið í veg fyrir jafnvægi (fulla atvinnu)

Undir hvaða kringumstæðum er heildarframboðskúrfan lóðrétt í opnu hagkerfi (hlutverk verðvænda)

Hvenær er Phillipskúrfan lóðrétt og hvert er samband milli hennar og heildarframboðskúrfunnar.

Aukning peningaeftirspurnar á vexti, verðlag og kauplag við föstu gengi

Þýðingu trúverðugleika, m.t.t. stöðugar stefnu í gengisskráningu.

Viðskiptakjaraáhrif, jafna

Lánsfjárförf hins opinbera, vergur þensluhalli og hreinn þensluhalli

**Misvægiskenningin:** samband launa, vinnuafkasta og atvinnuleysis

**Kvaðratformúla Baumols og Tobin:** Tekjuteygni peningaeftirspurnar

Kenning **Duesenberry**

**Hagvaxtarkenning Solows:** Aukinn sparnaður sem hlutfall af þjóðarframl. eykur hagvöxt í bráð en ekki í lengd

**Kenningar um innri hagvöxt:** Aukinn sparnaður getur haft varanleg áhrif á hagvöxt

**Nýklassískar kenningar:** áhrif viðskiptafrelsis

### **Sögulegt**

Kreppan mikla

Olíuskellirnir 1973-1974 og 1979-1981

Hlutfall landbúnaðar og sjávarútvegs í mannafla á Íslandi

Veltuhraði peningaframboðs

Greiðslubyrði af erlendum skuldum Íslendinga